


**PÁLL KRISTJÁNSSON**

*Gefur uppskrift að silungi og lambafillet*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**HRUND ÓSK ÁRNADÓTTIR**

*Fyrirhugar flutning til Berlínar*

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. júlí 2009 — 180. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Falleg allt árið



Bæjarbraut í Garðabæ hlýtur sérstaka umhverfisviðurkenningu.

TÍMAMÓT 20

### Erfiður skilnaður



Þormóður Dagsson trommuleikari hættir í þremur þekktum hljómsveitum og snýr sér að námi.

FÓLK 28

### Nr. 2 - Landbúnaður

„Fjölskyldubýlið er rótgróið í íslenskri menningu og hvílir á mörgum mikilvægustu stoðum í sögu landsins,“ skrifar Eiríkur Bergmann.

Í DAG 18

### Jafnt hjá KR og Basel



KR-ingar gerðu 2-2 jafntefli við Basel í fyrri leik liðanna í Evrópudeild UEFA á KR-velli í gær.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**Bjartast suðvestanlands** í dag verður norðan 8-13 m/s við vesturströndina en hægari vindur annars staðar. Horfur eru á rigningu eða skúrum víða, en suðvestanlands verður að mestu bjart.

VEÐUR 4

# Slakað á gjaldeyrishömlum

**Endurskoðun efnahagsáætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins strandar á lánveitingum frá Norðurlöndunum. Sjóðurinn telur Ísland hafa uppfyllt skilyrði áætlunarinnar. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir þingmenn þurfa að vega og meta hugsanlegt tjón sem hlýst af því að afgreiða ekki Icesave-samninginn.**

**EFNAHAGSMÁL** Áætlun um afnám gjaldeyrishaftanna verður kynnt í dag. Unnið hefur verið að áætluninni í viðskiptaráðuneytinu en hún er liður í efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda. Fram til þessa hafa ekki verið taldar forsendur til að slaka á höftunum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn [AGS] staðfesti í gær seinkun á endurskoðun efnahagsáætlunarinnar. Verður hún ekki framkvæmd fyrr en undir lok ágúst eða í byrjun september. Framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fer í tveggja vikna sumarleyfi á föstudaginn í næstu viku.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu frá í gærkvöldi segir að AGS telji stjórnvöld hafa uppfyllt skilyrði endurskoðunar. Þrátt fyrir það hafi henni verið frestað. Sjóðurinn hafi staðreynt að fjármögnun áætlunarinnar með greiðslum frá utanaðkomandi aðilum, m.a. Norðurlöndunum, hafi ekki verið tryggð. Umsamin norræn lán séu mikilvægur hluti áætlunarinnar og verði aðgengi að þeim að vera að fullu tryggt áður en framkvæmdastjórnin telji sig geta gengið frá endurskoðuninni.

Meðal þess sem kveðið er á um að eigi að vera lokið og stjórnvöld hafa framkvæmt er samþykkt áætlunar um ríkisfjármál til næstu ára, samningar um endurfjármögnun bankakerfisins og við skilanefndir bankanna og undirritun lánssamninga við Norðurlönd og samninga um Icesave.

Norðurlöndin hafa ekki viljað reiða fram umsamin lán. Heimildir herma að ástæða þess sé að Icesave-samkomulagið bíði enn afgreiðslu Alþingis.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir ákvörðun AGS mjög bagalega. Lán frá sjóðnum og Norðurlöndunum verði að berast. Hann segir augljóst að ljúka verði Icesave-málinu sem fyrst; þingmenn verði að meta líkurnar á að betri samningar náist við Breta og Hollendinga en þeir sem liggja fyrir.

„Menn verða að setja sig í spor þeirra [Breta og Hollendinga] og spyrja hvort þeir séu líklegir til að gera annan og betri samning við okkur. Hvaða ástæðu ættu þeir að hafa til þess? Menn þurfa að meta líkurnar á að við getum fengið betri samning og miða þær við það tjón sem hugsanlega hlýst af því að afgreiða ekki málið.“ - bþs



**KALDIR GAURAR** Það var heitt á suðvesturhorni landsins í gær, svo heitt að þessir strákar úr Keflavík og Garðinum brugðu á það ráð að kæla sig aðeins í sjónum. Þeir gerðu sér lítið fyrir og stukku af hafnarbakkanum í Keflavíkurhöfn út í sjó. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hulda Lind Kristinsdóttir:

## Fegurðardís keppir í Kína

**FÓLK** Hulda Lind Kristinsdóttir er á leið til Kína þar sem hún mun taka þátt í fegurðarsamkeppninni Miss Tourism Queen International. Hulda fann keppnina sjálf á netinu, sótti um og fékk inni. Hún fer út á eigin vegum en verður að sjálfsögðu fulltrúi Íslands.



**HULDA LIND KRISTINSDÓTTIR**

„Þetta er bara fegurðarsamkeppni og sú sem vinnur fær peninga og fullt af verðlaunum,“ segir Hulda um keppnina.

Eins og nú er til siðs fer netkosning fram um vinsælustu stúlku keppninnar. Sigurvegari hennar kemst beint í undanúrslit aðalkeppninnar. Í gær var Hulda í fjórða sæti netkosningarinnar, aðeins 80 atkvæðum á eftir belgísku stúlkunni. Kosningin fer fram á www.misstqi.com.

- kbs / sjá síðu 26

Viðbótarlífeyrissparnaður safnar engum raunvöxtum samkvæmt nýrri skýrslu:

# Ávöxtun viðbótarlífeyris við núllið

**VIÐSKIPTI** Raunávöxtun viðbótarlífeyris hefur verið um núll prósent undanfarin ár. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Fortuna sem mat árangur viðbótarlífeyrissjóða.

„Ávöxtun margra sjóða sem tugþúsundir Íslendinga greiða mánaðarlega í hefur í mörgum tilfellum verið afleit síðustu tíu ár,“ segir Hallgrímur Óskarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Ávöxtunin er eilítið betri ef litið er til tímabilsins fyrir hrun en Hallgrímur segir að raunávöxtunin sé þó hófsöm og ekki mæld í tugum prósenta eins og margir kunni að halda.

Hallgrímur segir skynsamlegra að leggja fé sitt inn á áhættuminnstu lífeyrissjóðina, því þeir gefi alltaf til lengri tíma litið langbestu ávöxtunina, ekki bara á krepputímum.

- bþa / sjá síðu 11










**SPURNING DAGSINS**



*Bryndís, tók flugvélin nokkrar dýfur á leiðinni?*

„Nei, þetta var bara ein vél með dívu“.

Bryndís Ásmundsdóttir söngdíva þurfti að taka einkaflugvél á Landsmót UMFÍ á Akureyri og tók nokkur lög með Siggu Beinteins og Stjórninni.




**JOHN CHILCOT** Formaður rannsóknarnefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðdragandi Íraksstríðsins:

## Blair kallaður til yfirheyrslu

**BRETLAND, AP** Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, verður kallaður fyrir rannsóknarnefnd sem skoðar aðdraganda þess að Bretar ákváðu ásamt Bandaríkjamönnum að gera árás á Írak vorið 2003.

Gordon Brown, arftaki Blairs á forsætisráðherrastól, tók ákvörðun um að fela nefndinni rannsókn málsins, þar á meðal hvernig upplýsingar leyniþjónustu voru notaðar til réttlætingar innrásar.

„Ef við komumst að því að mistök hafi verið gerð,“ segir John Chilcot, formaður rannsóknarnefndarinnar, „þá munum við segja það hreint út.“ - gb



**FRAMKVÆMDASTJÓRI KVEÐUR** Jaap de Hoop Scheffer og eiginkona hans lúta höfði í kveðjuathöfn í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framkvæmdastjóri NATO:

## Jaap de Hoop Scheffer kveður

**BELGÍA, AP Á mánudaginn tekur Anders Fogh Rasmussen, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, við af Jaap de Hoop Scheffer sem framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, NATO.**

**Eitt stærsta verkefni bandalagsins er hernaðurinn í Afganistan, en auk þess fær Fogh Rasmussen nóg að glíma við í sambandi við væntanlega fjölgun aðildarríkja, erfið samskipti við Rússland og baráttu gegn sjóræningjum frá Sómalíu.**

**De Hoop Scheffer hafði gegnt embættinu í fimm og hálft ár, en það er hálfu öðru ári lengra en venjan er.** - gb

**SPÁNN**

### Mannskæð sprenging

Tveir lögreglumenn létust þegar bílsprengja sprakk fyrir utan lögreglustöð á ferðamannastaðnum Palmanova á Mallorka í gær. ETA, aðskilnaðarhreyfing Baska, hefur verið sökuð um verknaðinn. Önnur sprengja fannst skammt frá lögreglustöðinni en henni var eytt.

Aðeins sautján prósent aðspurðra í könnun Fréttablaðsins óttast svínaflensuna:

# Óttast ekki flensufaraldurinn

**KÖNNUN** Tæplega þrír fjórðu hluttar þeirra sem tóku þátt í skoðanakönnun Fréttablaðsins sem gerð var á þriðjudag sögðust lítið óttast svínaflensuna sem nú herjar á landsmenn.

Aðeins um sautján prósent aðspurðra sagðist óttast flensuna mjög eða frekar mikið, en tíu prósent voru á báðum áttum.

Konur virðast frekar óttast flensufaraldur en karlar. Af þeim konum sem tóku afstöðu sögðust rúmlega 21 prósent óttast flensuna, en tæplega 13 prósent karla.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins virðast rólegir yfir svínaflensunni, um 14 prósent sögðust óttast flensuna en 75 prósent óttast hana ekki. Um 21 prósent íbúa landsbyggðarinnar óttast flensuna, en 70 prósent óttast hana alls ekki.




Eðli málsins samkvæmt var lítill munur á svörum fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það sagðist styðja. Eina frávikið var að stuðningsmenn Framsóknarflokksins virtust frekar óttast flensuna en stuðningsmenn annarra flokka, en það gæti tengst rótum flokksins á landsbyggðinni.

Hringt var í 800 manns þriðjudaginn 28. júlí. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Óttast þú svínaflensuna? Alls tóku 99,5 prósent aðspurðra afstöðu til spurningarinnar. - bj

# Yfirstjórn skorin til að vernda löggæslu

**Unnið er að því að sameina lögregluembættin í eitt. Dómsmálaráðherra segir þetta gert til að mæta niðurskurðarkröfum. Almenn löggæsla haldist eins og kostur er. „Við yfirmennirnir erum alls ekki ómissandi,“ segir Stefán Eiríksson.**

**LÖGREGLUMÁL** Unnið er að tillögum um að sameina lögregluembættin í landinu í eitt lögreglulið. Þetta kom fram í máli dómsmálaráðherra á fundi með lögreglustjórum landsins en hugmyndin er afrakstur starfshóps sem ráðherrann skipaði. Tillögurnar eru enn á hugmyndastigi.

„Þetta er gert til þess að mæta niðurskurðarkröfum,“ segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra. „Um 80 prósent af útgjöldum til lögreglu er launakostnaður og það segir sig sjálft að það þarf að huga að skipulagsbreytingum. Við gerum það með því að minnka yfirbygginguna og verndum á sama tíma almenna löggæslu eins og kostur er.“

Mikið hefur verið rætt um niðurskurð hjá lögreglunni undanfarið en gert er ráð fyrir að skera þurfi niður um 57,1 milljón á næsta ári. Ragna segir ekki liggja fyrir hversu mikið þessar aðgerðir spari en búið er að fela starfshópnum að vinna frekar að málinu.

Lögreglustjórar eru 17 sem stendur. Tillagan gerir ráð fyrir að lögregluumdæmi verði stækkuð, verði sex til átta og starfi undir forystu umdæmisstjóra. Umdæmisstjórar myndu lúta yfirstjórn eins lögreglustjóra á landsvísu.

„Ég held að þetta sé eina leiðin til þess að ná þeirri hagræðingu sem þarf,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. „Ella hefðum við þurft að fara í flatan niðurskurð sem hefði skilað minni þjónustu,“ segir Stefán.

Hann segir skipulagsbreytingar sem þessar jafnvel geta skilað öflugra lögregluliði. „Með þessum hugmyndum er passað upp á það sem skiptir máli í löggæslunni. Við yfirmennirnir erum alls ekki ómissandi,“ segir Stefán.



**LÖGREGLAN** Skera þarf niður um 57,1 milljón hjá lögreglunni á næsta ári. Minnka á yfirbyggingu lögreglu með sameiningu embætta til þess að standa vörð um almenna löggæslu, að sögn dómsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**RAGNA ÁRNADÓTTIR**



**STEFÁN EIRÍKSSON**

Ragna Árnadóttir gerir ráð fyrir því að starfshópurinn skili greinargerð eða drögum að frumvarpi í september.

Arinbjörn Snorrason, formaður félags lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu, segir að tillögur starfshópsins hljómi alls ekki illa og að þær séu góðra gjalda verðar þótt eftir eigi að vinna þær betur.

Félagið hélt fjölmennan félagsfund í gær sem dómsmálaráðherra sótti. Þar var biðlað til ráðherrans að beita sér fyrir því að fyrirhugaðar breytingar á skipulagi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu næðu ekki fram að ganga.

Til stendur að færa nýjum hverfalögreglustöðvum aukið sjálfstæði. Lögreglumenn eru óánægðir með þessa breytingu og segja hana auka yfirbygginguna. Ljóst sé að sameining embættanna í borginni á sínum tíma hafi misheppnast, úr því að nú eigi í raun að hverfa til baka til fyrra skipulags.

vidir@frettabladid.is
stigur@frettabladid.is

Ferðalangar geta hvergi verið óhultir fyrir úrkomu um verslunarmannahelgina:

# Einhver væta víðast hvar um helgina

**VEÐUR** Búast má við einhverri vætu víðast hvar á landinu um helgina, samkvæmt spá Veðurstofu Íslands. Á Vestfjörðum og norðan- og austanlands verður rigning eða skúrir mestalla helgina. Einnig verður vætusamt sunnanlands.

Vestanlands er búist við skúrum á laugardag, en annars verður þar mismikið skýjað. Þá verður töluvert vætusamt inn til landsins.

Fjöldi fólks leggur leið sína til Vestmannaeyja um helgina eins og jafnan um verslunarmannahelgar. Þar er veður nú með ágætum, en líklega gengur á með skúrum frá sunnudegi.

Hitinn á landinu verður á bilinu fimm til fimmtán stig að degi til, hlýjast sunnanlands en kaldast á Vestfjörðum. Vindur verður á bilinu tveir til fjórtán metrar á sekúndu, hvassast norðvestanlands og inn til landsins á mánudag. - sh



**FERÐALANGAR** Búast má við mikilli umferð úr bænum í dag enda verslunarmannahelgin að ganga í garð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Varðhaldsúrskurðir staðfestir:

## Þrír sitja áfram í einangrun

**LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurði yfir tveimur mönnum af fjórum sem grunaðir eru um að svíkja tugi milljóna út úr tveimur hlutafélögum og Íbúðalánasjóði.**

**Annar mannanna hefur setið í varðhaldi í rúma viku og hinn var handtekinn í vikunni við komuna til landsins frá Malaga á Spáni. Sá sem handtekinn var með honum kærði ekki gæsluvarðhaldsúrskurð. Þá var gæsluvarðhald yfir einum til viðbótar framlengt um viku í gær. Allir mennirnir sitja í einangrun. Féð svikna er ófundið.** - sh



**SUMARSÆLA** Þessir piltar voru léttklæddir í blíðunni í Herjólfsdal í gær. Búast má við skúrum á sunnudag og mánudag. MYND / ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Fólk streymir í Herjólfsdal:

## Útlit fyrir metaðsókn til Eyja

**SKEMMTUN** Búist er við því að allt að tólf þúsund manns sæki Vestmannaeyjar heim um helgina og skemmti sér þar á Þjóðhátíð. „Það stefnir í metaðsókn,“ segir Birgir. Aldrei hafi fleiri keypt sér miða á hátíðina fyrir fram.

Fólk er þegar tekið að streyma í Herjólfsdalinn og að sögn Birgis Guðjónssonar, formanns Þjóðhátíðarnefndar, var síst vanþörf á að auka við rýmið á tjaldstæðum þetta árið, miðað við hversu margir eru þegar búnir að koma sér fyrir.

Birgir segir veðrið í Eyjum hafa verið frábært enn sem komið er, og í gær hafi fólk legið í brekkunni og sleikt sólina eins og á sólarströnd væri. - sh

Lögreglan í höfuðborginni:

## Viðamikið eftirlit um helgina

**LÖGREGLUMÁL Lögregla verður með viðamikið eftirlit í öllum hverfum á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Þá verður einnig aukið eftirlit með umferð til og frá höfuðborgarsvæðinu.**

**Í tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er fólk hvatt til þess að ganga tryggilega frá heimilum sínum ef það er á leið út úr bænum. Fólk er einnig hvatt til að láta vita um grunsamlegar mannaferðir. Lögregla mun fylgjast grannt með íbúðarhúsnæði og notast við bæði merkta og ómerkta bíla til þess.** - þeb

Samorka um arð af sölu:

## Verði vísitandi haldið lágu

**ORKUMÁL** Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri Samorku, segir að lægri arðsemi orkufyrirtækja hér á landi en í Evrópu og Bretlandi, sem bent var á í nýlegri skýrslu, megi skýra með þeirri stefnu hér að orkuverði sé haldið lágu.

„Arðsemi er ekki í hávegum höfð við orkusölu,“ segir Eiríkur, og vísar þar almennt til markaðarins. Það sé pólitísk ákvörðun að breyta því. Hvað stóriðjuna varðar segist hann ekki geta sagt hvort verðið sé of lágt. Samorka, sem eru samtök orku- og veitufyrirtækja, mun á næstu dögum rýna í skýrsluna og svara ýmsum þáttum hennar. - kóp

# FRJÁLS VERSLUN
# TEKJUBLAÐIÐ




**Dreifing hefst fyrir hádegi í dag, föstudag.**
**Verður komið í verslanir um land allt á laugardagsmorgun.**

Aðeins selt í 12 daga skv. ákvörðun Tölvunefndar.

FRJÁLS VERSLUN | www.heimur.is | Áskriftarsíminn er **512 7575** | heimur

## GENGIÐ 30.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,98 | 129,6 |
| Sterlingspund | 212,7 | 213,74 |
| Evra | 181,44 | 182,46 |
| Dönsk króna | 24,367 | 24,509 |
| Norsk króna | 20,7 | 20,822 |
| Sænsk króna | 17,335 | 17,437 |
| Japanskt jen | 1,3555 | 1,3635 |
| SDR | 199,98 | 201,18 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
236,2229

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ísland er ekki á Evrópukorti evrunnar þrátt fyrir að löndum hafi verið bætt inn:

# Lönd á kortið við inngöngu

**EFNAHAGSMÁL** Íslandi verður bætt við á kort sem er á einnar og tveggja evru mynt Evrópusambandsins ef landið gengur í sambandið. Þetta kemur fram í svari framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Ísland er ekki á Evrópukorti á framhlið peninganna hvort sem um er að ræða upphaflega útgáfu frá 1999 eða uppfærða útgáfu frá 2005.

Árið 1999 þegar myntin var fyrst gefin út vantaði fjölmörg lönd sem nú eru í sambandinu. Í svari framkvæmdarstjórnarinnar segir að ákveðið hafi verið að gefa út nýja útgáfu af evrunni árið 2005 og öllum löndum sem þá voru aðilar að sambandinu bætt við. Einnig segir í svarinu að hér eftir verði öllum löndum bætt inn á við inngöngu.

Athygli vekur að Noregi var jafnframt bætt inn á kortið árið 2005 þótt landið sé ekki aðili að sambandinu. Í svari framkvæmdastjórnarinnar við því hvers vegna Noregur var settur inn á en ekki Ísland segir, að kortið eigi ekki að vera nákvæm lýsing á landafræði Evrópu heldur sýna Evrópu á listrænan og stílrænan hátt. - bþa



**EVRÓPUKORT ÁN ÍSLANDS** Á uppfærðri útgáfu frá árinu 2005 má sjá að Noregi hefur verið bætt inn á kort sambandsins auk nýrra landa Evrópusambandsins í Austur-Evrópu.

Útilegumaður í Portúgal:

# Faldi sig í hellum í sextán ár

**PORTÚGAL, AP** **Manuel Cruz, 54 ára strokufangi, hafði í sextán ár falið sig í hellum á heimaslóðum sínum norðan til í Portúgal, þar sem hann áður var smali. Lögreglan hafði loks hendur í hári hans í gær.**

**Cruz þarf nú að afplána sjö og hálft ár, sem eftir eru af tíu ára fangelsisdómi hans.**

**Útilegumaðurinn var í furðu góðu ásigkomulagi en „leit út eins og Robinson Krúsó," sagði Carlos Gomes lögregluþjónn, sem tók þátt í handtökunni. Cruz var með hund hjá sér og byssu og brást hart við þegar lögreglan mætti en beitti þó ekki vopninu.** - gb



**HENRY LOUIS GATES** Mál prófessorsins hefur vakið mikla athygli í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama býður upp á bjór:

# Sættir prófessor og lögregluþjón

**BANDARÍKIN, AP** **Barack Obama Bandaríkjaforseti vonaðist í gær til þess að sættir tækjust með bókmenntafræðikennaranum Henry Louis Gates og lögregluþjóninum James Crowley, þegar þeir komu í heimsókn í Hvíta húsið að fá sér bjór með forsetanum.**

**Þeim Gates, sem er dökkur á hörund, og Crowley, sem er hvítur, lenti saman í síðustu viku þegar lögregluþjónninn handtók prófessorinn og bílstjóra hans á heimili prófessorsins síðla kvölds.**

**Nágranni prófessorsins hafði séð mennina tvo reyna að komast inn í húsið bakdyramegin og hringdi á lögregluna. Bandarískir fjölmiðlar hafa síðustu daga verið fullir af fréttum um meinta kynþáttafordóma lögregluþjónsins og Obama sagði hann hafa hagað sér heimskulega.** - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Letti í farbann

Lögreglan á Sauðárkróki handtók lettneskan mann fyrr í vikunni. Maðurinn er grunaður um að hafa stolið vörum að andvirði 500 þúsund krónur úr þremur fyrirtækjum í Skagafirði. Hann hefur verið úrskurðaður í farbann til 8. september.

# Þorsteinn Már borgar mest

**Hæstu opinberu gjöldin í ár nema 170 milljónum króna. Það er 280 milljónum minna en í fyrra. Banka- og athafnafólk greiðir hæstu gjöldin á höfuðborgarsvæðinu en útgerðarmenn eru áberandi á landsbyggðinni.**

**EFNAHAGSMÁL** Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja og fyrrverandi formaður bankaráðs Glitnis, greiddi hæstu skatta einstaklinga á síðasta ári; samtals tæpar 170 milljónir króna. Af þeirri fjárhæð runnu tæplega fjórar milljónir til Akureyrarbæjar í formi útsvars. Gjöld Þorsteins hafa hækkað til muna frá árinu 2007 þegar skattgreiðslur hans námu 30 milljónum.

Hæstu gjöldin árið 2007 greiddi Kristinn Gunnarsson apótekari sem það ár seldi stóran hlut sinn í Actavis. Námu gjöld hans þá 450 milljónum. Er það 280 milljónum króna meira en Þorsteinn greiðir nú.

Þorsteinn Már sagði í yfirlýsingu í gær að ástæða hárra skattgreiðslna sé færsla hlutabréfa í Samherja úr hans persónulegu eigu yfir í sérstakt félag. Tilfærslunni hafi ekki fylgt hagnaður; aðeins skattgreiðslur sem reiknuðust á ímyndaðan söluhagnað vegna áætlaðrar verðmætaaukningar hlutabréfanna yfir langt árabil.

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupþings, greiddi næsthæstu skattana, 157 milljónir.

Hreiðar Már var fimmti hæsti greiðandinn 2007 með gjöld upp á 275 milljónir. Munurinn er tæpar 120 milljónir króna.

Þriðji hæsti gjaldandinn á landinu öllu er Helga Steinunn Guðmundsdóttir, stór hluthafi í Samherja og fyrrverandi eiginkona Þorsteins Más forstjóra. Hún er búsett á Seltjarnarnesi sem heyrir til Reykjanesumdæmis. Greiddi hún 115 milljónir króna.

Aimée Einarson, sem er þriðja á listanum yfir gjaldendur í Reykjavík, er lyfjafræðingur að mennt. Hún er dóttir Birgis Einarson sem kenndur var við Vesturbæjarapótek. Hún var lengi búsett í Frakklandi.

Efstur á listanum á Austurlandi er Gianni Porta. Hann var æðstráðandi við framkvæmdir ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo á Kárahnjúkum.

Sé litið til tíu greiðenda hæstu opinberu gjaldanna í skattaumdæmunum níu má sjá að af þeim 90 eru 75 karlar og 15 konur. Konum meðal hæstgreiðenda hefur fækkað ögn frá í fyrra.

Í töflunum hér að ofan eru fimm hæstu gjaldendur í hverju umdæmi. Af fólki sem kemur í næstu sætum á eftir í Reykjavík má nefna athafnamennina Karl Wernersson og Gunnar Torfason og Elínu Sigfúsdóttur, fyrrverandi bankastjóra. Geiri á Guggunni er enn meðal hæstu gjaldenda á Vestfjörðum. Jóhannes Karl Guðjónsson, knattspyrnumaður í Burnley á Englandi, hefur lögheimili á Akranesi og greiðir því skatta á Íslandi. Hann er níundi gjaldahæsti einstaklingurinn í Vesturlandsumdæmi.

Í Reykjanesumdæmi eru Finnur Árnason, forstjóri Haga, Jakob Valgeir Flosason, kenndur við Stím og Einar Sveinsson, stjórnarformaður N1, meðal hæstu gjaldenda.

Margir á listum landsbyggðarumdæmanna tengjast sjávarútvegi með einhverjum hætti en þar eru einnig kaupfélagsstjórar, apótekarar, læknar, lögmenn og bankamenn. bjorn@frettabladid.is

| REYKJAVÍK | |
|---|---|
| Hreiðar Már Sigurðsson | 157.260.762 krónur |
| Sigurjón Þ. Árnason | 99.275.368 krónur |
| Aimée Einarson | 75.938.485 krónur |
| Ingvar Vilhjálmsson | 71.688.728 krónur |
| Ingunn Wernersdóttir | 58.615.735 krónur |

| VESTFIRÐIR | |
|---|---|
| Þór Magnússon | 21.656.816 krónur |
| Ragnar Ágúst Kristinsson | 16.633.486 krónur |
| Steinþór Bjarni Kristjánsson | 12.686.332 krónur |
| Sigurður Guðjónsson | 12.322.874 krónur |
| Þorsteinn Jóhannesson | 12.165.220 krónur |

| NORÐURLAND EYSTRA | |
|---|---|
| Þorsteinn Már Baldvinsson | 169.641.924 krónur |
| Jóhannes Jónsson | 33.243.950 krónur |
| Erna Björnsdóttir | 20.252.145 krónur |
| Sævar Helgason | 16.302.353 krónur |
| Jón Hallur Pétursson | 15.933.572 krónur |

| REYKJANES | |
|---|---|
| Helga S. Guðmundsdóttir | 115.791.243 krónur |
| Þorsteinn Hjaltested | 77.338.809 krónur |
| Magnús Jónsson | 62.458.952 krónur |
| Gunnar Hjaltalín | 50.834.014 krónur |
| Erna Gísladóttir | 49.679.415 krónur |

| AUSTURLAND | |
|---|---|
| Gianni Porta | 17.641.041 króna |
| Ingvaldur Ásgeirsson | 13.650.340 krónur |
| Gunnar Ásgeirsson | 13.311.757 krónur |
| Tómas Már Sigurðsson | 13.113.506 krónur |
| Þorsteinn Kristjánsson | 12.523.987 krónur |

| VESTMANNAEYJAR | |
|---|---|
| Elínborg Jónsdóttir | 33.729.706 krónur |
| Eyjólfur Guðjónsson | 24.038.115 krónur |
| Magnús Kristinsson | 16.134.585 krónur |
| Sævald Pálsson | 15.035.049 krónur |
| Gunnar Jónsson | 10.587.652 krónur |

| SUÐURLAND | |
|---|---|
| Friðrik Guðmundsson | 19.813.871 króna |
| Jón Sigurðsson | 17.063.327 krónur |
| Hjörleifur Brynjólfsson | 15.148.035 krónur |
| Björn Sigurðsson | 13.258.193 krónur |
| Baldur M. Geirmundsson | 12.203.405 krónur |

| NORÐURLAND VESTRA | |
|---|---|
| Þórólfur Gíslason | 20.136.059 krónur |
| Aðalheiður Guðmundsdóttir | 16.111.630 krónur |
| Sigurjón Rúnar Rafnsson | 13.289.835 krónur |
| Gunnar Sigvaldason | 9.412.804 krónur |
| Geir Karlsson | 8.044.543 krónur |

| VESTURLAND | |
|---|---|
| Jón Þór Þorgeirsson | 17.587.850 krónur |
| Ólafur S. Ottósson | 15.600.962 krónur |
| Jóhanna H. Sigurðardóttir | 14.941.876 krónur |
| Ragnheiður Jónasdóttir | 14.092.612 krónur |
| Alexander Eiríksson | 12.249.151 króna |




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** Veðurfréttamaður

**VÍÐA VÆTA** Horfur eru á vætusömum degi norðan og austanlands en suðvestan til verður að mestu bjart - þó eru horfur á síðdegisskúrum inn til landsins. Um helgina verður víða frekar hægur vindur og hlýjast í innsveitum sunnan- og vestanlands.



**Á MORGUN** Fremur hægur vindur um allt land.

**SUNNUDAGUR** Norðaustan 3-8 m/s, hvassara SA til.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Bassel | 30° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 20° |
| Eindhoven | 21° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 20° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 29° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 17° |
| París | 24° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# GRIMMAR OG ÓSANNGJARNAR TEKJUSKERÐINGAR VEGNA FJÁRMAGNSTEKNA

## Ályktun Öryrkjabandalags Íslands og Landssambands eldri borgara

Nú um mánaðarmótin munu þúsundir öryrkja og ellilífeyrisþega fá bréf frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) þar sem þeir verða krafðir um endurgreiðslu á bótum vegna fjármagnstekna. Frítekjumark vegna fjármagnstekna er einungis 97.000 kr. á ári.

Margir hafa með ráðdeild og hagsýni náð að búa sér til varasjóð til að bregðast við óvæntum aðstæðum eins og auknum kostnaði vegna tannviðgerða eða til að sinna viðhaldi húsnæðis síns og bifreiðar. Því munu endurgreiðslukröfur TR koma illa við marga og minna Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) og Landssamband eldri borgara (LEB) á að öryrkjar og ellilífeyrisþegar hafa nú þegar orðið fyrir miklum skerðingum hjá TR og lífeyrissjóðum svo ekki sé talað um þær almennu hækkanir sem allir landsmenn hafa fundið fyrir undanfarna mánuði.

ÖBÍ og LEB benda á að ekki séu samræmdar reglur vegna fjármagnstekna milli atvinnulausra, námsmanna og lífeyrisþega. Atvinnulausir mega hafa 59.000 kr. í fjármagnstekjur á mánuði áður en bætur skerðast. Fjármagnstekjur hafa ekki áhrif á lánveitingu frá LÍN.

ÖBÍ og LEB fara því fram á við félags- og tryggingamálaráðherra að skerðingar vegna fjármagnstekna verði endurskoðaðar með það að markmiði að draga úr þeim þannig að lífeyrisþegum sé ekki refsað jafn grimmilega og nú er gert fyrir að eiga varasjóði inni á bankabókum.

ÖBÍ

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 09-1338

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú komið á nektarnýlendu?*

| | |
|---|---|
| Já | 22% |
| Nei | 78% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú verið handtekin(n)?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Sérstakt átak umhverfisráðuneytisins á Snæfellsnesi og í Eyjafirði:

# Gengur vel að fækka minkum

**UMHVERFISMÁL** Tekist hefur að fækka minkum í Eyjafirði talsvert í sérstöku veiðiátaki á vegum umhverfisráðuneytisins. Einnig hefur mink fækkað á Snæfellsnesi, en þar hefur einnig verið sérstakt átak í gangi.

Veiðiátakið er tilraunaverkefni sem hefur staðið yfir frá árinu 2007. Markmiðið er að auka veiðiálag á minkastofninn á svæðunum og meta hvort fýsilegt teljist að útrýma mink á landinu. Það er Umhverfisstofnun sem sér um átakið.

Við upphaf verkefnisins í mars 2007 var veður mjög hagstætt. Þá hófust gildruveiðar og hundaveiðar á báðum stöðum. Alls veiddust 353 minkar það árið, 202 í Eyjafirði og 153 á Snæfellsnesi. Við veiðibyrjun 2008 var veðrið óhagstætt til gildruveiða en þó veiddust 192 minkar það árið, þar af 56 í Eyjafirði og 136 á Snæfellsnesi. Það sem af er þessu ári hafa 39 minkar veiðst, 30 á Snæfellsnesi og 9 í Eyjafirði. Færri minkar hafa því veiðst og þykir sú þróun benda til þess að átakið sé að skila árangri, en Snæfellsnes sé ári á eftir Eyjafirði í þróuninni. **- þeb**



**MINKUR** Tilraunaverkefnið gengur út á það að kanna hvort fýsilegt sé að útrýma mink á landinu.

Tjónaskýrsla Sjóvár:

# Innbrotum í bíla fjölgar

**TRYGGINGAMÁL** Innbrot í bíla hafa nærri tvöfaldast milli ára, samkvæmt tjónaskýrslum Sjóvár. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Forvarnahúsinu.

Í tilkynningunni kemur fram að allt árið 2008 hafi Sjóvá verið tilkynnt um 119 innbrot, með tjón að verðmæti 9.421.388 króna. Það sem af er árinu hafi verið tilkynnt um 111 innbrot og tjón að verðmæti 9.435.695 krónur.

Forvarnahúsið bendir sérstaklega á að fara varlega þegar lagt er á bílastæði við Esjuna og fleiri útivistarsvæði. Þar geymi fólk gjarnan verðmæti sín í bílnum til að hafa sem minnst á sér. **- kg**



**HEIÐRAÐUR** Vygaudas Usackas, utanríkisráðherra Litháens, sæmdi Jón Baldvin árþúsundsorðu landsins fyrir stuðning við sjálfstæðisyfirlýsingu Litháens árið 1991.

Utanríkisráðherra Litháens:

# Sæmdi Jón Baldvin orðu

**UTANRÍKISMÁL Vygauda Usackas, utanríkisráðherra Litháens, sæmdi Jón Baldvin Hannibalsson árþúsundsorðu Litháens í heimsókn sinni í síðustu viku.**

**Orðan var gerð í tilefni af því að þúsund ár eru frá því að Litháen varð fyrst sjálfstætt ríki, og verða nokkrir velunnarar þjóðarinnar sæmdir henni. Ísland viðurkenndi sjálfstæði Litháens árið 1991 fyrst ríkja og Jón Baldvin var þá utanríkisráðherra. Usackas kom til landsins til að lýsa yfir stuðningi við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. - þeb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Eldur í plastbáti

Mikill eldur kom upp í sjö tonna plastbáti í smábátahöfninni í Reykjanesbæ aðfaranótt fimmtudags. Lögregla og slökkvilið voru kölluð til og gekk vel að slökkva eldinn. Eldsupptök eru ókunn en málið er í rannsókn. Báturinn er líklega ónýtur.

# Verið að skoða starfshætti vegna innheimtu bílalána

**Nefnd á vegum þriggja ráðuneyta er með starfshætti fjármögnunarfyrirtækja til skoðunar með það fyrir augum að bæta stöðu neytenda. Rætt um tilfærslu í krónur. Ráðherra segir margt mega fara betur.**

**EFNAHAGSMÁL** Starfshættir fjármögnunarfyrirtækja eru til skoðunar hjá nefnd þriggja ráðuneyta, félagsmála-, dómsmála- og viðskiptaráðuneytis. Þar er sérstaklega horft til réttarstöðu lántaka gagnvart fyrirtækjunum, en margir hafa kvartað yfir því að hart sé gengið fram í að innheimta bílalán.



GYLFI MAGNÚSSON



RUNÓLFUR ÓLAFSSON

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir að vinnan sé vel á veg komin og nefndin nái vonandi að skila af sér í ágúst. Hlutverk hennar sé að fara yfir stöðu viðskiptavina og rétt þeirra og hvað sé hægt að gera til að bæta hana.

„Það hefur verið mikið um að fólk beri sig illa eftir svona viðskipti, meðal annars vegna bílalána. Til dæmis hefur verið deilt um hvernig á að meta bíla sem teknir eru upp í skuld. Við erum að meta þetta allt saman.“

Gylfi segir ýmislegt benda til að margt megi betur fara í þessum efnum, en vill þó ekki gefa út yfirlýsingar fyrr en eftir að nefndin hefur lokið störfum.



**BÍLAFLOTI** Fjármögnunarfyrirtæki hafa kallað inn fjölda bíla vegna vanskila. Stjórnvöld eru nú með starfshætti slíkrar starfsemi til endurskoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Runólfur Ólafsson, forstjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir að möguleikar á skuldbreytingu og lengingu lána, sem fyrirtækin buðu upp á, hafi bætt ástandið. Það séu hins vegar aðeins tímabundin úrræði og nauðsynlegt sé að finna varanlegar lausnir á stöðunni.

Runólfur segir að meðal þess sem rætt hafi verið í nefndinni sé að bjóða fólki upp á að breyta lánunum úr erlendri mynt í íslenskar krónur. Ekki séu þó allir hrifnir af þeirri leið, enda hafi gengisvísitalan í sumum tilfellum hækkað um 100 prósent. Eina lausnin í huga margra sé að krónan styrkist þannig að höfuðstóllinn lækki. Hann segist þó telja koma vel til greina að fólk geti valið að breyta lánum úr erlendri mynt í krónur.

Runólfur segir mikilvægt að hófs sé gætt þegar samningar eru gerðir upp, en nokkuð hafi vantað þar upp á. Fyrirtækin hafi krafist óeðlilega mikils lögfræðikostnaðar, viðgerðarkostnaður hafi verið óvenjulega hár og matsverð á innkölluðum bílum allt of lágt. Þetta hafi lagast í sumar, en þó séu enn dæmi um þetta. Nú sé lag að breyta þessu, sérstaklega þegar fyrirtækin eru flest komin undir hatt ríkisins.

Þá gagnrýnir Runólfur einnig útlánastefnu fyrirtækjanna, en hvatinn þar hafi fyrst og fremst verið að selja fleiri bíla. Oft hafi vantað upp á upplýsingagjöf.

kolbeinn@frettabladid.is





* Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað eða lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Ríkisskuldabréf - Sjóður 5 og Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7, eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðanna. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandsbanka hf., www.islandsbanki.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.


ÉG DÓ...
...MEÐ FULLAN MUNN AF MOLD
FÉLAG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA SUÐURLANDI
112
EINN EINN TVEIR
FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA
SUDURLANDSDEILD
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
Heilbrigðisstofnun Suðurlands

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Inn á heimili hvaða kvikmyndaleikstjóra var brotist nýverið og fimm tölvum stolið?

2 Hvaða liði mætti KR í Evrópudeildinni UEFA í gær?

3 Hvað heitir formaður fjárlaganefndar, en nefndin fjallar nú um ríkisábyrgð vegna Icesave?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Jóhannes Jónsson segir Jón Gerald Sullenberger fara í njósnaferðir í Bónus:

# Jóni Gerald vísað út úr Bónus

**VIÐSKIPTI** Jóni Gerald Sullenberger athafnamanni, var vísað út úr verslun Bónuss á Korputorgi á þriðjudaginn.

„Ég veit ekkert af hverju það var. Ég var bara í Ilvu og ákvað að fara inn í Bónus og stóð þar í róleg-heitunum. Þá kom ungur maður og bað mig vinsamlegast að yfirgefa búðina og ég varð að sjálfsögðu við því,“ segir Jón Gerald sem sjálfur hyggst opna lágvöruverðsverslunina Smartkaup á næstunni.

Jóhannes Jónsson, eigandi Bónuss, sagðist ekki hafa heyrt af þessu en telur ekki ótrúlegt að Jóni hafi verið vísað út miðað við hvernig hann hafi rætt um sig og sína í tengslum við Baugsmálið. „Ég hef heyrt af því að hann sé í njósnaferðum í Bónusbúðunum út af þessari búð sem hann er að opna og þá er ekki skrýtið að honum sé vísað á dyr,“ segir Jóhannes.



**JÓN GERALD** Athafnamaðurinn hyggst opna Smartkaup á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón Gerald þvertekur fyrir það hafa verið að njósna. „Ég var bara að ganga í gegnum búðina. Ég var búinn að vera þarna í fimm til tíu mínútur þegar mér var vísað út,“ segir Jón. Hann segist ekki hafa farið í Bónus síðan þetta gerðist en aðspurður segist hann að sjálfsögðu ætla að fara þangað í framtíðinni því öllum sé frjálst að fara inn í verslanir.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir að það hafi orðið eitthvert orðaskak milli Jóns Geralds og starfsmanns hjá sér sem hafi verið á misskilningi byggt. „Jón Gerald er velkominn í okkar búðir, nú sem endranær,“ segir Guðmundur. **- vsp**

Ölvaður ökumaður:

# Ók út af við lögreglustöðina

**LÖGREGLUMÁL Ölvaður ökumaður ók bíl sínum upp á umferðareyju á Skúlagötu aðfaranótt fimmtudags. Hann var á leið frá Snorrabraut inn á Skúlagötu en náði ekki beygju.**

**Bensíntankurinn fór undan bílnum við áreksturinn og mikið bensín lak um svæðið. Bíllinn er mikið skemmdur. Lögreglustöðin á Hlemmi er í næsta nágrenni og heyrðu lögreglumenn hávaðann við áreksturinn. Þegar þeir komu á vettvang kom í ljós að ökumaðurinn, karlmaður á þrítugsaldri, var ölvaður. Hann var látinn gista fangageymslur. - þeb**

# Þúsundir Írana mótmæltu við gröf Nedu í Teheran

**Stjórnvöldum í Íran hefur ekki tekist að kveða niður mótmælaölduna sem hófst í kjölfar forsetakosninganna. Mótmælendur reyndu að koma upp minnisvarða um hina látnu. Lögregla beitti táragasi og kylfum.**

**ÍRAN, AP** Lögreglan í Íran beitti táragasi og bareflum á þúsundir mótmælenda sem í gær efndu til minningarathafnar við gröf ungu konunnar Nedu Agha-Soltan, sem féll fyrir byssukúlu á mótmælafundi í síðasta mánuði.

Meðal annars kom lögreglan í veg fyrir að Mir Hossein Moussavi, einn helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar, gæti slegist í hópinn.

Mótmælendurnir höfðu komið upp í Behesht-e Zahra-grafreitnum minnisvarða um fórnarlömb átakanna síðustu vikur. Þeir kref-ast afsagnar Mahmouds Ahmadinejad forseta.

Mótmælendurnir eru sannfærðir um að úrslit forsetakosninga 12. júní hafi verið fölsuð, og sigurvegari hafi ekki verið Ahmadinejad heldur Moussavi.

Neda Agha Soltan var 27 ára þegar hún féll fyrir byssukúlu á mótmælafundi í Teheran í síðasta mánuði. Hún var ekki þátttakandi í mótmælunum heldur átti aðeins leið hjá. Mótmælendurnir eru sannfærðir um að stjórnvöld beri ábyrgð á dauða hennar.

„Neda lifir, Ahmadinejad er dauður,“ hrópuðu sumir í mannfjöldanum í gær við gröf Nedu.

Ásakanir um að mótmælendur hafi verið pyntaðir í vörslu lögreglu hafa vakið reiði almennings og þykja vandræðalegar fyrir klerkastjórnina, sem hefur fyrir vikið fengið á sig óvenju harða gagnrýni úr eigin röðum og frá íhaldsmönnum sem til þessa hafa stutt stjórnina.

Mótmælendur komu einnig saman í gær við Mosalla-moskuna í miðborg Teheran, en fjölmargir lögreglumenn voru þar í viðbragðsstöðu og einnig á helstu gatnamótum í nágrenninu.

Þegar Moussavi kom að gröf Nedu hrópuðu stuðningsmenn nafn hans og líktu honum við einn helsta dýrling í sögu sjía-múslima, nafna hans sem var tengdasonur Múhameðs spámanns.

Lögreglan vísaði honum frá grafreitnum, þar sem margir þeirra sem fallið hafa í átökunum undanfarið eru grafnir. Lögreglan handtók einnig tvo þekkta íranska kvikmyndagerðarmenn, Jafar Panahi og Mahnaz Mohammadi, sem reyndu að leggja blóm á gröf Nedu. gudsteinn@frettabladid.is



**RÁÐAMENN ÍRANS** Mahmoud Ahmadinejad forseti situr með krosslagða fætur en æðsti leiðtoginn Ali Khameini á stól. Yfir gnæfir mynd af byltingarleiðtoganum Khomeini, forvera Khameinis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÍTT** Æfingavöllurinn skammt frá Miðhúsabraut.

Golfklúbbur Akureyrar:

# Frítt að æfa á nýja vellinum

**TÓMSTUNDIR** „Ég veit hreinlega ekki hvort þetta er eini staðurinn á landinu þar sem hægt er að komast ókeypis í golf, en mér þykir það líklegt,“ segir Halldór Rafnsson, formaður Golfklúbbs Akureyrar.

Klúbburinn opnaði nýverið lítinn golfvöll norðan við eiginlegan völl klúbbsins við Miðhúsabraut. Tilgangurinn er að koma til móts við þá sem ekki eru skráðir í golfklúbb en vilja æfa sig við ásættanlegar aðstæður.

Halldór segir notkun vallarins verða fría í ár og næsta ár hið minnsta. „Við erum að reyna að fá þetta landsvæði undir níu holu völl sem hefur þegar verið teiknaður, en þangað til það gerist verður þetta frír sex holu æfingavöllur,“ segir Halldór Rafnsson. **- kg**




Ný tegund af lánastarfsemi hefst hér á landi í haust:

# Veita örlán til sprotafyrirtækja

**VIÐSKIPTI** „Við vitum að það er fólk í þjóðfélaginu sem hefur yfir peningum að ráða og langar til að verða sprotafyrirtækjum að liði. Um leið ávaxta þessir aðilar féð og fá tækifæri til að hjálpa öðrum í leiðinni, sem skiptir ekki minnstu máli,“ segir Ragnheiður Magnúsdóttir, verkfræðingur hjá ráðgjafarfyrirtækinu Primula.

Ragnheiður stendur fyrir vefsíðunni uppspretta.is, sem ætlunin er að koma í gagnið í september. Hugmyndin með vefsíðunni er að þar geti sprotafyrirtæki sótt um svokölluð örlán til framdráttar góðum hugmyndum í atvinnulífinu. Lánveitendur verða ekki bankar, heldur einstaklingar og fyrirtæki.

Að sögn Ragnheiðar er fyrirmyndin fengin erlendis frá. „Hugtakið „social lending“ þekkist víða og byggist á því að fólk geti sótt um lán fyrir nánast hverju sem er, hvort sem um er að ræða stofnun fyrirtækis eða draumaferðalaginu sínu til Indlands. Það er svo skilgreint nákvæmlega hvernig lánveitendurnir fá greitt til baka. Þetta hefur gefist mjög vel. Okkur þótti tilvalið að hefja þessa starfsemi á Íslandi með því að beina þessu að sprotafyrirtækjum.“

Ragnheiður segir að allir muni geta sótt um lán á síðunni. Upphæðirnar geti verið allt frá 50.000 krónum og upp í þrjár milljónir. Lánveitendur geti svo farið inn á síðuna og valið sér verkefni sem þeir vilji styrkja.

„Ég hef alla trú á því að þetta muni ganga upp,“ segir Ragnheiður Magnúsdóttir. **- kg**



**UPPSPRETTA** Ragnheiður segir svonefnt örlánafyrirkomulag hafa gefist vel í öðrum löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
1.889 kr/kg
2.698 kr/kg
KJÖTSEL
TILBOÐ
Frábært verð!
Allt fyrir ferðalagið!
ROAST BEEF INNANLÆRI
1.667 kr/kg
2.778 kr/kg
GOÐI
40% afsláttur
30% afsláttur
KJÖTSEL
GRILL LAMBAKÓTILETTUR
1.959 kr/kg
2.798 kr/kg
GOURMET
MEYRNUÐ NAUTAFILLESTEIK
2.185 kr/kg
3.310 kr/kg
34% afsláttur
Svalandi ferskar melónur
4 tegundir:
- Vatnsmelónur
- Hunangsmelónur
- Cantaloupe melónur
- Piel de Sapo
ÓDÝRT
99,- kr/kg
Birt með fyrirvara um prentvillur
EMERGE ORKUDRYKKUR
39 kr/stk.
99 kr/stk.
EINNOTA GRILL
599 kr
798 kr
HRAÐGRILL
Doritos
COOL ORIGINAL
DORITOS SNAKK 200g
199 kr/pk.
PEPSI MAX 2l
99 kr/stk.
www.markonnun.is
Tilboðin gilda 30. júlí - 2. ágúst eða meðan birgðir endast
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær
nettó
Ódýrt fyrir heimilið!



**KALT Í RÍÓ** Elsa er órangútan sem á heima í dýragarði í Ríó de Janeiro í Brasilíu. Henni var kalt og brá því teppi um sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Allt bendir til þess að Á-listinn haldi áfram meirihlutasamstarfi á Álftanesi:

# Segir þetta algjöran sirkus

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Allt bendir til þess að Á-listinn á Álftanesi muni halda meirihlutasamstarfi sínu áfram eftir að D-listinn hafnaði meirihlutasamstarfi við tvo bæjarfulltrúa Á-listann á þriðjudagskvöldið.

„Það er eiginlega búið að ganga frá samkomulagi en það voru lausir endar sem menn vildu reyna að hnýta. Það fer smá tími í það,“ segir Kristján Sveinbjörnsson bæjarfulltrúi fyrir Á-listann.

Meirihluti Á-lista komst í uppnám eftir að Margrét Jónsdóttir bæjarfulltrúi hætti í Á-listanum á dögunum vegna „vinnubragða og framkomu bæjarstjórans“. Tveir bæjarfulltrúar Á-listans vildu síðan ekki vinna með Kristjáni Sveinbjörnssyni, vegna þess að „hann braut trúnað“ og var listinn þríklofinn á tímabili. Leit því út fyrir að eini starfhæfi meirihlutinn yrði myndaður úr D- og Á-lista. „Í pólítík verða menn bara að slíðra sverðin,“ segir Kristján.



**KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON**



**GUÐMUNDUR G. GUNNARSSON**

Sigurður Magnússon bæjarstjóri segir Á-listann hafa verið að funda en vildi ekki tjá sig frekar um málið. Ekki náðist í Margréti Jónsdóttur vegna málsins.

„Þetta er bara leikflétta hjá bæjarstjóranum til þess að freista þess með miklum hamagangi að halda í stólinn. Þetta er algjör sirkus,“ segir Guðmundur G. Gunnarsson, oddviti D-listans. - vsp

Landsvirkjun fjármagnar:

# Útboð á skuldabréfum á bið

**STJÓRNSÝSLA Ekkert er að frétta af væntanlegu skuldabréfaútboði Landsvirkjunar, að sögn Þorsteins Hilmarssonar, upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar.**

**Fréttablaðið sagði frá því fyrr í mánuðinum að Landsvirkjun hygðist fara í skuldabréfaútboð í ágúst til þess að endurfjármagna skuldir. „Við erum ekki búin að taka neina ákvörðun hvort eða hvernig við komum að þessu,“ segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Segir hann að Landsvirkjun hafi bara kynnt lífeyrissjóðunum þessar hugmyndir.** - vsp



**ÍSRAELSKUR LANDRÆNINGI** Þessi Ísraeli lagði ásamt félögum sínum undir sig landspildu og er að reisa sér þar húsaskjól. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Neytendur:** Smávegis um gengi

# *Gengið getur verið flókið*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Eiður Arnarsson mátti til með að láta vita af raunum sínum: *„Er á leið til Evrópu og ákvað að kaupa evrur. Keypti 1.000 evrur í Íslandsbanka og þegar heim var komið rak ég augun í að sölugengi Íslandsbanka á evrum var annað á heimasíðu en á viðskiptakvittun (178 kr á heimasíðunni en 182 kr á kvittun). Hringdi í þjónustuver og spurði hverju sætti. Fékk þau svör að 182 kr væri sölugengi seðla eða seðlagengi. Ástæða þess að ég keypti evrur var til að greiða minna fyrir evruna en ef ég notaði Visa því gengi gjaldmiðla hjá þeirri stofnun er hærra en sölugengi bankanna á gjaldeyri. En viti menn. Visa gengið var 181 kr og er því lægra en þetta sölugengi seðla. Sparnaðurinn sem átti að felast í fyrirhöfninni, 4.000 kr, varð því að 1.000 kr útgjaldaauka. Skemmtilegt.“*



Sé vel leitað á heimasíðum bankanna má finna öll tiltæk gengi. Klukkan 13 síðasta föstudag mátti sjá að almennt sölugengi evru var 179.61 kr., seðlagengi var 182.58, Visagengi var 184.86 og Mastercard-gengi 185.16. Samkvæmt þessu hefði Eiður sparað sér 2.280 kr með því að kaupa seðla í bankanum í stað þess að nota kortið. Ennþá meira hefði hann sparað með því að fara í ferðalagið fyrir tveimur árum. Þá var evran á 80 kall!

Alls óvíst um árangur af þrýstingi Bandaríkjanna:

# Netanjahú stöðvar hluta framkvæmda

**ÍSRAEL, AP** Ísraelskir fjölmiðlar segja að Benjamín Netanjahú forsætisráðherra hafi, vegna þrýstings frá Bandaríkjamönnum, látið stöðva framkvæmdir við eina af fjölmörgum byggðum landtökumanna.

Hætt hefur verið við að reisa 900 íbúðir í hverfinu Pisgat Ze‘ev í austurhluta Jerúsalemborgar, sem Palestínumenn gera tilkall til.

Fulltrúar Bandaríkjanna hafa í vikunni verið á fundum með ísraelskum ráðamönnum og lagt hart að þeim að stöðva allar frekari framkvæmdir við landtökubyggðir í Austur-Jerúsalem og á Vesturbakkanum.

Palestínumenn hafa sagt að ekkert verði af frekari viðræðum við Ísrael fyrr en Ísraelar verði við þessari kröfu Bandaríkjastjórnar. Deilurnar um landtökubyggðirnar eru meðal þess, sem helst hefur komið í veg fyrir friðarsamninga.

Ísraelskir landtökumenn á hernumdu svæðunum eru nú orðnir 300 þúsund. Áratugum saman hafa þeir stundað það að setjast að á svæðum, sem Palestínumenn hafa til umráða.

Þeir njóta til þess verndar frá Ísraelsher, sem heldur Palestínumönnum frá, jafnvel þótt þeir hafi haft afnot af svæðunum áður, til dæmis til landbúnaðar. - gb

Forsvarsmenn Alcoa segjast ekki hafa fært skuldir:

# Lán til framkvæmda við Reyðarfjörð

**EFNAHAGSMÁL** Forsvarsmenn Alcoa segja, vegna fréttar Fréttablaðsins á miðvikudag, að móðurfélagið hafi ekki fært neinar skuldir til dótturfélagsins, heldur lánað fé til framkvæmda við Reyðarfjörð.

Þá taka þeir undir þann skilning sem Seðlabankinn hefur á skuldastöðu landsins; að skuldir dótturfélaganna séu á ábyrgð móðurfélaga. Íslensk stjórnvöld beri því enga ábyrgð á skuldastöðu Alcoa á Íslandi. Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá telur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þessar skuldir með í heildarskuldum þjóðarbúsins og metur stöðuna því mun verri en Seðlabankinn. - kóp



**REYÐARJFÖRÐUR** Alcoa á Íslandi rekur álver á Reyðarfirði.




**FRÉTTASKÝRING:** Ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar

# Viðbótarlífeyrissparnaður hefur ávaxtast illa

**Raunávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar hefur verið í kringum núll prósent undanfarin ár. Þetta kemur fram í skýrslu sem Fortuna hefur unnið. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir umbætur á starfseminni nauðsynlegar.**

Raunávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar hefur verið slök undanfarin ár miðað við niðurstöður ráðgjafarfyrirtækisins Fortuna. Allianz hefur besta meðalávöxtun á tímabilinu 2004 til 2008 líkt og sjá má af meðfylgjandi töflu. Mikill gengishagnaður Allianz árið 2008 skýrir þó góða ávöxtun að hluta.


HALLGRÍMUR ÓSKARSSON

Hallgrímur Óskarsson er framkvæmdastjóri Fortuna sem vann skýrslu um raunávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar. „Ávöxtun margra sjóða sem tugþúsundir Íslendinga greiða mánaðarlega í hefur í mörgum tilfellum verið afleit síðustu tíu ár. Ef síðustu ár eru skoðuð með þeim uppsveiflum og niðursveiflum sem hafa átt sér stað þá sýna margir aðilar ávöxtun öðru hvoru megin við núll prósent.“

### Birta það sem þeim henta

„Í fyrsta lagi hefur meiri áhersla verið lögð á að birta „góðu“ árin og velja þannig tímabil sem sýna jákvæðar tölur í stað þess að sýna allar tölur, bæði jákvæðar og neikvæðar.“ Hann segir jafnframt að flestir sjóðir hafi kappkostað að birta nafnávöxtun í stað raunávöxtunar sem gerir það að verkum að þeir sýni hærri ávöxtunartölur.

Hallgrímur telur nauðsynlegt að taka upp svipaðar reglur og gilda víða í Evrópu um birtingu ávöxtunartalna. „Þar er fjármálafyrirtækjum ekki heimilt að birta ávöxtunartölur sem þau hafa sett upp sjálf heldur er þeim aðeins heimilt að birta töflur sem óháð ráðgjafarfyrirtæki hafa tekið saman.“

### Ávöxtun ekki í samræmi við áhættu

Hallgrímur segir að reynslan sýni að áhættuminnstu sjóðirnir á Íslandi gefi langbestu ávöxtunina til lengri tíma litið. „Því væri skynsamlegra að setja sparnaðinn sinn í áhættuminnstu sjóðina og halda þeim þar, ekki bara á krepputímum heldur líka á góðæristímum.“

Hallgrímur segir að í Evrópu starfi sambærilegir sjóðir á miklu varfærnari hátt. Hann segir að evrópskir aðilar leggi mun minni áherslu á hlutabréfamarkað heldur en aðilar á Íslandi og ávöxtun yfir lengra tímabil sýni að sú áhætta borgi sig sjaldnast. „Því má gagnrýna innlendu sjóðina, sem eiga að reyna að ávaxta sparnað landsmanna sem best, fyrir að einblína svona mikið á fjárfestingar í hlutabréfum.“

Hann gagnrýnir jafnframt ónóga þekkingu þeirra sem veita þessa þjónustu. „Fólki þykir eðlilegt að læknar, þeir sem gefa heilsutengda ráðgjöf, hafi 6 til 9 ára nám að baki. Fjármálaleg heilsa er ekki síður mikilvæg.“ Hann telur rétt að koma á stofn námi þar sem fólk gæti útskrifast sem löggiltur fjármálaráðgjafi. „Þetta ætti að vera þriggja til fjögurra ára háskólanám sem ætti að skiptast jafnt í nám í fjármálafræðum og í nám í fjármálasögu.“

### Ágæt ávöxtun í þenslunni

Ef skoðuð er raunávöxtun á þenslutímabilinu frá 2004 til 2007 má sjá að ávöxtunin er umtalsvert betri. Meðal raunávöxtun sjóðanna var um fimm prósent á tímabilinu. Séreignarsjóður VR bar hæsta raunávöxtun á þessu tímabili, 8,4 prósent, og Sjóðurinn Líf1 hjá Íslenska lífeyrissjóðnum um 7,1 prósent. Hallgrímur segir að þrátt fyrir að horft sé til tímabilsins fyrir hrun þá sé ávöxtunin hófsöm og ekki mæld í tugum prósenta eins og margir kunni að halda.

Ef skoðuð er ávöxtun viðbótarlífeyrissjóða fram til ársins 2008 breytist staðan nokkuð. Ávöxtun Allianz er til dæmis nú um 3,2 prósent að meðaltali á tímabilinu. Þessi mikla sveifla skýrist af því að lífeyrissparnaður Allianz er færður yfir í evrur um leið og hann er greiddur. Því er gengishagnaður umtalsverður á síðasta ári og ávöxtun góð, um 60 prósent. Þess ber þó að geta að ávöxtun þeirra er nokkuð stöðug í erlendum gjaldeyri en sveiflast í krónum talið vegna gengisbreytinga.


FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR ARNARSON
bta@frettabladid.is


**LÖNDUN REYKJARVÍKURHÖFN** Raunávöxtun viðbótarlífeyrissjóðanna hefur verið slök undanfarin ár. Öruggustu sjóðirnir hafa skilað bestum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### NAFN- EÐA RAUNÁVÖXTUN:

Í daglegu lífi er raunávöxtun gjarnan lauslega áætluð með því að draga verðbólgu frá nafnávöxtun.

Auðvelt er að átta sig á muninum á raun- og nafnvöxtum ef sett er upp einfalt dæmi. Ef sjóður á 100 milljónir í upphafi árs en 110 í lok ársins hefur nafnávöxtun sjóðsins verið tíu prósent. Hins vegar ef verðbólga á sama tímabili er átta prósent er raunávöxtun um tvö prósent. Að sama skapi ef verðbólga hefði verið fimmtán prósent er raunávöxtun sjóðsins neikvæð.

Áætlun á raunávöxtun, líkt og gert var hér á undan, getur gefið ágæta mynd af raunávöxtun svo fremi sem ekki sé mikil verðbólga eða nafnávöxtun óeðlilega há. Við útreikninga sem sýndir eru með þessari frétt er þó stuðst við flóknari og nákvæmari aðferðir til að finna raunávöxtun sjóðanna.

### VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐUR

| Nr. | Aðili | Meðalraunávöxtun 2004-2008 |
|---|---|---|
| 1 | Allianz | 12,0% |
| 2 | Vista 5 (Kaupþing) | 5,6% |
| 3 | Lífeyrisauki 5 (Kaupþing) | 5,6% |
| 4 | VR - Séreignasjóður | 1,9% |
| 5 | Lífeyrisauki 4 (Kaupþing) | 0,3% |
| 6 | Vista 4 (Kaupþing) | 0,2% |
| 7 | Vista 3 (Kaupþing) | 0,1% |
| 8 | Lífeyrisauki 2 (Kaupþing) | 0,0% |
| 9 | Lífeyrisauki 3 (Kaupþing) | 0,0% |
| 10 | Vista 2 (Kaupþing) | 0,0% |
| 11 | Ævisafn IV (ISB) | -0,8% |
| 12 | Ævisafn II (ISB) | -1,5% |
| 13 | Vista 1 (Kaupþing) | -2,7% |
| 14 | Lífeyrisauki 1 (Kaupþing) | -2,8% |
| 15 | Líf 2 (LÍ) | -3,1% |
| 16 | Líf 1 (LÍ) | -3,4% |
| 17 | Ævisafn III (ISB) | -3,6% |
| 18 | Líf 3 (LÍ) | -3,8% |
| 19 | Líf 4 (LÍ) | -4,1% |
| 20 | Ævisafn I (ISB) | -4,3% |




„Lægri greiðslubyrði skiptir mig mestu máli“

Skúli Sigurðsson
viðskiptavinur Íslandsbanka Fjármögnunar

Skilmálabreyting á bílasamningum

Nú skiptir mestu fyrir marga að lækka greiðslubyrði hvers mánaðar. Íslandsbanki Fjármögnun býður lausn sem lækkar tímabundið afborganir af bílasamningum í erlendri mynt. Skilmálabreytingin felur í sér lækkun greiðslubyrði í 8 mánuði og lengingu á samningi um 4 mánuði. Lækkunin er u.þ.b. 50% af greiðslubyrði í janúar 2009 og er föst krónutala þessa 8 mánuði.

DÆMI
**Bílasamningur að upphæð 2 milljónir 1. nóvember 2007**
Lánstími: 5 ár
Myntkarfa: 50% yen og 50% svissneskir frankar
- Afborgun 1. desember 2007 **42.000 kr.**
- Afborgun 1. maí 2009 **84.000 kr.**
- Afborgun eftir skilmálabreytingu **43.000 kr.** (m.v. 50% greiðslubyrði í 8 mánuði)
- **Mismunur 41.000 kr. eða 48,8% lækkun á greiðslubyrði**

KOSTIR
- Jöfn greiðslubyrði til skamms tíma.
- Lægri greiðslubyrði miðað við núverandi afborganir.
- Styrkist gengi íslensku krónunnar greiðist höfuðstóll lánsins hraðar niður.
- Möguleiki á að greiða inn á höfuðstól hvenær sem er.

ÓKOSTIR
- Samningur lengist um 4 mánuði.
- Gengisáhætta.
- Hærri vaxtakostnaður með lengri lánstíma.
- Breytilegir vextir gætu hækkað á lánstíma.
- Ekki er hægt að taka nýtt fjármögnunarlán ef viðkomandi er með lán með skilmálabreytingu.

Kynntu þér skilmálabreytingu bílasamninga í erlendri mynt hjá ráðgjöfum Fjármögnunar á Kirkjusandi í síma **440 4400** eða á **islandsbanki.is**.

**Íslandsbanki Fjármögnun** sérhæfir sig í fjármögnun atvinnutækja og atvinnuhúsnæðis fyrir rekstraraðila, og bifreiða fyrir einstaklinga.

Íslandsbanki

# ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP




KJÖRFUGL KJÚKLINGABRINGUR
**1.649** kr/kg
Merkt verð 2.199.-




**2.398** kr/kg
Merkt verð 2.998.-

**Kjúklingapinnar**
BBQ




**1.949** kr/kg
Merkt verð 2.998.-

**Kjúklingafille**
ferskt



**1.999** kr/kg
Verð áður 2.599.-

**Nauta rumpsteikur**
frosnar




ÓDÝRT Í HAGKAUP
2 fyrir 1
**679** kr/2stk.

**Kjúklingavængir í fötu**
800g - 2 tegundir

Jói FEL




dijon hunangs-sósa
basil & hvítlauks-sósa
rósapipar-sósa

TILBOÐ **399** kr/stk.

*Spennandi grillsósur!*



KEXSMIÐJAN SNÚÐAR
**399** kr/pk.



MYLLU SKÚFFUKÖKUR
**379** kr/stk.




MS KÓKÓMJÓLK
**10** %
afsláttur v/kassa



CAJ'P GRILLSÓSUR VERÐ FRÁ
**299** kr/stk.



RISABRAUÐ 1KG
**199** kr/stk.




SWISS MISS KAKÓMALT
**399** kr/pk.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 3. ágúst á meðan birgðir endast.

# Spennandi á grillið
## *á betra verði!*

OPIÐ til 20 alla daga




*að hætti landsliðs matreiðslumeistara*

*ómótstæðilegt...*

HAGKAUPS GRILLLAMBALÆRI
**1.429** kr/kg
Merkt verð 2.199.-



**499** kr/pk.

**Nautaats borgarar**
4*80gr m/brauði




**1.598** kr/kg.
Merkt verð 1.998.-

**Kryddlegnar kótelettur**




**1.252** kr/kg.
Merkt verð 1.788.-

**Mexícó Grísakótelettur**



**1.599** kr/pk.

**Jensen svínarif**



NÝTT
Bökunarkartöflur

Beikonfylltar kartöflur

NÝTT
Maísstönglar

Balsamikmarinerað grænmeti

Berjabomba m/kókosbollum

Sveppir með ostafyllingu



NÓA NAMMI 150GR
**159** kr/stk.



5 STK RUL-LET GRILLBAKKAR
**199** kr/pk.



STEIKTUR LAUKUR 200GR
**159** kr/pk.



JÓI FEL BRAUÐSALÖT
**299** kr/stk.




KOLAGRILL EINNOTA
**299** kr/stk.




KINGSFORD GRILLKOL
**689** kr/pk.



ALI ÁLEGG
**15** %
afsláttur v/kassa

*opið ALLA verslunarmannahelgina í Skeifunni og Garðabæ!*

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 28 **Velta:** 1.350 milljónir króna

**OMX ÍSLAND 6**
747,42 **+0,73%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN |
|---|---|---|
| **BAKKAVÖR** | +4,29% | **ENGIN** |
| **ÖSSUR** | +1,35% | |
| **MAREL** | +0,59% | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,50 +0,00% ... Atlantic Airways 156,00 1,96% ... Atlantic Petroleum 430,00 +0,00% ... Bakkavör 1,46 +4,29% ... Eik Banki 86,00 +0,00% ... Føroya Banki 120,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,40 +0,00% ... Marel Food Systems 50,80 +0,59% ... Össur 113,00 +1,35%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Milljarða bónusgreiðslur

Citigroup greiddi á árinu 2008 alls um 5,33 milljarða dala eða sem samsvarar tæplega 700 milljörðum króna í bónusa til starfsmanna árið 2008. Þetta kom fram í máli yfirmanns dómsmála í New York-ríki í gær.

Citigroup er einn af þeim bönkum sem hafa fengið hvað mesta aðstoð frá bandarískum yfirvöldum undanfarna mánuði. Alls veitti bankinn 738 starfsmönnum bónusa sem voru hærri en ein milljón dala eða um 130 milljónir króna. Alls fengu 128 meira en þrjár milljónir dala í bónusgreiðslur. Citigroup fékk alls 45 milljarða dala í aðstoð frá bandaríska ríkinu.

Nokkur umræða var fyrr í vetur um bónusgreiðslur til tryggingarisans AIG sem tekinn var yfir af bandarískum yfirvöldum síðastliðið haust.

Bank of America sem jafnframt hefur notið um 45 milljarða dala aðstoðar frá hinu opinbera greiddi um 3,3 milljarða dala í bónusa til starfsmanna.



**HÖFUÐSTÖÐVAR CITIGROUP** Alls greiddi Citigroup bónusa sem voru hærri en ein milljóna dala til 738 starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Goldman Sachs og JP Morgan greiddu jafnframt bónusa sem voru hærri en ein milljón dala til um 2.500 starfsmanna. Bæði Goldman Sachs og JP Morgan höfðu þó greitt til baka þá aðstoð sem þeir fengu síðastliðinn vetur. **- bþa**

# Spá óbreyttum stýrivöxtum

Greining Íslandsbanka gerir ráð fyrir því að peningastefnunefnd Seðlabankans ákveði að halda stýrivöxtum óbreyttum í tólf prósentum á næsta vaxtaákvörðunardegi hinn 13. ágúst næstkomandi. Í spá bankans er gert ráð fyrir að stýrivextir Seðlabankans haldist óbreyttir fram á annan ársfjórðung næsta árs en verði komnir í 7,5 prósent í lok næsta árs.

Jafnframt segir að ekki sé hægt að útiloka að peningastefnunefnd bankans ákveði að hækka vexti bankans á næsta fundi vegna þess hve gengi krónunnar hefur verið veikt að undanförnu. **- bþa**

# Bjórdrykkja dregst saman í Þýskalandi

Sala á bjór hefur dregist saman um 4,5 prósent á undanförnum tólf mánuðum og hefur hún ekki verið minni frá því mælingar hófust fyrir um sextán árum. Drykkjusiðir Þjóðverja virðast vera að breytast því að sala á léttvíni hefur aukist umtalsvert á síðustu árum.

Samkvæmt tölum frá þýskum yfirvöldum seldu þýsk brugghús um fimm milljarða lítra af bjór. Samdráttur í bjórdrykkju er ekki nýr af nálinni en hún hefur verið að minnka undanfarin misseri. Auk þess er talið að sú ákvörðun þýskra stjórnvalda að banna reykingar á börum og veitingastöðum dragi úr neyslunni.

Óvenju kalt og mikil rigning hefur einkennt sumarveðrið í Þýskalandi sem jafnframt er talið hafa dregið úr kráarferðum bjórþyrstra Þjóðverja. **- bþa**



**DREGUR ÚR VINSÆLDUM ÖLSINS** Bjórneysla dróst saman um 4,5 prósent á síðustu tólf mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Miklar sveiflur á verði sjávarafurða á markaði

**Framleiðsluverð sjávarafurða hefur hækkað um fjórðung síðastliðna tólf mánuði. Afurðaverð í erlendri mynt fer þó lækkandi.**

„Flest bendir til að sú mikla verðhækkun sem varð á sjávarafurðum sem og öðrum hrávörum á árunum 2007 til 2008 hafi verið bóla. Við væntum mun hóflegri hækkana á afurðaverði á næstu árum,“ segir í greiningu IFS ráðgjafar um þróun á markaði með sjávarafurðir.

Framleiðsluverð sjávarafurða hækkaði um 0,7 prósent milli mánaða samkvæmt tölum frá Hagstofunni. Framleiðsluverð sjávarafurða hefur hækkað um 25,6 prósent ef miðað er við verð í krónum á síðustu tólf mánuðum.

Samkvæmt mati IFS greiningar hefur aftur á móti verð á íslenskum sjávarafurðum mælt í erlendri mynt lækkað um 1,1 prósent í júní. Jafnframt segir að afurðaverðið hafði áður hækkað tvo mánuði í röð en lækki nú lítillega. Síðustu sex mánuði hafi afurðaverð lækkað um 6,4 prósent mælt í erlendri mynt.

Í greiningu IFS ráðgjafar segir að tölurnar gefi vísbendingu um að aðstæður á mörkuðum erlendis séu enn viðkvæmar. Jafnframt segir að afurðaverð nú sé álíka hátt og í upphafi árs 2006 og hrávöruvísitölur sýni að ýmsar aðrar hrávörur séu að sama skapi álíka dýrar og fyrir þremur árum.

Í Hagsjá Landsbankans segir að þegar þróun framleiðsluverðs frá ársbyrjun 2006 sé skoðuð sjáist hvernig framleiðsluverð í nokkrum mismunandi greinum hefur þróast. Langmester sveiflur hafi verið á framleiðsluverði sjávarafurða og afurðum stóriðju. Ástæður þess megi rekja til breytingu á heimsmarkaðsverði og gengi krónunnar. Auk þess sem framleiðsluverð matvæla hafi hækkað um 40 prósent um leið og framleiðsluverð sjávarafurða hafi rúmlega tvöfaldast á sama tímabili.

bta@frettabladid.is




# Hagnaður olíurisa dregst saman

Hagnaður olíufyrirtækjanna Royal Dutch Shell og Exxon Mobil hefur dregist mikið saman það sem af er ári. Þau skiluðu bæði inn uppgjörum þar sem hagnaður þeirra dróst mikið saman á síðasta ársfjórðungi. Hagnaður Shell dróst saman um 70 prósent og hagnaður Exxon um 66 prósent.

Þennan mikla samdrátt má rekja til þess að fyrir ári var olíuverð í hæstu hæðum en hefur lækkað umtalsvert frá þeim tíma. Olíuverð fór hæst í 147 dali á tunnu. Olíuverð tók að lækka seinnipart síðasta árs og fór lægst í um 30 dali í upphafi þessa árs. Verð á tunnu stendur nú í um 64 dölum á tunnu.

Olíufélögin eru þrátt fyrir mikinn samdrátt ekki í miklum fjárhagslegum erfiðleikum enda nam samanlagður hagnaður félaganna samtals 6,4 milljörðum dala á síðasta ársfjórðungi, eða um 832 milljörðum íslenskra króna. **- bþa**



**OLÍUVERÐ Á UPPLEIÐ Á NÝ** Samanlagður hagnaður olíufélaganna Royal Dutch Shell og Exxon Mobil nam 832 milljörðum á síðasta ársfjórðungi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Samstarf við Yahoo!

Nordic eMarketing hefur verið valið sem eitt af fyrstu samstarfsaðilum Yahoo! vegna nýja vefgreiningartólsins þeirra. Tólið, sem áður hét Indextools en kallast nú Yahoo Web Analytics, er andsvar Yahoo! við Google Analytics. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu.

Nordic eMarketing er eitt 48 fyrirtækja í heiminum sem hafa verið valin til að vinna með Yahoo! við markaðssetningu tólsins. Meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru Actavis, Ja.is og Hitatchi.co.uk.

Nordic eMarketing var stofnað fyrir tæpum fjórum árum og hjá fyrirtækinu starfa 14 starfsmenn í fjórum löndum. Skrifstofur félagsins eru á Íslandi, Englandi, Tékklandi og í Kína. Fyrirtækið sérhæfir sig í markaðssetningu á netinu og ráðgjöf við hönnun og val á vefkerfum. **-bþa**




**ÍSLENSKUR SAMSTARFSAÐILI** Nordic eMarketing hefur gert samning við leitarvélafyrirtækið Yahoo! um samstarf á sviði tæknilausna. FRÉTTABLAÐIÐ/YAHOO



**United RCD6408BL**
Ferðatæki • Útvarp
• Geislaspilari • Segulband
• Heyrnatólstengi

## Ódýrt ferðatæki

**6.989 kr.**
Fullt verð ~~7.989~~



**59.989 kr.**
Fullt verð ~~79.989~~

**United TVD8822**
22" LCD með innbyggðum DVD spilara. • 12v og 220v ofl.

22 tommur

Með DVD

# Fyrir ... FERÐALAGIÐ-SKÓLANN-HEIMILIÐ
# þú færð það í Max - ódýrt!



## 4GB MP3 spilari

**Philips SA1942**
4GB MP3 spilari • Diktafónn • Hljóðnemi • Tónjafnari • LCD skjár • Hleðslurafhlaða með 27 klst. afspilun • Styður MP3/WAV/WMA.

**8.989 kr.**
Fullt verð ~~12.989~~



## 10" fartölva

**Toshiba Netbook NB200-10G**
1.6GHz Intel Atom N270 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • 10" TFT XGA skjár með 1024x600 og 16.7 milljón liti • Intel GMA950 PCI skjástýring • þráðlaust netkort • 3x USB2.0, 10/100 Ethernet og VGA tengi sem styður 1024x600 • Microsoft Windows XP Home • Aðeins 1,18 kg

**79.989 kr.**
Fullt verð ~~89.989~~



Með DVD

## 12" LCD sjónvarp

**Toshiba SDP120AKTE**
12" 16:9 LCD með innb. DVD spilara • Styður DVD -R/-RW, CD -R/-RW • Spilar MP3, WMA, DivX, JPEG • Kortalesari (SD/MMC/MS) • Analog TV móttakari • Virtual Audio Surround hátalarar • AV, HDMI, Component, Optical og heyrnartólstengi

**39.989 kr.**
Fullt verð ~~49.989~~



## 8 MP myndavél

**Nikon L19**
8 milljón punkta uppl. • 2.7" LCD skjár • NIKKOR 3.6x linsa • Hristivörn • Brosstilling • Hreyfimyndataka • Styður SD/SDHC kort • Íslenskir leiðarvísir ofl.

**17.989 kr.**
Fullt verð ~~22.989~~



## Ferðatæki með CD

**JVC RCEZ51**
Ferðatæki • FM útvarp • Geislaspilari • Segulband • 4W RMS • Fjarstýring

**14.989 kr.**
Fullt verð ~~18.989~~

**Opnunartími um Verslunarmannahelgina:**

Opið föstudag kl. 11-19
Opið laugardag kl. 11-18
Lokað sun. og mánudag

**MAX Kauptúni 1 - Garðabæ**
**Sími 412 2200 - www.max.is**

MAX RAFTÆKI

40% afsláttur

**1069** kr./kg

Lambalæri kryddað

verð áður ~~1798~~

35% afsláttur

**2989** kr./kg

Nautalund erlend

verð áður ~~4598~~

50% afsláttur

**749** kr./kg

Grísakótilettur

verð áður ~~1498~~

# ÓDÝRT OG

## FYRIR VERSLUNARMA

TILBÚIÐ Beint á diskinn!

**599** kr./pk

Holta BBQ- og Buffaló vængir/leggir í fötu

47% afsláttur

**899** kr./kg

Grísahnakki úrbeinaður

verð áður ~~1698~~

40% afsláttur

**1349** kr./kg

Kindainnralærisvöðvi

verð áður ~~2251~~

MÁNUDAG 3. ÁGÚST OPIÐ 10-19

Í KRÓNUNNI
LINDUM
MOSFELLSBÆ
REYKJAVÍKURVEGI
SELFOSSI

500 grömm

**849** kr./pk.

BBS BBQ Spare ribs 500g

125 kr. borgarinn

**498** kr./pk.

Grillborgarar m/brauði 4 stk.

2 fyrir 1

Goða pylsur 10 stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl   EXPO • www.expo.is

KRÓNAN

Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

### Opnunartímar yfir Verslunarmannahelgina

| Krónan Höfða | Krónan Lindum | Krónan Granda | Krónan Breiðholti | Krónan Árbæ | Krónan |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Föstudag 11-20 | Föstudag 11-20 | Föstudag 10-20 | Föstudag 11-21 | Föstudag 11-21 | Föstud |
| Lau. 10-19 Sun. 11-19 | Helgin 10-20 | Helgin 10-20 | Lau. 11-21 Sun.12-21 | Helgin 10-21 | Helgin |
| Mánudag - lokað | Mánudag 10-19 | Mánudag - lokað | Mánudag - lokað | Mánudag - lokað | Mánud |

# KRÓNAN

*í takt við tímann*

**239** kr. pk.
Lorenz kartöfluflögur

**598** kr. pk.
Weetos morgunkorn

**149** kr. stk.
Sprite 2 l

# G GOTT
## ANNAHELGINA

**299** kr. stk.
Krónuís 1,33 L Vanillu, Súkkulaði og Jarðarberja

50 kr. dósin!

**498** kr. pk.
Pepsi Max kassi 10x33 cl.

**499** kr. pk.
Egils Kristall með sítrónu og án bragðefna 6x0,5L

**299** kr. stk.
Hunts tómatsósa Squeeze

**289** kr. pk.
Knorr Bollasúpur

**99** kr. stk.
Fireball orkudrykkur

KRÓNUBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT!

n Mosfellsbæ
dag 10-20
10-20
dag 10-19

Krónan Reykjavíkurvegi
Föstudag 11-21
Helgin 10-21
Mánudag 10-19

Krónan Hvaleyrarbraut
Föstudag 11-21
Lau. 11-21 Sun. 12-21
Mánudag - lokað

Krónan Akranesi
Föstudag 10-19
Helgin 10-19
Mánudag - lokað

Krónan Reyðarfirði
Föstudag 11-19
Lau. 11-17 Sun.12-16
Mánudag - lokað

Krónan Vestmannaeyjum
Föstudag 11-17
Helgin 11-16
Mánudag - lokað

Krónan Selfossi
Föstudag 10-20
Helgin 10-19
Mánudag 10-19

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Frjálslyndi flokkurinn berst fyrir lífi sínu.

# Vítahringur smáflokkanna

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Frjálslyndi flokkurinn lét á sér kræla í vikunni með yfirlýsingu um að fjárhagsleg endurskipulagning hreyfingarinnar gengi vel, auk þess sem boðuð var „óvænt fréttatilkynning“ í haust sem koma muni flokknum á pólitíska kortið á nýjan leik. Þrátt fyrir baráttuhug forystunnar er erfitt að trúa því að endurkoma Frjálslyndra sé á næsta leiti. Hætt er við að flokkurinn muni innan skamms breytast í félag utan um gamlar kosningaskuldir.

Þessi spá er ekki sett fram af illvilja í garð Frjálslynda flokksins. Á þeim tæpu ellefu árum sem liðin eru frá stofnun hans hefur flokkurinn lagt ýmislegt gott til íslenskra stjórnmála, þrátt fyrir óheppileg hliðarspor á borð við það þegar einstakir forystumenn hans virtust daðra við útlendingahræðslu í málflutningi sínum. Hin jákvæða arfleifð Frjálslyndra felst meðal annars í því að hafa aldrei misst sjónar á því hverjar hinar raunverulegu undirstöður íslensks atvinnulífs eru, líka á þeim tímum þegar flestir aðrir landsmenn töldu sig heimsmeistara í verslunar- og bankarekstri.

Sagan gefur hins vegar stjórnmálahreyfingum sem falla út af þingi ekki tilefni til bjartsýni. Ein af höfuðmeinsemdum íslenskra stjórnmála er hversu bundin þau eru við sali Alþingis. Þannig sýnir reynslan að jafnvel formenn stórra stjórnmálaflokka eiga í stökustu vandræðum með að gera sig gildandi í umræðunni, eigi þeir ekki jafnframt sæti á þingi eða í ríkisstjórn. Í þessu efni er ábyrgð fjölmiðla talsverð. Það er til dæmis sláandi hvað fulltrúum Frjálslynda flokksins hefur verið haldið utan við allar umræður um nýlegar og boðaðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu, þrátt fyrir að Frjálslyndir hafi um tíma stappað nærri því að vera einsmálsflokkur gegn kvótakerfinu. Fjölmiðlar virðast nefnilega taka mun meira mark á þingflokki en grasrótarhreyfingu – enda þótt málstaðurinn hafi ekki breyst.

Stjórnmálakerfið íslenska felur því í sér þann andstyggilega vítahring að vonlítið er fyrir flokka að koma mönnum á þing, nema flokkarnir hafi þar fulltrúa fyrir. Vænlegasta leiðin til að rjúfa vítahringinn er sú að ryðjast fram með áhlaupi, í þeirri von að stemningin í kringum nýstofnaða hreyfingu dugi til að tryggja nokkur þingsæti. Þess vegna er það sameiginlegt einkenni flestra framboða utan við fjórflokkinn að þeim er hróflað upp í skyndingu fáeinum mánuðum fyrir kosningar.

Það gildir í stjórnmálum eins og í lífinu sjálfu að vanda þarf það sem lengi á að standa. Flokkar sem stofnaðir eru í flýti hafa tilhneigingu til að vera málefnalega veikir, enda gjarnan myndaðir um lægsta samnefnara eða snúast fyrst og fremst um persónur forystumanna. Óskandi er að íslensk stjórnmálaumræðuhefð þróist á þann hátt að hreyfingar geti byggt sig upp og reynst lífvænlegar án þess að eiga stöðugt sæti á þingi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward
**RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Útsvar, hvað er það?

Það er algengt viðhorf þeirra ríkustu - og þeirra sem dást að þeim og því kerfi sem býr þá til - að það sé samfélaginu öllu í hag að hafa ríkt fólk. Molar hrjóti af borði þeirra í formi skatta og gjalda og allur almúginn fái notið þeirra.

Og skattarnir standa undir samneyslunni og samfélaginu sem við búum í. Bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Þess vegna vekur það nokkra athygli að sjá að Ingunn Wernersdóttir, sem er fjórða á „hákarlalistanum“ yfir greiðslu opinberra gjalda, borgar ekki mikið til sveitarfélagsins sín. Nánar tiltekið ekki neitt. Á síðasta ári greiddi hún 0 krónur í útsvar.



### Meira en mörg orð

Myndir segja meira en mörg orð og því getur verið sérstaklega vandasamt að velja rétta mynd við frétt. Það er hægt að hafa áhrif á viðhorf lesenda til fréttarinnar með rétt valinni mynd. Hvort blaðamenn Vísis hafi haft það í huga þegar þeir myndskreyttu frétt um útsvar Ingunnar skal ósagt látið. Á myndinni mátti sjá hana skælbrosandi með kött, sem virtist kosta skildinginn, í fanginu. Á bak við hana lá ísbjarnarfeldur á gólfinu og á veggnum fyrir aftan hana glitti í málverk eftir Baltasar. Myndir segja meira en mörg orð.



### Breytt merking

Og meira af myndum. Pressan bendir á hve myndir geta breytt um merkingu. Í göfugu sjálfboðaliðastarfi sat Björgólfur Guðmundsson fyrir vegna söfnunar Rauða krossins. Hann var með betlibauk, stóð gleiður á gatnamótum og undir myndinni stóð „Öll fjárframlög vel þegin“. Líklega lesa menn nokkuð annað í þessa mynd núna, þegar fjárþörf Björgólfs er hvað mest í fréttum.

kolbeinn@frettabladid.is

# Nr. 2 - Landbúnaður



EIRÍKUR BERGMANN

Í DAG | Samningsmarkmið Íslands í aðildarviðræðum

Meginmarkmið Íslands í komandi aðildarsamningum við Evrópusambandið verða líkast til (1) að tryggja yfirráðin yfir auðlindum sjávar, (2) vernda innlenda landbúnaðarframleiðslu og (3) fá sem skjótasta aðkomu að peningamálasamstarfi ESB. Í fyrri grein var rætt um sjávarútveginn en nú er sjónum beint að landbúnaðarmálum og byggðaþróun.

Evrópusambandsaðild hefur umtalsverð áhrif í landbúnaði. Ef engar aðlaganir verða gerðar mun landbúnaðarstefna ESB einfaldlega taka við af þeirri íslensku sem hefur meðal annars í för með sér að innflutningur á landbúnaðarafurðum frá ríkjum ESB verður frjáls og óheftur. Þar sem matvælaverð er töluvert hærra á Íslandi en í ríkjum ESB ætti verðlag á landbúnaðarafurðum í íslenskum verslunum að lækka samhliða Evrópusambandsaðild Íslands.

Íslenska samninganefndin ætti þó að geta fundið ýmsa möguleika til að vernda innlenda framleiðendur og ná fram auknum stuðningi. Mestu skiptir að landbúnaðarsvæði Íslands verði skilgreind til harðbýlla svæða en með því móti má ná fram auknum stuðningi. Auk framleiðslutengdra greiðslna má nefna styrki til fjárfestinga, til samstarfs bænda og ekki síst umhverfisstyrki.

Í EES-samningunum náðu íslensk stjórnvöld með vísan í sjúkdómavarnir fram heimild til að viðhalda banni á innflutningi á lifandi dýrum og hráu kjöti, sem flæða almennt frjálst yfir landamæri ESB. Með vísan í sérstöðu landsins hvað varðar viðkvæmni fyrir sjúkdómum vegna langvarandi einangrunar þeirra dýrastofna sem hér eru er ekki fráleitt að Ísland geti krafist áframhaldandi undanþágu varðandi frelsi í innflutningi á tilteknum landbúnaðarafurðum, einna helst ferskum en jafnvel mögulega frosnum líka. Slíkt gengur hins vegar gegn almennri réttarreglu í ESB og því þurfa íslensk stjórnvöld að finna raunhæfa réttlætingu fyrir því. Vegna legu landsins, sem eyja í miðju Atlantshafi, langt frá helstu framleiðslumörkuðum, geta íslensk stjórnvöld enn fremur haldið því fram að hér sé matvælaöryggi sérlega mikilvægt og þannig fært fram gild rök fyrir því að tryggja nægjanlega matvælaframleiðslu innanlands, með áframhaldandi hömlum á innflutningi.

Þó svo að landbúnaðarframleiðendur almennt geti eins og hér er reifað vísað til ýmissa þátta til að viðhalda núverandi vernd í greininni er það eigi að síður svo, að líkast til verður auðveldara að rökstyðja aukinn stuðning og vernd í sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu heldur en í svína- og kjúklingarækt. Eins og að framan greinir hefur í seinni tíð verið lögð aukin áhersla á að vernda menningararf í landbúnaðarstefnu ESB. Núorðið er litið svo á að hlutverk landbúnaðarins sé mun víðfeðmara heldur en aðeins að framleiða matvöru. Landbúnaður snýst nú einnig um vernd menningarverðmæta, umhverfismál, dýravernd, byggðaþróun, heilbrigðismál og öryggismál í matvælaframleiðslu. Búskapur snýst þar af leiðandi ekki eingöngu um afkomu bænda og matvælaframleiðslu heldur einnig um aðra þætti sem snerta daglegt líf og heilsu fólks.

Fjölskyldubýlið er rótgróið í íslenskri menningu og hvílir á mörgum mikilvægustu stoðum í sögu landsins. Í sjálfstæðisbaráttunni var litið svo á að bændabýlin geymdu menningarlega sögu og arfleifð Íslands, bóndinn varð eins konar menningarleg hetja Íslandssögunnar og mikilvægt þótti að standa vörð um bændasamfélagið og koma í veg fyrir að þjóðin vesluðist upp í ómenningu í verslunarþorpum við sjávarsíðuna. Þar sem hið hefðbundna bóndabýli byggir helst á sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu er mun augljósara að vernda þá atvinnustarfsemi heldur en nýrri búgreinar.

Byggðastefna er rótgróinn þáttur í starfi Evrópusambandsins og sjóðir þess veita ríkulega byggðastyrki. Ísland er dreifbýlt og hrjóstrugt land og því má gera ráð fyrir að verulegur hluti þess fjármagns, sem kemur í hlut Íslands úr sameiginlegum sjóðum, verði á forsendum byggðastefnu, til að tryggja byggð um allt land, efla samgöngur og auka fjölbreytni í atvinnuháttum. Hér skiptir skilgreining landsins í aðildarviðræðum meginmáli en í áherslu ESB á byggðaþróun má finna ansi fína röksemd fyrir íslensk stjórnvöld til að fara fram á tryggan stuðning við fjölskyldubýlið. Í næstu grein verður fjallað um samningsmarkmið Íslands í peningamálum.

*Höfundur er dósent í stjórnmálafræði og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst.*

# Gleðilega þjóðhátíð

UMRÆÐAN

Elliði Vignisson skrifar um þjóðhátíð í Eyjum.



ELLIÐI VIGNISSON

Í dag hefst þjóðhátíð Vestmannaeyja. Með sanni má segja að setning hennar marki upphafið á þriggja sólarhringa gleði þar sem Eyjamenn og gestir kristalla eðli Vestmannaeyja og þá orku sem í samfélaginu býr. Hátíðin hefur allt frá 1874 gefið Eyjamönnum einstakt tækifæri til að sýna þann kjarna sem er í samfélaginu. Eyjamenn eru kröftugir og miklir gleðimenn og þjóðhátíð er þeirra hátíð þar sem öllum er boðið að vera með. Í aðdraganda þjóðhátíðar leggjast Eyjamenn allir á eitt og er undirbúningur borinn uppi af sjálfboðaliðum sem gefa vinnu sína með glöðu geði svo hátíðin geti orðið að veruleika. Í raun er samfélagið allt ábyrgt fyrir þjóðhátíðinni og stemningin mögnuð upp allt árið. Í skólum og á vinnustöðum er gjarnan hengt upp dagatal um miðjan vetur þar sem taldir eru niður dagarnir í þjóðhátíð. Þjóðhátíð er enda tvímælalaust hápunktur Eyjalífsins.

Eyjamenn eru gestum sínum þakklátir fyrir þá virðingu sem hefðum og hátíð Eyjanna er sýnd. Í raun erum við Eyjamenn alltaf jafn snortnir yfir því hversu tilbúnir þjóðhátíðargestir eru til að koma og taka þátt í þessari hátíð á forsendum okkar og upplifa menningu eyjanna með sín hvítu tjöld, reyktan lunda, gítarspil, brennu og flugeldasýningu, af prúðmennsku. Það eina sem stundum hefur angrað okkur eru fréttir af því að örfáir hafi þurft að gista fangageymslur vegna ölvunar eða smávægilegra pústra. Fréttin er einmitt frekar sú að 10 til 12.000 manns skemmti sér hér konunglega án þess að lögreglan þurfi að hafa af þeim afskipti.

Það er til marks um styrk þjóðhátíðar að allar aðrar bæjarhátíðir á landinu reyna með einum eða öðrum hætti að líkja eftir þjóðhátíð og er það vel. Eftirlíkingar komast þó aldrei nærri fyrirmyndinni enda umgjörð Herjólfsdals, rómantík Eyjanna og litafegurð mannlífsins algerlega einstök. Höfuðáhersla er ætíð lögð á öryggi gesta. Markmiðið er að á hverju ári fari gestir sem hingað koma til baka með jákvæðar minningar um Vestmannaeyjar og aukinn skilning á því sérstaka samfélagi sem hér er.

Vestmannaeyjabær mun gera allt sem í hans valdi stendur til að gera dvöl gesta ánægjulega og standa við bakið á þjóðhátíðarnefnd í því að gera öllum kleift að fanga hátíðarandann og skemmta sér vel. Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar býð ég gesti velkomna á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Gleðilega Þjóðhátíð.

*Höfundur er bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is*
og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**HÖRÐUR GEIRSSON**, sérfræðingur Minjasafnsins á Akureyri, miðlar fróðleik í sögugöngu um innbæinn og fjöruna á Akureyri á morgun klukkan 14. Gengið verður frá Laxdalshúsi, Hafnarstræti 11. Ekkert þátttökugjald.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447






# 4ra rétta tilboð

*og nýr A la Carte*

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·

· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·

· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·

* EÐA *

· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·

· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

**6.890 kr.**

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.*

## Glas af eðalvíni

**Barolo „Ornato" 2004** | Ítalía.

**Chablis Grand Cru „Les Clos" 2005** | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **16 eðalvínum** með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.

*Sjá nánar á perlan.is.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207

*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Páll Kristjánsson útbjó alíslenskan rétt sem hann býður stundum útlendingum upp á eða þegar börnin vilja eitthvað virkilega gott.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Með nefið í pottunum

**Páll Kristjánsson hefur mikinn áhuga á matargerð og hefur haft frá unga aldri. Systkini hans vöskuðu til dæmis upp í staðinn fyrir matinn hans. Páll gefur lesendum Fréttablaðsins eina af uppskriftum sínum.**

„Ég gerði alíslenskan rétt sem ég býð útlendingum stundum upp á," segir Páll Kristjánsson hnífagerðarmaður. „Í forrétt bjó ég til grafinn Þingvallasilung. Með honum hef ég fínt saxað grænmeti; brokkolí, rauða og græna papriku, súkkíní og ber fram snittubrauð og graflaxsósu sem ég bý til með."

Í aðalrétt er lambafillet og svartfuglsbringur. „Þetta krydda ég með minni eigin kryddblöndu," útskýrir Páll sem gefur börnum sínum þessa rétti ef þau vilja eitthvað virkilega gott.

Páll virðist hafa mikinn áhuga á matargerð. „Ég var með nefið ofan í pottum frá átta ára aldri. Mér fannst gaman að horfa á fólk búa til mat. Amma mín og mamma voru góðir kokkar. Þegar ég var fjórtán ára var ég orðinn betri en þær," fullyrðir Páll. „Oft var það þannig að ég eldaði helgarmatinn og losnaði við uppvaskið þá vikuna því systkini mín tóku það að sér í staðinn," segir Páll sem fannst þetta góð verkaskipting.

*martaf@frettabladid.is*

## ÞINGVALLASILUNGUR, LAMBAFILLET OG FLEIRA

Með fínt söxuðu grænmeti

**Forréttur**

Þingvallasilungur, 60 g á mann
½ 500 g silungur
4 msk. salt
1½ msk. pipar
1½ msk. grænt dill
1½ msk. dillfræ
1 msk. fennel-duft
1 msk. fínt saxaður laukur

*Stráið kryddblöndunni yfir silunginn og látið standa í ísskáp í einn og hálfan sólarhring. Borið fram með smátt söxuðu grænmeti.*

**Sósa**

Majones
SS sinnep
Hlynsíróp
Grænt dill

*Blandið saman eftir smekk.*



**Aðalréttur**

Lambafillet og svartfuglsbringur, um það bil 180 g til samans á mann.
Pipar
Blóðberg
Birkilauf
Rósmarín

*Kryddið og látið standa í tvo tíma við stofuhita. Steikið í smjöri á heitri pönnu. Bakið í ofni við 180 gráður, lambið í átta mínútur og svartfuglinn í fjórar mínútur Borið fram með fersku salati.*

**Sósa**

Lambakraftur
Blóðberg
Rauðvín
Rjómi

*Blandið saman eftir smekk.*






**MARKAÐSDAGUR Í LAUFÁSI** í Eyjafirði verður haldinn á mánudag frá klukkan 14 til 17. Þar kennir ýmissa grasa, má þar nefna matvöru úr héraðinu, handverk, listmuni og lifandi tónlist.


Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





# Hollendingar hertaka Húsavík

**Hollenski rithöfundurinn Paul Sterk og samlandar hans, meðlimir hljómsveitarinnar The Giants of Húsavík, eru heillaðir af landi og þjóð. Sérstaklega af hvölum og Húsavík þar sem þeir ætla að lesa upp úr skáldverkum og leika tónlist í Hvalasafninu á morgun.**

„Það er mjög fyndið og skemmtilegt hvernig þetta kom allt saman til. Á morgun ætla ég að lesa úr verkum mínum og strákarnir Maurits Westerik og Jason Kohnen í hollensku hljómsveitinni The Giants of Húsavík ætla að spila fyrir gesti Hvalasafnsins á Húsavík klukkan 17. Þetta er hluti af verkefni sem við köllum The Húsavík Project. Húsavík er yndislegur staður með góðu fólki og er þetta gert til að heiðra alla Húsvíkinga,“



Paul Sterk rithöfundur hefur skrifað bók sem gerist að hluta til á Íslandi og ætlar nú að skrifa bók um ferðir sínar hér.
MYND/ÚR EINKASAFNI

segir Paul Sterk, dálka- og rithöfundur frá Hollandi.

Fyrsta skáldsagan hans, Via sterren en zeemeerminnen, sem á íslensku ber heitið Gegnum stjörnur og hafmeyjar, kom út um síðustu jól í Hollandi, en hluti af sögunni á sér stað á Íslandi og þá sérstaklega á Húsavík. Þrátt fyrir að bókin gerist að hluta til hérlendis hefur hún ekki verið þýdd yfir á íslensku. „Ef einhver sem skilur hollensku vill taka það að sér að þýða bókina að þá væri það mjög kærkomið. Mér myndi finnast mjög gaman ef bókin væri þýdd á íslenskuna,“ segir Paul og bendir áhugasömum á að hafa samband.

„Stuttu eftir að bókin mín kom út þá frétti ég af hollenskri hljómsveit sem kallaði sig The Giants of Húsavík. Mér fannst nafnið of gott til að vera satt og þar sem ég er kunnugur Íslandi ákvað ég að hafa samband við þá. Þá kemur í ljós að þeir tóku upp fyrstu plötuna sína í Sandgerði síðasta haust en höfðu aldrei komið til Húsavíkur fyrr en núna. Nafnið fengu þeir þegar þeir skoðuðu ferðamannabækling frá hvalaskoðunarfyrirtæki sem auglýsti hvalina sem The Giants of Húsavík. Þeir urðu alveg heillaðir af Íslandi, sérstaklega hvölum, og nafnið er grípandi og svolítið fyndið svo þeir ákváðu að nota það,“ segir Paul.



Húsavík og hvalaskoðunarbátar. Paul, Maurits og Jason hafa sérstakt dálæti á Húsavík og hvölum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þeir Maurits og Jason spila báðir í þekktum hollenskum rokkhljómsveitum en vildu breyta út af vananum og hefur tónlist The Giants of Húsavík verið líkt við Sigur Rós.

„Við strákarnir vonum svo að það verði eitthvað meira úr verkefninu. Við erum með fullt af góðum hugmyndum. Þeir ætla að spila eitthvað meira hérna og stefna að því að taka upp næstu plötu á Húsavík, jafnvel í samvinnu við húsvíska tónlistarmenn. Svo ætla ég að skrá niður allt ævintýrið og gera ferðabók úr öllu saman og tónlistin fær veigamikinn sess,“ segir Paul sem er mikill tónlistarunnandi og spilar tónlist stórt hlutverk í nýjustu bók hans.

Aðspurður hvort Hollendingar hafi eitthvað á móti Íslendingum, fer Paul að hlæja og segir deilurnar ekki stórmál. „Jú, við eigum það til að grínast með íslenska peninga en annars líkar okkur vel við Íslendinga. Svo er ég bara kominn í frí. Ég er hér næstu vikurnar að njóta lífsins og skella mér á jökla, klifra fjöll og synda í yndislegu sundlaugunum ykkar. Hér er frábært að vera.“

Hægt er að hlusta á tónlist The Giants of Húsavík á myspacesíðu þeirra www.myspace.com/thegiantsofhusavik. *heidur@frettabladid.is*


HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA / LEIGUMIÐLUN
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Öldugata HF 4ra herbergja.**




Nýkomin sérlega skemmtileg 88 fm 4ra herbergja íbúð á þessum vinsæla stað.
Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð, m.a. nýlegt eldhús og gólfefni.
Mjög góð staðsetning í næsta nágreni við skóla. ATH LÆKKAÐ Verð 18,5 millj.

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



rotor
20 ára
1989 - 2009














# Við eigum afmæli!

Laugardaginn 1. Ágúst n.k. erum við formlega orðin 20 ára.
Að því tilefni ætlum við að bjóða allar okkar vörur á 20% afslætti
Föstudaginn 31. júlí og á sjálfan afmælisdaginn 1. Ágúst.

**HÆGT VERÐUR ÞVÍ AÐ GERA GÓÐ KAUP Í FERÐABÚNAÐI OG RAFBÚNAÐI FYRIR VERSLUNARMANNHELGINA.**

Má þar nefna hluti s.s. sólarsellur, kæliskápa, markísur, vatnshitara, gasmiðstöðvar, rafstöðvar, reiðhjólagrindur, vagndrif, kælibox ofl ofl. Það er um að gera að heimsækja okkur, en þeir sem ekki eiga heimangengt eða eru á ferðalagi þessa daga geta verslað í gegnum síma.





# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 31. júlí 2009

## Lætur drauminn rætast

Hrund Ósk Árnadóttir sigraði söngkeppni framhaldsskólanna árið 2005. Hún flytur nú til Berlínar þar sem hún ætlar að leggja sönginn fyrir sig.

### SITUR FYRIR Í MARIE CLAIRE

Edda Pétursdóttir fyrirsæta í fimm síðna myndaþætti.

### HALDA FLÓAMARKAÐ UM HELGINA

Sólveig Pálsdóttir og Þorgerður Ólafsdóttir halda flóamarkað.

### HELDUR TVENNA TÓNLEIKA

Hafdís Huld gefur út nýtt lag og syngur í Flatey um helgina.


TOSHIBA




SJÓNVARPSTILBOÐ

**Toshiba 32AV500PG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 upplausn, Progressive Scan, 20.000:1 dýnamískri skerpu, Active Vision LCD, 2x Scart, 2x HDMI, Component & Composite, Audio-in, heyrnartólstengi ofl.

TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 139.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

**Sjónvarpsmiðstöðin**
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

# núna
✻ fer í fríið



## UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR

helgin MÍN

„Um helgina ætla ég að fara í hestaferð á Löngufjörur á Snæfellsnesi með bróður mínum og sameiginlegum vinum. En það verður að segjast að þar er einstaklega nettur félagsskapur á ferð og því gulltryggt að helgin verður eftirminnileg!“

Edda Pétursdóttir fyrirsæta:

# Í BRESKA MARIE CLAIRE

Ég frétti að „beauty editor“ blaðsins væri búin að reyna að fá mig í töku í þó nokkurn tíma, en ég var ekki til taks út af öðrum verkefnum. Ég hafði einnig unnið með ljósmyndaranum sem var valinn í verkefnið, Anne Menke, og hún mælti víst með mér,“ segir Edda Pétursdóttir fyrirsæta, sem er í fimm síðna myndaþætti í nýjasta tölublaði breska Marie Claire, en blaðið er eitt vinsælasta kvennatímarit heims. Edda, sem er 25 ára, hefur setið fyrir í ótalmörgum verkefnum frá því að hún byrjaði að starfa sem fyrirsæta, en mynd af Eddu blasti við á stóru auglýsingaskilti fyrir verslunarkeðjuna Target á Times Square í heilt ár, svo eitthvað sé nefnt.




**Glæsileg** Brot af myndaþætti Eddu sem er í nýjasta tölublaði breska Marie Claire, en myndirnar voru teknar á Tahítí.

„Ég byrjaði í fyrirsætustörfum árið 1998, eftir að ég vann Ford-keppnina, en þá var ég aðeins 14 ára. Þá fór ég bara á sumrin til ýmissa landa og var í skóla á veturna. Þegar ég var 19 ára byrjaði þetta fyrir alvöru, þá flutti ég fyrst til Parísar og fór síðan út um allan heim. Planið var nú bara að fara til New York í mánuð, en mér líkaði svo rosalega vel að ég ákvað að vera áfram og er búin að búa hérna í um sex ár núna,“ útskýrir Edda sem hefur umboðsskrifstofur víða, en segist þó aðallega vinna með Supreme Management í New York. „Eftir að ég flutti hingað hef ég aðallega verið að ferðast um Bandaríkin, en síðan fæ ég oft verkefni á ótrúlegustu stöðum, svo sem Kúbu, Marokkó, Jamaíka og Tókýó,“ segir Edda, en myndaþátturinn fyrir Marie Claire var tekinn í Bora Bora á Tahítí. „Það tók mig heilan sólahring að fljúga til Bora Bora, en það var vel þess virði. Þetta er algjör draumastaður og þar gerðum við þrjár „beauty sögur“ sem birtust í júní, júlí og ágúst,“ útskýrir Edda.

Aðspurð segir hún starfið misskemmtilegt eftir verkefnum. „Sum verkefni eru alveg frábær, maður hittir skemmtilegt fólk, fer á flotta staði, en inn á milli eru katalógverkefni sem geta verið hálfgerð færibandavinna. Verkefnin koma í bylgjum, eina vikuna vinn ég alla daga frá 8 til 17, en síðan koma vikur sem ég vinn bara þrjá eða fjóra daga. Þá fer ég í jóga og bara nýt þess að búa í New York. Þetta er draumastarfið í bili, á meðan það gengur vel og mér finnst enn þá svona gaman að ferðast og sjá nýja staði,“ segir Edda. *- ag*



**V-Magazine** Úr myndatöku fyrir V-Magazine, sem er eitt uppáhaldstímarit Eddu.






## Náttúruleg fegurð

**Sheer color-línan frá Bobbi Brown er ómótstæðileg, með kremkenndum kinnalitum sem gefa fallega áferð. Perfectly defined Mascara greiðir vel úr augnhárunum og gerir augun ómótstæðileg, en sólarpúðrið gefur gullinn, sumarlegan blæ.**





**Allt til sölu** Flóamarkaðurinn er fyrir þá sem ekki fara út á land um verslunarmannahelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

# Glæða bæinn lífi

Flóamarkaður, sem ber yfirskriftina „Annars manns crap er hins mannsins shit“ verður haldinn á morgun í portinu fyrir framan Gallerí Crymogæa við Laugaveg. Flóamarkaðurinn hefst klukkan 13 og þar munu meðlimir gallerísins selja allt milli himins og jarðar. „Við vildum hleypa smá lífi í bæinn yfir verslunarmannahelgina þannig að þeir sem eftir verða í borginni hafi eitthvað skemmtilegt að gera. Við verðum með allt mögulegt til sölu þannig að fólk á eftir að geta gert góð kaup um helgina,“ segir Sólveig Pálsdóttir, sem rekur Gallerí Crymogæa ásamt Þorgerði Ólafsdóttur. Það er því um að gera að mæta tímanlega og gramsa eftir gersemum. *- sm*

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


3 fyrir 2
Yes To
snyrtivörur
40%
rammar
Páfugl áður 9.990,-
nú 5.994,-
Box tvö saman
áður 5.990,-
nú 5.091,-
Lampi áður 1.990,-
nú 1.691,-
Hvítur rammi
áður 1.790,-
nú 895,-
útsala
síðasta útsöluhelgin!
Útsölunni lýkur 2. ágúst.
15% afsláttur gefinn við kassa af öllum vörum
sem ekki eru á útsölu
Erum að
taka upp nýjar vörur
15%
afsláttur
af öðrum vörum
á meðan útsölu
stendur
Diskamottur í trékassa
áður 1.690,-
nú 1.436,-
40%
skrín
50%
Sumarvaran
á enn
lægra verði!
áður 4.990,-
nú 2.495,-
Bastkörfur
áður 3.990,-
nú 2.394,-
Stóll
áður 6.990,-
nú 5.941,-
Bastkörfur áður 4900,-
nú 4.165,-
Kerti í fötu
áður 990,-
nú 495,-
OLÍULUKT
áður 1.190,-
nú 595,-
Borð áður 5.990,-
nú 5.091,-
Bast
húsgögn
3 fyrir 2
Vasar
the
PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# LEGGUR SÖNGINN FYRIR SIG

**Hrund Ósk Árnadóttir, 24 ára, sigraði Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2005. Í viðtali við Föstudag segir hún frá söngferlinum, líkamsræktaráhuganum og fyrirhuguðum flutningum til Berlínar í haust.**

*Viðtal:* Alma Guðmundsdóttir
*Ljósmyndir:* Valgarður Gíslason



**Stefnir út**
„Það eru ýmis tækifæri hérna heima, en ef maður ætlar að verða óperusöngkona, já eða blússöngkona og lifa á því, verður maður að gera það erlendis," segir Hrund.

Ég byrjaði í kór þegar ég var lítil, svona aðallega af því ég var óþolandi heima. Ég var endalaust að söngla svo mamma setti mig í barna- og unglingakór Hallgrímskirkju til að losna við mig," segir Hrund brosandi. „Kórstjórinn minn, Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, varð svo fyrsti söngkennarinn minn og síðar stjúpmamma mín. Pabbi kom með í eitt kórferðalagið og eftir það voru þau saman í tíu ár og eiga saman tvö börn," útskýrir Hrund sem er fædd í Álaborg í Danmörku, þar sem hún bjó til sjö ára aldurs. Þá gekk hún í Melaskóla og síðar Hagaskóla en meðfram því sótti hún einkatíma hjá Bjarneyju Ingibjörgu í Söngskóla Sigurðar Dementz og hóf svo nám við Söngskólann í Reykjavík. „Í raun og veru kem ég ekki úr músíkalskri fjölskyldu. Það var eiginlega í gegnum æskuvinkonu mína sem tónlistaráhuginn kviknaði fyrst. Pabbi hennar er Tómas R., djassisti og bassaleikari, og þegar ég var í heimsókn hjá henni hlustuðum við mikið á Bessie Smith og Billie Holliday-plötur. Ég fílaði það rosalega vel og tónlistin höfðaði til mín, eitthvað hrátt sem kemur alveg frá rótunum," útskýrir Hrund.

## ALLAR DYR OPNAR

„Ég fór í MR og vildi halda öllum dyrum opnum svo ég fór á náttúrufræðibraut. Ég sé svolítið eftir því í dag því eftir á að hyggja hefði ég viljað vera á málabraut, en ég var ekki komin með neina fasta mynd á hvað ég vildi gera," segir Hrund, en ekki leið á löngu þar til sönghæfileikar hennar komu í ljós og hún varð fulltrúi skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna á sínu fyrsta ári.

„Ég byrjaði ung í þessum keppnum, fannst það rosalega gaman og hafnaði í þriðja sæti í Samfés í áttunda bekk. Ég lenti samt ekki í neinu sæti í Söngkeppni framhaldsskólanna á mínu fyrsta ári. Í fjórða bekk tók ég svo alveg pásu frá söngnum því ég fór sem skiptinemi til Frakklands í eitt ár. Mig langaði svo að læra frönskuna og sú kunnátta hefur nýst mér vel í klassíkinni. Þegar ég kom heim tók ég svo aftur þátt í söngkeppninni fyrir hönd MR og lenti þá í 1. sæti, árið 2005," segir Hrund sem söng lagið The saga of Jenny eftir Kurt Weill. „Það var eiginlega ekki fyrr en ári seinna, þegar ég var með skemmtiatriði í keppninni, sem hlutirnir fóru að gerast. Þá fékk ég tölvupóst frá Pálma Gunnarssyni og bauðst að spila með Blúskompaníinu, sem samanstóð af Pálma, Magga Eiríks, Gulla Briem og Agnari Má Magnússyni. Þeir voru fyrsta hljómsveitin sem ég spilaði með og það var frábær reynsla. Þegar maður spilar með svona reyndum tónlistarmönnum er eiginlega ekki aftur snúið," segir Hrund brosandi, en hún er nýkomin frá Grænlandi þar sem hún söng með hljómsveitinni Park Project á tvennum tónleikum. „Við byrjuðum í Ilulissat og dvöldum á einu besta hótelinu á Grænlandi, en það snýr út að Ísfirðinum þar sem maður sá risastóra ísjaka. Svo spiluðum við í Nuuk og Qaqortoq og undirtektirnar voru mjög góðar. Maður kom alveg endurnærður til baka."

## HLJÓP LAUGAVEGINN

Nóttina eftir að Hrund kom heim fór hún í rútu í Landmannalaugar til að hlaupa Laugavegsmaraþonið. „Ég byrjaði í Bootcamp í september í fyrra. Þegar fólk fór svo að skrá sig á Laugaveginn skráði ég mig án þess að pæla meira í því, en ég hafði aldrei hlaupið maraþon. Ein besta vinkona mín var líka að fara svo við æfðum saman og fórum í löng hlaup um helgar, en hún hafði fimm ára hlaupareynslu," útskýrir Hrund. „Ég man að fyrsta langa hlaupið okkar var fimmtán kílómetrar og það var mjög erfitt. Þá hafði ég aldrei hlaupið meira en tíu kílómetra í einu í mesta lagi. Ég var alveg í fínu formi, en hlaupaform er einhvern veginn allt annað og maður þarf að komast inn í vissan „rythma"," segir Hrund sem hljóp maraþonið á sjö klukkustundum og 26 mínútum. Spurð um líkamsræktaráhugann segir Hrund hann hafa kviknað strax í barnæsku. „Mamma mín var eróbikkkennari svo ég ólst hálfpartinn upp í líkamsræktarsal. Það eru mínar æskuminningar, að leika í Barbie undir dúndrandi eróbikktónlist þegar mamma var að kenna. Eftir að ég byrjaði í Bootcamp hefur áhuginn aukist hjá mér og ef ég hefði ekki farið út í sönginn hefði ég eflaust farið út í eitthvað líkamsræktartengt í háskólanum, til dæmis næringarfræði og svo örugglega tekið einkaþjálfarapróf og orðið leikfimikennari," segir Hrund.

## TIL BERLÍNAR

Hrund lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík í vor og ætlar að flytja til Berlínar í haust.

„Mig langar mikið að komast inn í Cardiff International Academy of Voice-skólann í Wales og núna er ég að bíða eftir dagsetningu fyrir áheyrnarprufuna mína. Ef ég kemst ekki inn fer ég að leita að óperustúdíóum fyrir 2010. Þar fær maður lítil hlutverk, vinnur með reyndu fólki og öðlast sviðsþjálfun, en í óperubransanum þarf að byggja úthald raddarinnar upp með litlum hlutverkum til að byrja með," útskýrir Hrund. „Ég ætla að fara í einkatíma í klassíkinni í Berlín þangað til ég veit hvort ég kemst inn í skólann, en ég get líka unnið fyrir mér með djass og blússöng þar í borg," bætir hún við og segir erfitt að velja milli klassíkurinnar og djass- og blústónlistarinnar. „Ég hef mikla ástríðu gagnvart hvoru tveggja. Það er mun frjálsari rammi í blúsnum, en þótt klassíkin sé formföst er til svo mikið af gríðarlega fallegri klassískri tónlist sem gefur blúsnum ekkert eftir hvað varðar tilfinningar og tjáningu."

Aðspurð segist Hrund ekki vera í sambandi. „Ég hef ekki tíma fyrir karl," segir hún brosandi. „Maður verður að passa sig að fókusera á það sem maður er að stefna að og ég get ekki lagt það á mig núna að samtvinna samband við það," bætir hún við og segist gera ráð fyrir að búa erlendis í framtíðinni. „Það eru ýmis tækifæri hérna heima, en ef maður ætlar að verða óperusöngkona, já eða blússöngkona og lifa á því, verður maður að gera það erlendis."

## * bak við tjöldin



**Stjörnumerki:**
Naut.

**Uppáhaldsmatur:**
Allur matur er uppáhaldsmatur.

**Uppáhaldsverslun:**
Ætli ég segi ekki KVK.

**Diskurinn í spilaranum:**
Enginn einn eins og er, en klassíkin er vinsæl þessa dagana samt.

**Mesta dekrið:**
Borða góðan mat og sofa. Að fara í nudd er líka geðveikur lúxus. „Simple pleasures".



**Draumafríið:**
Að vera einhvers staðar í góðu veðri og góðu yfirlæti þar sem ég þarf helst ekki að gera neitt!




**Líkamsræktin:**
Bootcamp, hlaup og Body Combat (Les Mills).

**Hverju myndirðu sleppa til að spara?**
Að kaupa föt.

**Áhrifavaldurinn:**
Manneskjur almennt. Ótrúlegasta fólk getur haft áhrif á mann, góð eða slæm.






# KAUPMANNAHÖFN

**Kristinn Óli Hrólfsson hárgreiðslumaður**

*BESTI MORGUNMATURINN?* Það yrði að vera íslenska skyrið! Algjör lúxus að geta núna keypt íslenskt skyr í stórmörkuðunum hér.

*BESTI SKYNDIBITINN?* Halifax á Frederiksborggade er með bestu borgarana í bænum. Brönsinn á Bankerät klikkar heldur aldrei.

*RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA?* Les Trois Cochons er æðislegur franskur staður sem býður upp á frábæran franskan mat og kósí stemningu. ekki skemmir fyrir að verðið er í lægri kantinum!

*UPPÁHALDSVERSLUN?* Það er erfitt að velja aðeins eina. Acne er í miklu uppáhaldi en Cos býður oft upp á svipuð föt nema á mun lægra verði. Það er líka skemmtilegt að kíkja í Goggle í Elmegade.

*BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ?* Tante T í Viktoriagade er lítil testofa sem fær mann til að slappa af og líða eins og maður sitji í betri stofunni heima hjá ömmu gömlu!

*BEST VIÐ BORGINA?* Garðarnir, vötnin og hafnarbaðið á Íslandsbryggju.

*LÍKAMSRÆKTIN?* á sumrin hleyp ég við vötnin en á veturna fer ég í ræktina úti á Basecamp á Christianshavn.

*HVERNIG ER BEST AÐ EYÐA DEGINUM?* Liggja í Kongenshave í góðum félagsskap á sólríkum sumardegi.









REYKJAVÍK STORE, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

operated by v8 ehf

G-STAR RAW DENIM · RAW DENIM 3301 BY G-STAR · 3301 RECORDS · RAW · g-star.com

© 2009 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

# tíðin

✻ gistir í tjaldi

**SPENNANDI SUMARLESNING** Manstu mig er ný bók eftir Sophie Kinsella, höfund metsölubókanna um Kaupalkann síglaða, eða „Confessions of a shopaholic“. Sagan fjallar um Lexí sem vaknar eftir næturdjamm og áttar sig á að þrjú heil ár af ævi hennar hafa þurrkast úr minni hennar. Manstu mig er fyndin ástar- og harmsaga sem enginn aðdáandi Kinsella má missa af og er tilvalin sumarlesning til að taka með í fríið.




## Ómissandi um verslunarmannahelgina



**1** Taktu með þér vatnsheldan maskara. Hann helst lengi á augnhárunum og þú getur verið áhyggjulaus þótt þú lendir óvænt í grenjandi rigningu.

**2** Hreinsiklútar eru ómissandi í ferðalagið. Þú ert enga stund að þrífa af þér förðunina í lok dags og klútarnir geta líka komið sér vel í veskinu ef þú kemst ekki til að þvo þér um hendurnar.



**3** Hafðu myndavélina með. Það er stranglega bannað að gleyma henni heima í skemmtilegu ferðalagi. Lítil stafræn myndavél geymir minningarnar þangað til þú setur þær inn á Facebook.

**4** Taktu með þér eitt krem, ekki allan snyrtiskápinn. Veldu þér eitt krem í handhægum umbúðum sem þú getur notað bæði á andlit og líkama. Það sparar pláss í töskunni og einfaldar málið.



**5** Ekki gleyma regnhlífinni. Í óútreiknanlegri íslenskri veðráttu er vissara að hafa varann á. Lítil regnhlíf tekur lítið pláss í töskunni og getur komið sér vel í ferðalaginu.



## TOPP 10

## UNNUR ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR
dansari



**OFNÆMISLYFIN MÍN.** Nauðsynleg til að lifa af.



**70 PRÓSENT SÚKKULAÐI.** Fæ mér það á hverju kvöldi.



**TÖLVAN.** Ég nota tölvuna mjög mikið daglega, eins og örugglega mjög margir.




**LOPAPEYSAN.** Ég fer ekki úr henni. Það er nauðsynlegt að eiga eina svona á Íslandi.



**STELLIÐ FRÁ MÖMMU SEM AMMA ÁTTI.** Ótrúlega fallegt og er mér mjög kært, ég elska svona rómantíska hluti sem eiga sér sögu.



**SNUDDUR DÓTTUR MINNAR.**



**MYNDAVÉLIN.**



**GIFTINGARHRINGURINN.** Fallegastur!



**FJÖLSKYLDUMYNDIN FRÁ RAGGA.** Æðisleg mynd sem bróðir mannsins míns gerði af okkur fjölskyldunni, hann er snillingur.



**HRÆRIVÉLIN.** Ég er kökusjúk og borða næstum eina kökusneið á dag.





LJÓSMYNDIR GLEÐJA
Einstök tækifærisgjöf!



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavík Museum of Photography

Grófarhús · Tryggvagötu 15 · 101 Reykjavík · Sími 563 1790 · www.ljosmyndasafnreykjavikur.is
Opið mánudaga til föstudaga frá 12–19 · helgar frá 13–17 · AÐGANGUR ÓKEYPIS

TAL
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
PEPSI DEILDIN
VÍSIR.IS


Hafdís Huld Þrastardóttir söngkona:

## Heldur tvenna tónleika

„Ég hef aldrei komið þangað en alltaf langað, svo það hljómaði eins og góð hugmynd að halda tónleika þar,“ segir Hafdís Huld um órafmagnaða tónleika sem hún heldur í Flatey á sunnudagskvöldið. „Þetta verður smá upphitun því svo erum við að spila með Bubba 5. ágúst á Café Rosenberg. Núna er ég því að velja mér Bubbalög því við munum syngja eitthvað af lögum hvort annars,“ útskýrir Hafdís, en í gær sendi hún frá sér nýtt lag sem heitir Synchronized swimmers.

Óhætt er að segja að Hafdís sé á ferð og flugi. Hún söng nýverið á Secret garden party-hátíðinni og var í kjölfarið boðið að taka þátt í Black cab session þar sem tónlistarmenn eru fengnir til að spila eitt lag inni í svörtum leigubíl og mega aðeins nota það sem passar aftur í bílinn. Daginn eftir tónleikana með Bubba heldur Hafdís svo aftur til Bretlands til að koma fram á Big Chill-tónlistarhátíðinni 8. ágúst.



**Á ferð og flugi** Hafdís Huld heldur tónleika í Flatey á sunnudagskvöldið, en í gær sendi hún frá sér lagið Synchronized swimmers af væntanlegri plötu.

„Eftir hátíðina ætlum við að gera tónlistarmyndband við Synchronized swimmers, en ég kem svo aftur til Íslands í byrjun september til að hljóðblanda plötuna mína í Stúdíó Sýrlandi. Phil Brown mun sjá um að hljóðblanda, en hann hefur unnið með listamönnum á borð við Jimmy Hendrix, Bob Marley, Rolling Stones, Dido og fleiri,“ segir Hafdís, en plata hennar er væntanleg í byrjun október. *- ag*

www.ellingsen.is

# KLÁRIR Á KRÓKINN!

## ÞÚ BARA MÆTIR MEÐ NESTIÐ, TENGIR VAGNINN OG BRUNAR INN Í VERSLUNARMANNAHELGINA

## Camp-let-tjaldvagn

**1.150.000 kr.**






Camp-let Concorde vagninn er tilvalinn fyrir þá sem vilja ferðast á þægilegan máta. Í vagninum er þriggja brennara eldavél og 13 lítra vatnstankur og honum fylgir stórt og rúmgott fortjald. Að auki er hægt að kaupa viðbótartjöld sem stækka svefnrými og auka þægindi.

| | |
|---|---|
| • Heildarlengd | 3,2 m |
| • Heildarbreidd | 1,6 m |
| • Lengd að innan | 5,7 m |
| • Breidd að innan | 4,0 m |
| • Eigin þyngd | 250 kg |
| • Burðargeta | 250 kg |
| • Heildarþyngd | 500 kg |
| • Dekkjastærð | 13 tommur |

## Montana-tjaldvagn

**ásamt fortjaldi og yfirbreiðslu**

**890.000 kr.**

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA



| | |
|---|---|
| Heildarlengd | 3,3 m |
| Heildarbreidd | 1,6 m |
| Lengd að innan | 2,4 m |
| Hæð að innan ( minnsta hæð) | 1,9 m |
| Breidd að innan | 1,9 m |
| Eigin þyngd | 270 kg |
| Heildarþyngd | 395 kg |
| Burðargeta | 125 kg |
| Veggir, tjalddúkur: Ten Cate | 280 g/m2 |
| Gólf, tjalddúkur: Ten Cate | 320 g/m2 |
| Dekkjastærð | 13 tommur |



MONTANA

**REYKJAVÍK**
**Fiskislóð 1 • Sími 580 8500**
**Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16**

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Símon Birgisson leikskáld**

1



**Ég fæ mér morgunkaffi á Prikinu. Svartan kaffibolla og rúnnstykki með osti og marmelaði. Hlusta á fréttirnar og blogga um heimsmálin.**

2



**Tek strætó til Hafnarfjarðar og skelli mér í Suðurbæjarlaugina. Geri jógaæfingar í bestu útiklefum á Íslandi og læt sólina þurrka mér.**

3

**Heimsæki vinnustofu Sigga Páls að ræða ljóðaþýðingar og fæ innblástur að nýju leikriti.**

4



**Það er föstudagur og ég nenni ekki að sjóða mér ýsu og kartöflur. Fer á Boston og borða fiskrétt dagsins í staðinn og fæ mér bjór á Ölstofunni í eftirrétt.**

5



**Föstudagsnóttin breytist í laugardagsmorgun. Þá panta ég vodka í orkudrykk á Ellefunni og horfi á sólina koma upp við Tjörnina.**





512 50 50
Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## Hljóðfæri




### Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Til bygginga



### Harðviður til húsabygginga.
### Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

## Verslun

extrakaup
EXTRA GÓÐ KAUP

**HEFUR OPNAÐ aftur að Suðurlandsbraut 8.**
**Verslunarmannahelgar tilboð**
**4m. tjald og svefnpoki 5.900**
**2m. tjald og svefnpoki 4.900.**
**Einangrunnar dýnur í tjöld 990.**
**Regngallar á 990 kr.**
**Mikið úrval af leikföngum og gjafavörum, ódýr og góð kaup.**
**Opið 11 til 18 virka daga. Simi 869 1522.**










# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

### Tantric Massage of Sacred touch
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

### ALNUDD - TILBOÐ KR. 3.500.-
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-

slökunarnudd,Svæðanudd, sjúkranudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Búslóð til sölu s.s. Ísskápur, eldhúsborð & stólar og fleira. uppl. s. 691 3315.

## Dýrahald



Til sölu labradorhvolpar upplýsingar í síma 820 5670 og á bjarg@internet.is.

dyrabaer.is
Ný vefverslun

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn



### Gæsaveiði-kornakur.
ILus veiðileyfi í kornakur í Skagafirði. Möguleiki að blanda saman stangveiði og skotveiði. Hús fylgir. Uppl. í s. 868 4043.

### Sjóbleikja
Til sölu veiðileyfi í Fellsá, Kollafirði, Strandabyggð. Upplýsingar veitir Barbara Ósk í síma: 451 3343 og GSM 663 4628.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

Íbúði til leigu í Hamrahlíð, björt og rúmgóð á efstu hæð í góðu þríbýli. 96 fm. Uppl. í S: 821 3790.

Til leigu nú þegar herb. á svæði 109 með aðgang að snyrtingu og sturtu. Uppl. í s. 867 8515.

### Kaupmannahöfn
Herb. til leigu í miðborg Kaupm.h. Jóhanna s. 0045 4031 9154.

### 101 Rvk
2ja herb. 52 fm. íbúð í Parhúsi til leigu á 88 þús. Ísskápur og þvottavél geta fylgt. S. 770 7654.

Björt 3ja herb. kj.íbúð m/sérinngangi við Kennaraháskólann. Laus 1.ág. Getur leigst m/húsgögnum. s. 899 3954, vildis@internet.is

2 herb. útsýnisíbúð í lyftublokk í Espigerði. Póstnr 108. Uppl + sjá myndir á Miklaborg.is S: 569 7000

Til leigu 2-3 hebergja íbúð í kórahverfi í kópavogi. Eitt 15 fm herbergi með gluggum. 1 gluggalaust herbergi með loftræstingu inn og út, neðrihæð í parhúsi, verð 110 þús. per mán. með hita og rafmagni, stöð 2 og interneti. Laus strax. Uppl. í s. 692 4441.

## Húsnæði óskast

Ung kona óskar e. 2 herb. íbúð til leigu nál. miðbæ Rvíkur. Þýðandi, kennari, reyklaus. Greiðslug. 70-80 þ. s. 691 4369.

## Sumarbústaðir

Lítill sumarbústaður til sölu í Grímsnesi. Uppl í s. 661 7159.

Sumarhús á Seyðisfirði til leigu. Uppl. seydisfjordur@hotmail.com & 895 4948 & 846 1206.

## Geymsluhúsnæði

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

### www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Járniðnaðarmenn**
**Óskum eftir vélvirkja, járniðnaðarmanni, nema og aðstoðamanni.**
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn**

Veitingahús í Hfj. óskar eftir starfsfólki í sal, íslenska skilyrði. Uppl. í S: 822 5229.

### Tækifæri í Svíþjóð.
Hefur þú í hyggju að flytja til Svíþjóðar en vantar aðstoð með húsnæði? Við höfum yfir að ráða einbýlishúsum og íbúðum til lengri eða skemmri tíma. Gætum einnig boðið handlögnum manni eða iðnaðarmanni vinnu í skamman tíma - 1-2 mán. Upplýsingar um aðstæður og fyrirspurnir sendist á: Junshu888@gmail.com

Verslanir The Pier óska eftir Lagermanni í 60% starf. Vinnutími frá 9-15. Áhugasamir sendi póst á Katrínu, katrin@pier.is

### Spjalldömur á Sexychat
Finnst þér gaman að daðra við karlmenn á netinu? Viltu afla þér tekna með áhugamálinu? Kynntu þér málið á Sexychat.is.

Starfskraftur óskast við grillskálann á patreksfirði sem er bráðlaginn að kokka. Hann/hún verður að geta hafið störf sem fyrst, húsnæði í boði, meðmæli og sakavottorð. Uppl. í s. 692-5519 / 456-1599 Katrín

Pósthúsið

Pósthúsið er dreifingarfyrirtæki á landsvísu. Við leitum eftir aðilum til samstarfs í ýmsum dreifingarverkefnum 1-2 í viku á eftirfarandi svæðum : Keflavík - Grindavík - Garður - Sauðárkrókur - Hvammstangi. Áhugasamir hafa samband við Siggu Birtu í s.585-8330 eða í gegnum tölvupóst siggabirta@posthusid.is

**Búr ehf - Vaktstjóri**
**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig leitum við að starfsmönnum á lager.**
**Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Starfsfólk fra Lettlandi óskar eftir vinnu á Islandi: smiðir, verkamenn, bilstjórar, fiskvinnuslufólk o.fl. S.8457158

Lærður Þjónn með góða reynslu óskar eftir starfi Sími : 691 0339. Árni

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

Er að fara í frí og langar að kynnast konu sem ferðafélaga. Er sjómaður á besta aldri. Aldur skiptir ekki máli. Allt frítt. Uppl. í s.662 4129

### Frábær ný upptaka
Ung kona fer í nudd til annarrar konu. Frásögnin er ákaflega næm og persónuleg og seinasti hluti upptökunnar er svo „innilegur" að það er unun að hlýða. Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930, upptökunr. 8530.

### Djörf samskipti
Sexychat.is er djarfur samskiptavefur fyrir fólk sem leitar náinna kynna. Kynntu þér málið á Sexychat.is

### Spjalldömur á Sexychat
Nú geta heitar og skemmtilegar konur hagnast á djörfum net-samskipum við hvern sem er. Kynntu þér málið á Sexychat.is

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Til sölu



**NÝR HRAÐBÁTUR TIL SÖLU**

Til sölu 5,35 m 8 manna nýr hraðbátur, Ásamt vagni. Uppls. í síma 898-5254








**J.K. ROWLING FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1965.**

*„Manni eru allir vegir færir hafi maður hugrekkið sem til þarf.“*

***Joanne Kathleen Rowling, einnig þekkt sem J.K. Rowling, er höfundur ævintýrabókanna um galdrastrákinn Harry Potter, þær hafa selst í milljónatali um allan heim.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 31. JÚLÍ 1991

## *Börn náttúrunnar frumsýnd*



Börn náttúrunnar, kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, var frumsýnd í Stjörnubíói á þessum degi árið 1991.

Myndin segir frá Þorgeiri sem er fluttur á elliheimili í Reykjavík eftir að hafa búið í sveit allt sitt líf. Hann hittir aftur gamla vinkonu sína, Stellu, og saman strjúka þau af elliheimilinu og snúa á heimaslóðir. Með aðalhlutverk í myndinni fara Gísli Halldórsson og Sigríður Hagalín.

Fram að gerð myndarinnar hafði leikstjórinn Friðrik Þór verið viðloðandi kvikmyndaiðnaðinn síðan um miðjan áttunda áratuginn. Stuttmyndir, heimildarmyndir og kvikmyndir, þar á meðal Skytturnar frá árinu 1987, voru á ferilskránni.

Óhætt er að segja að Börn náttúrunnar hafi markað þáttaskil á ferlinum, meðal annars vegna þeirrar alþjóðlegu athygli sem hún hlaut. Ekki síst í kjölfar tilnefningar til Óskarsverðlauna í flokknum besta erlenda kvikmyndin árið 1991. Er myndin sú eina íslenska í fullri lengd sem hefur náð þeim árangri.

**MERKISATBURÐIR**

- **432** Sixtus III. páfi tekur við embætti.
- **1423** Englendingar vinna sigur á Frökkum í orrustunni við Cravant.
- **1703** Daniel Defoe settur í gapastokk fyrir háðsbækling gegn breskum íhaldsmönnum.
- **1927** Erlingur Pálsson sundkappi syndir úr Drangey til lands, svokallað Grettissund. Ekki er vitað til að nokkur maður hafi leikið þetta eftir Gretti fyrr en Erlingur. Sund hans tekur 4 klukkustundir og 25 mínútur.
- **1992** Fyrsta glasabarnið fæðist á Íslandi, stúlka sem vegur 14 merkur.

AFMÆLI



**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR,** leikstjóri og stjórnmálamaður, er 54 ára.



**WESLEY SNIPES** leikari er 47 ára.



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Flemmings Holm**
Hverafold 2, Reykjavík.

**Jón Hólm** — **Gréta Jóhannsdóttir**
**Jakob Hólm**
**Jórunn G. Hólm**
**Gunnar Hólm** — **Lise Sörensen**
**Flemming Þór Hólm** — **Aðalheiður K. Jurado**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Maðurinn minn,*

**Þorgrímur Þórðarson**

andaðist miðvikudaginn 29. júlí á líknardeild Landakots.

**Jónína B. Thorarensen**
**og fjölskylda.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, uppeldisfaðir, tengdafaðir, sonur, bróðir, mágur, tengdasonur og frændi,*

**Njáll Skarphéðinsson**
Dofrakór 7, Kópavogi,

sem varð bráðkvaddur í sumarhúsi fjölskyldunnar föstudaginn 24. júlí, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju miðvikudaginn 5. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast Njáls er bent á reikning barna hans, 0328-13-300995, kt. 290972-3029.

**Hrefna Sigurbjörg Jóhannsdóttir**
**Kjartan Hreinn Njálsson**
**Skarphéðinn Njálsson** — **Unnur Ósk Rúnarsdóttir**
**Illugi Njálsson**
**Hrafntinna Njálsdóttir**
**Hallgerður Njálsdóttir**
**Jóhann Bjarni Kjartansson** — **Borghildur Sverrisdóttir**
**Sigurbjörn Snævar Kjartansson** — **Wichuda Buddeekham**
**Skarphéðinn Sveinsson** — **Íris Bachmann Haraldsdóttir**
**Haraldur Skarphéðinsson** — **Eygló Linda Hallgrímsdóttir**
**Sveinn Skorri Skarphéðinsson** — **Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Jóhann Guðjónsson.**



**ÞYKIR FALLEG ALLT ÁRIÐ** Erla Bil Bjarnardóttir segir bæjarbúa hafa látið í ljós ánægju sína með Bæjarbrautina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BÆJARBRAUTIN Í GARÐABÆ:** HLÝTUR UMHVERFISVIÐURKENNINGU ÁSAMT ÖÐRUM

# Mikil garðamenning í Garðabæ

Umhverfisviðurkenningar voru veittar í Garðabæ í vikunni en þá hlutu eigendur fimm íbúðarhúsalóða og einnar atvinnulóðar viðurkenningu fyrir snyrtilegar lóðir. Þá var Bjarkarás valin snyrtilegasta gata bæjarins auk þess sem umhverfi Bæjarbrautar hlaut sérstaka umhverfisviðurkenningu. Lóða- og götuviðurkenningarnar hafa verið veittar frá árinu 1988 en ef tilefni þykir til eru veittar sérstakar umhverfisviðurkenningar.

„Bæjarbrautin þykir bæði snyrtileg og græn. Hún er ein helsta gata bæjarins og þótt engin íbúðarhús standi við hana þá hafa bæjarbúar látið í ljós ánægju sína með hana allan ársins hring,“ segir Erla Bil Bjarnardóttir, garðyrkjustjóri Garðabæjar og starfsmaður umhverfisnefndar bæjarins. „Bæjarbrautin er tengibraut á milli Vífilsstaðavegar og Arnarnesvegar og er umhverfi hennar vítt og grænt. Gróðurbeltið er um 600 lengdarmetrar og þarfnast töluverðrar umhirðu. Það skartar fjölbreyttum trjágróðri á sumrin og í skammdeginu er skrautlýsingum komið fyrir í trjánum en allt þetta gleður gangandi og akandi vegfarendur,“ segir Erla Bil.

Þegar kemur að vali á lóðum segir hún ekki endilega verið að horfa á fjölda blóma eða hversu miklum fjármunum hefur verið varið í garðana, heldur frekar á hversu vel þeir eru hirtir og auðsjáanlega alúð garðeigenda. Eingöngu er farið eftir ábendingum sem auglýst er eftir á vef bæjarins og í bæjarblaðinu svo Erla segir vel hugsanlegt að framúrskarandi garðar leynist víðar enda mikil garðamenning í Garðabæ. „Það er markmið bæjarbúa að búa í bæ sem er með þeim snyrtilegustu á landinu og leggja þeir sitt af mörkum til að standa undir því.“

Erla segir valið á snyrtilegustu götu ársins nokkuð frábrugðið því sem verið hefur undanfarin ár en yfirleitt eru það gamalgrónar götur sem hljóta viðurkenningar. „Bjarkarásinn er ný gata og erum við að verðlauna heildarfrágang. Lóðirnar við húsin eru nýfrágengnar og er heildaryfirbragð þeirra samræmt sem sem við vonum að verði öðrum hvatning.“

vera@frettabladid.is



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulega föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Björnssonar**
fyrrv. frystihússtjóra, Kirkjubæjarklaustri;

sérstakar þakkir til alls starfsfólks Klausturhóla fyrir umhyggju og hlýju við hann. Guð blessi ykkur öll.

**Björn Vignir Jónsson** — **Þóra Sen**
**Ásgeir Jónsson** — **Drífa Ingimundardóttir**
**Birgir Jónsson** — **Bryndís Guðgeirsdóttir**
**Gunnar Þór Jónsson** — **Sveinbjörg Pálsdóttir**
**Ingibjörg Elín Björnsdóttir** — **Jón Björnsson yngri**
**Þóra Birna Ásgeirsdóttir** — **Ingi Björn Ásgeirsson**
**Jón Geir Birgisson** — **Sigrún Inga Birgisdóttir**
**Hrafnhildur Rós Gunnarsdóttir** — **Tinna Lind Gunnarsdóttir**
**Atli Þór Gunnarsson**
**Þórður Bergmann Þórðarson**
**makar og langafabörn.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Héðinn Gústaf Jóhannesson**
fyrrverandi flugvallarfræðingur og deildarstjóri,

lést þann 15. júlí sl. Jarðaförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sendum okkar bestu kveðjur með hlýhug og þakklæti til starfsfólks á deild K1-Landakoti og starfsfólks á Vífilsstöðum. Þeir sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**Málfríður Jónsdóttir**
**Margrét Ólöf Héðinsdóttir**
**Héðinn G. Héðinsson** — **Rosemary Thomas**
**Alexander K. Gústafsson**
**Freyja K. Héðinsson**
**Ivar J. Eric Héðinsson.**

# BYLGJAN
## VERÐUR SPRELLLIFANDI OG SPRÆK ALLA VERSLUNARMANNAHELGINA

Bylgjufólkið verður í ferðagírnum: Hemmi og Svansí verða í spánnýjum stuttbuxum. Heimir, Kolla og Gulli ætla að vera enn hressari en Simmi og Jói sem verða þó hressari en nokkru sinni fyrr. Þorgeir, Bragi og Ásgeir Páll verða í vöðlunum og Siggi Ragg, Rúnar Róberts og Ívar Halldórs verða með opinn flugmiða. Sigurjón M. Egilsson verður með útigrillið sitt á Sprengisandi. Vertu með Bylgjunni alla verslunarmannahelgina og þú missir ekki af neinu.



## VERSLUNARMANNAHELGIN 2009 Á BYLGJUNNI

**Föstudagur:**

06.50 – 09.00 Í bítið - Heimir og Gulli
09.00 – 13.00 Sigurður Ragnarsson
13.00 – 16.00 Rúnar Róbertsson
16.00 – 18.30 Reykjavík síðdegis - Þorgeir, Bragi og Ásgeir Páll
18.30 – 19.00 Fréttir
19.00 – 22.00 Hemmi, Svansý og Bragi
22.00 – 03.00 Partývaktin - Ásgeir Páll

**Laugardagur:**

09.00 – 12.00 Simmi og Jói
12.00 – 16.00 Hemmi, Svansí og Bragi
16.00 – 18.30 Veistu hver ég var? – Gulli Helga
18.30 – 19.00 Kvöldfréttir
19.00 – 22.00 Bragi Guðmundsson
22.00 – 03.00 Partývaktin – Ásgeir Páll

**Sunnudagur:**

08.00 – 10.00 Bestu bitar vikunnar
10.00 – 12.00 Sprengisandur – Sigurjón M. Egilsson
12.00 – 16.00 Heimir, Kolla og Bragi
16.00 – 18.30 Veistu hver ég var? – Gulli Helga
18.30 – 19.00 Kvöldfréttir
19.00 – 22.00 Bragi Guðmundsson
22.00 – 03.00 Partývaktin – Ásgeir Páll

**Mánudagur:**

09.00 – 12.00 Ívar Halldórsson
12.00 - 16.00 Heimir, Kolla og Bragi
16.00 – 18.30 Bragi Guðmundsson
18.30 – 19.00 Kvöldfréttir
19.00 – 23.00 Ívar Halldórsson

**REYKJAVÍK OG SUÐVESTURHORNIÐ:**

Reykjavík - 98,9
Mosfellsbær - 91,4
Grindavík - 96,0

**NORÐURLAND:**

Hrútafjarðarháls - 99,5
Blönduós - 98,9
Skagafjörður - 97,9
Siglufjörður - 102,3
Ólafsfjörður - 100,6
Dalvík - 97,9
Akureyri og nágrenni - 92,7
Húsavík - 100,9
Raufarhöfn og Þórshöfn - 100,5

**VESTFIRÐIR:**

Patreksfjörður - 101,3
Bolungarvík - 94,9
Ísafjörður og nágrenni - 97,9
Tálknafjörður - 104,1

**VESTURLAND:**

Borgarnes - 91,7
Borgarfjörður - 96,4
Borgarfjörður, Skorradalur - 101,9
Ólafsvík - 92,1
Grundarfjörður - 104,1
Stykkishólmur - 100,9
Búðardalur - 97,9

**AUSTURLAND:**

Vopnafjörður - 104,1
Egilsstaðir - 98,9
Seyðisfjörður - 89,7
Neskaupstaður - 98,9
Eskifjörður - 97,9
Reyðarfjörður - 94,8
Fáskrúðsfjörður - 103,0
Hornafjörður - 100,9
Djúpivogur - 104,1
Stöðvarfjörður - 98,9

**SUÐURLAND:**

Kirkjubæjarklaustur - 97,9
Mýrdalssandur og Skeiðarársandur - 94,5
Vík í Mýrdal - 100,9 og 94,5
Vestmannaeyjar - 100,9
Laugarvatn og Flúðir - 91,8
Selfoss, Hveragerði og Þorlákshöfn - 97,9

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS Kjúklingur
Bringur
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.
Holta
Bringur
1679
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 1679 kr./kg.
PEPSI MAX
PEPSI
98
98 kr. 1 ltr.
PEPSI OG PEPSI MAX 1 ltr. 98 kr.
579
sex flöskur 1/2 ltr.
EGILS KRISTALL PLÚS (RAUÐUR)
6 FLÖSKUR ½ LTR. 579 kr.
FERSKUR H
FER
MERKT VERÐ
Grísaveisla
Grísakótilettur
698
G.V FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
698 kr./kg.
Ali
398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 398 kr./kg.
BÓNUS
30%
AFSLÁTTUR
BÓNUS SKINKA
MERKT VERÐ 898 KR. 30% AFSLÁTTUR 629
1359
K.S LAMBALÆRI OG
LAMBAHRYGGUR
FRYSTIVARA 1359 kr./kg.
1078
K.S FROSIÐ
LAMBALÆRI
1078 kr./kg.
BÓNUS
Hangiálegg
1998
ÓMISSANDI Í ÚTILEGUNA
FLATKAKA MEÐ HANGIKJÖTI
FLATKÖKUR
BÓNUS
5 stk.
89
BÓNUS FLATKÖKUR 5 stk 89 kr.
BÓNUS HANGIÁLEGG 1998 kr/kg.
MERKT VERÐ 2498 20% AFSLÁTTUR
MEST SELDA HANGIÁLEGGIÐ Í BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS UM
VERSLUNARMANNAHELGINA
Laugardagur 1. ágúst 10.00 – 18.00
Sunnudagur 2. ágúst 12.00 – 18.00
SUNNUDAGUR 2. ÁGÚST
OPIÐ Í ÞESSUM VERSLUNUM
Grafarvogi - Smáratorgi - Fiskislóð-
Holtagörðum - Hafnarfirði/Helluhraun
Reykjanesbæ - Hveragerði - Selfossi
- Egilsstöðum - Ísafirði - Stykkishólmi -
Akureyri/Langholt - Borgarnesi
Allar Bónus verslanir lokaðar
mánudaginn 3. ágúst.
Hamborgarar
Nautaveisla
498
N.V FJÓRIR 100 GR NAUTAHAMBORGARAR
M/BRAUÐI 498 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

EILL ALI KJÚKLINGUR

40% AFSLÁTTUR

RSKUR HEILL ALI KJÚLINGUR
98 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 598 kr./kg.

595

COKE COKE ZERO COKE LIGHT
4 FLÖSKUR/ 2 LTR.= 8 LÍTRAR! 595 kr.

129

HÁLFUR LÍTRI

ES ORKUDRYKKUR HÁLFUR LÍTRI AÐEINS 129 kr.

398

CAPRI SONNE 10 STK. *200ml ÁLPOKAR* 398 kr.

498

GÓU ÞRENNA; *HRAUN-ÆÐI-PRINS* 498 kr.

159

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG *(13 SAMLOKUR)* 159 kr.

1298

PRINCE PÓLÓ 32 STK 1298 kr.

20% AFSLÁTTUR

SAMLOKUOSTUR Í SNEIÐUM
20% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
MERKT VERÐ 1490 KR./KG.
1192 kr./kg.

98 30% AFSLÁTTUR

BÓNUS VÍNARPYLSUR
MERKT VERÐ 698 KR. 30% AFSLÁTTUR.
489 kr./kg
PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr.

219

BÓNUS SNAKK 160G ALLAR TEG 219 kr.
*FITULÍTIÐ/ÍSLENSKUR IÐNAÐUR*

98

BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ
XL 4 STK 98 kr.

198

BÓNUS NÝBAKAÐ LANGLOKUR
4 STK 198 kr.

198

BÓNUS NÝBAKAÐ KORNKUBBAR
4 STK. 198 kr.

59

BOLLASÚPUR 65 GR BOX 59 kr.

398

AMERÍSK FERSK BLÁBER 311g
*MEÐ FLUGI* 398 kr.

298

PAPRIKA INNFLUTT RAUÐ OG GRÆN
298 kr./kg.

259

H.G GARÐSALAT 200g 259 kr.

Nýjar erlendar kartöflur í lausu
129 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



Helgarblaðið:

Tjaldborgartjöld og kók í einslítragleri - Verslunarmannahelgin í myndum í gegnum árin.

Hvernig treystir þjóðin forystumönnum stjórnmálaflokkanna? Niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Messa í trjálundi og hjónavígsla í óbyggðum. Dagur í lífi sveitaprests.



Inni og úti:

Hestvagnaferðir í anda Jane Austin á Akureyri.

Helstu náttúruperlur Íslands í máli og myndum.



Allt sem þú þarft



NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

# Hann heitir Árni ...

Tíðar fréttir vikunnar af undirbúningi Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum sem hefst í dag, mörgum til mikillar kátínu, færðu mig í huganum nokkur ár aftur í tímann til fyrstu og hingað til einu heimsóknar minnar í Herjólfsdalinn.

Þetta var í miðju algleymi góðærisins. Mér, ásamt nokkrum af starfsmönnum þáverandi vinnustaðar míns, var höfðinglega boðið að sæta svokallaðri VIP-meðferð á sunnudagskvöldi verslunarmannahelgarinnar í Eyjum, sem þýddi frítt flug á staðinn, frítt húsnæði í hjarta bæjarins og miklum mun meira af mat og áfengum drykk en við gátum látið okkur dreyma um að torga – frítt. Við þáðum með þökkum.



Hópurinn lenti í Eyjum árla dags. Eyjapeyi númeró únó, Árni Johnsen þingmaður, tók á móti okkur á flugvellinum og í rútunni inn í bæinn lék hann og söng fyrir okkur nokkra vel valda slagara úr yfir(gítar)gripsmiklum katalóg sínum. Eftir skipulagða skoðunarferð um steinbæ nokkurn í dalnum dró Árni upp slaggígjuna að nýju og tók lagið, á milli þess sem hann sagði skemmtisögur af frægum Vestmannaeyingum sem flestir virtust eiga það sameiginlegt að þjást af atferlisröskun af einhverju tagi.

Eftir smá afslöppun um miðjan daginn var hersingin drifin í heljarinnar veislu niðri við höfn, og hver skyldi þar hafa leikið og sungið fyrir dansi annar en Árni? Úr teitinu lá svo leiðin á hátíðarsvæðið að nýju, þar sem hápunkturinn var hinn víðfrægi brekkusöngur. Þar var Árni í aðalhlutverki eins og svo oft áður.

Það er ekki að spyrja að gestrisni Eyjamanna. En sumir í hópnum voru orðnir nett útúr-Árnaðir á því í lok dags.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM



### ONE 751
**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

9 TÍMA RAFHLAÐA

Nýjasta og flottasta smá-fartölvan í dag, aðeins 1.3kg og með alvöru HD 1366x768 upplausn í 11.6" LED LCD örþunnum skjá

- Intel Atom Z520 1.33Ghz örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400RPM SATA harðdiskur
- 11.6" CineCrystal 1366x768 LED skjár
- 54Mbps þráðlaust net, netkort ofl.
- Glæný rafhlöðutækni allt að 9 tímar
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Microsoft Works ritvinnsla ofl.
- Windows XP Home SP3

acer

**99.900**



### 500GB
**HDMI EDITION 1080i**

HDMI 1080i NÆSTA KYNSLÓÐ SJÓNVARPSFLAKKARA

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

**29.900**

750GB AÐEINS 34.900



### 10MP
**STAFRÆN MYNDAVÉL**

Fislétt og örþunn stafræn myndavél frá BenQ sem tekur sjálfvirkar brosmyndir, lagar rauð augu og er með Super Shake Free hristivörn

- Örþunn og glæsileg 10MP myndavél
- 3x Optical Zoom linsa / 5x Digital
- Hágæða linsa og Shake-Free hristivörn
- Stór 2.7" LCD 230K litaskjár á bakhlið
- Sjálfvirkar brosmyndir og lagar rauð augu
- Tekur upp myndskeið með hljóði
- Aðeins 120gr og 20mm á þykkt
- Hleðslurafhlaða og taska fylgir

BenQ

**19.900**



### 5536
**ACER FARTÖLVUTILBOÐ**

LED 16:9 SKJÁR

Nýjasta kynslóð fartölva frá Acer með alla nýjustu tæknina og LED 15,6" Cinema skjá fyrir hærri upplausn og betri mynd

- AMD Dual Core X2 QL64 2.1GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,6" CineCrystal 16:9 LED skjár
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 512MB ATI HD3200 skjástýring
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

acer

**119.900**



### ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Vírus og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

**2.990**

HVER HAFIN KLUKKUSTUND



20% AFSLÁTTUR

**MINNISKORT**

AÐEINS Í DAG - LOKAÐ UM HELGINA



LaCie

1TB HÁGÆÐA LACIE HARÐISK FLAKKARI TILBOÐ

**19.900**

500GB ÚTGÁFA AÐEINS 14.900



**OPIÐ**

Í DAG ER OPIÐ 10:00 TIL 18:30 EN LOKAÐ UM HELGINA

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Birt með fyrirvar um breytingar, prentvillur og myndbrengl

## > NÓG KOMIÐ AF FOX

Bandarískir karlmenn virðast hafa fengið nóg af kynbombunni Megan Fox og hafa útnefnt 4. ágúst næstkomandi Megan Fox-lausa daginn. Á þeim degi ætla vefsíðurnar Asylum, Double Viking og AskMen ekki að skrifa eina einustu frétt um fröken Fox, en markhópur þessara vefsíðna eru karlmenn á öllum aldri. „Stundum fá menn of mikið af því góða," var haft eftir ritstjóra AskMen.



# Fólk

folk@frettabladid

# Subbufest haldið á Seyðisfirði

Ekki allir ætla á útihátíð um helgina og bregða sumir á það ráð að búa til sínar eigin hátíðir. Guðmundur Vestmann og vinir standa til að mynda fyrir Á sæði, subbufest á Seyðisfirði.

„Þetta eru bara nokkrir vinir að hittast yfir verslunarmannahelgi. Það er smá dagskrá, einn vinur okkar er DJ og hann ætlar að spila. Þetta er ekki mikil hátíð þannig lagað, heldur bara fólk sem nennir ekki að taka þátt í þjóðhátíð og hvað þetta allt heitir, heldur vill vera heima hjá sér og hafa það gaman," segir Guðmundur, en hann vinnur sem þjónn á Hótel Öldunni í sumar. Hann stundar annars nám við íslensku og ritlist í Háskólanum.

Nafn „hátíðarinnar" er útúrsnúningur á nafni listahátíðarinnar Á seyði. „Ég veit ekki hversu stór hópur þetta verður, kannski tuttugu, þrjátíu manns. Svo eru allir Seyðfirðingar velkomnir ef þeir vilja taka þátt í þessu."

Á dagskrá eru meðal annars blautbolakeppni stráka, karíókí, kubbmót, þríþraut og þrjú bíó þar sem Fear and Loathing in Las Vegas verður sýnd. Þá hafa verið útbúnir bolir með nafni hátíðarinnar og slagorði Lárunnar, Engin miskunn.

Í Skaftfelli verður boðið upp á Á sæði-sérréttinn, brundbita og bjór. „Það eru allir svo miklir vinir hérna, ég talaði við kokkinn í Skaftfelli um að hafa lítið „happy hour" hérna, gera eitthvað spes. Það var ekkert mál. Þetta er allt voðalega vinalegt og kósí, þótt þetta hljómi kannski ógeðslega. Þetta er allt mjög gott fólk." - kbs



**Í HÓPI VINA** Guðmundur skemmtir vinum sínum með óvenjulegum hætti um helgina. MYND/VESTMANN




VERSLUNARMANNAHELGIN
Á KRINGLUKRÁNNI



Hljómsveitin
5 Á RICHTER
föstudags- og laugardagskvöld

Sérstakur gestur
söngkonan frábæra
Lísa úr Idolinu



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


# Í fjórða sæti í netkosningu

**Hulda Lind Kristinsdóttir er fjórða í netkosningunni í fegurðarsamkeppninni Miss Tourism Queen fyrir hönd Íslands. Hún fann keppnina sjálf á netinu og fer út á eigin vegum.**

„Þetta er bara fegurðarsamkeppni og sá sem vinnur fær peninga og fullt af verðlaunum. Það eru svo alls konar titlar innan keppninnar, það er til dæmis valið besta bikiní-módelið. Svo fer ég út með íslenskan þjóðbúning að andvirði þrjár milljónir króna, en það er keppt um flottasta þjóðbúninginn líka," segir Hulda Lind Kristinsdóttir um fegurðarsamkeppnina Miss Tourism Queen sem hún tekur þátt í. Keppnin er haldin í Zhengzhou í Kína og stendur frá 7. til 30. ágúst.

Hulda kom sér sjálf í keppnina og fer út á eigin vegum þó hún keppi fyrir hönd Íslands. Hún segir þátttöku sína afrakstur þrotlausrar leitar um netið og fjölda tölvupósta til hinna og þessara innan geirans. Það var ekki fyrr en um miðjan júlímánuð sem svar barst og hún vissi að hún væri á leiðinni út að keppa. „Síðan þá er ég bara búin að vera að versla fyrir keppnina, mest í Karen Millen. Það er svo margt sem ég þarf að taka með mér og svo mörg kokkteilboð þarna sem maður þarf að vera fínn í."

Þetta er fyrsta keppni Huldu. „Það opnast náttúrulega margir möguleikar. Þó maður vinni ekki alveg allt þá er fullt af fólki sem verður þarna á þessum mánuði. Maður hittir fullt af fólki sem er með sambönd, þannig að ég trúi ekki öðru en að þetta leiði að einhverju góðu." Netkosningin er enn í gangi á www.misstqi.com

kbs@frettabladid.is



**FÆR ÞIG TIL AÐ SMELLA** Hulda keppir í fegurðarsamkeppni í Kína og gengur vel í netkosningu. Katrín Sif Jónsdóttir sá um hárgreiðslu, Linda Rós Hólmgeirsdóttir sá um förðun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


ALLT UM ÍSLENSKA SVEPPI

Frábær ný bók fyrir alla matgæðinga. Almennur fróðleikur um sveppi, nákvæmar lýsingar á um þrjátíu tegundum íslenskra matsveppa og fjöldi uppskrifta.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




TRYGGÐU ÞÉR EINTAK




# Drukkin í flugvél

Flugfarþegum á leið frá London til Tókýó síðasta miðvikudag var ekki skemmt þegar Oasis-söngvarinn Liam Gallagher og söngkonan Lily Allen komu saman um borð. Samkvæmt heimildum breska blaðsins The Sun höfðu þau drukkið kampavín í setustofu á Heathrow-flugvelli og voru orðin vel drukkin þegar þau stigu um borð, en Liam, 37 ára, og Lily, 24 ára, voru á leið til Japan til að koma fram á Fuji-rokktónlistarhátíðinni.

Að sögn heimildarmanns þurfti áhöfn Virgin Atlantic oftar en einu sinni að skipta sér af Liam og Lily þar sem þau drukku ótæpilega í fluginu og létu sig lítið varða um farþegana í kring. Fylgdarlið tónlistarmannanna, sem var um helmingur þeirra 30 farþega sem sátu á fyrsta farrými, hafði varað áhöfnina við og ráðlagt þeim að halda Liam og Lily frá hvort öðru á leiðinni.



**ROKKARI** Liam Gallagher hefur oftar en einu sinni hneykslað fólk með hegðun sinni.

**PARTÍDÝR** Lily Allen þykir fátt skemmtilegra en að skemmta sér og drekka, ef marka má reglulegar fréttir af söngkonunni.

Landsins stærsta

Skósprengja

SKECHERS LLOYD RBK ara
ecco PETER KAISER adidas PUMA

Lágmark 50% afsláttur

MIKIÐ ÚRVAL

Opið í dag föstudag frá 11 - 18
laugardag 11 - 16
sunnudag 12 - 16
mánudag lokað

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# Leið eins og ég væri að hætta með kærustunni

**Trymbillinn Þormóður Dagsson, sem leikur með hljómsveitunum Jeff Who?, Hudson Wayne og Skakkamanage hefur ákveðið að segja skilið við tónlistina í bili og ætlar að einbeita sér að námi í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands.**



**TEKUR SÉR PÁSU** Þormóður Dagsson ætlar að einbeita sér að meistaranámi við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég byrjaði í skólanum eftir áramót og fannst erfitt að sinna því og leika með þremur hljómsveitum á sama tíma þannig að það var engin dramatík á bak við þessa ákvörðun. Tónlistin er lúmskt tímafrek og það fer rosalega mikill tími í æfingar, tónleika og ferðalög, þannig að þetta var skuldbinding sem betra var að segja sig frá," segir Þormóður Dagsson trommuleikari. Hann hefur ákveðið að hætta í tónlist í bili og kveður því hljómsveitirnar Jeff Who?, Skakkamanage og Hudson Wayne. Aðdáendur hljómsveitanna þurfa þó ekki að örvænta því þær munu allar starfa áfram þó að Þormóður dragi sig í stutt hlé. „Ég veit ekki hvort búið er að finna einhvern til að koma í minn stað. Ég gaf þeim nokkuð góðan fyrirvara á þessu og spila því fram á haust með hljómsveitunum. Síðustu tónleikarnir verða með Jeff Who? á Airwaves-hátíðinni í október."

Þormóður segist hafa kviðið mikið fyrir að færa vinum sínum fréttirnar en að allir hafi þeir sýnt honum mikinn skilning. „Ég þurfti að mana mig svolítið upp í þetta því mér leið eins og ég væri að hætta með kærustunni. En allir sýndu þessu mikinn skilning og þetta gekk nokkuð áfallalaust fyrir sig enda eru þetta allt góðir vinir manns. En ég vona samt að ég eigi einhvern séns á því að komast aftur inn í böndin að námi loknu," segir Þormóður.

Aðspurður segir Þormóður að honum hafi þótt skemmtilegt að leika með eins ólíkum hljómsveitum og Skakkamanage og Jeff Who? „Ég hafði mjög gaman af að fara í gjörólíkar áttir í tónlistinni og fá að stökkva á milli tónlistarstefna. Jeff Who? hefur samt verið virkara band og það hefur verið meiri vinna í kringum það, en það er aðallega vegna þess að hluti af Skakkamanage býr fyrir austan á Seyðisfirði."

Þormóður ætlar ekki úr bænum um helgina því hann mun leika með Jeff Who? á Innipúkanum. „Ekkert af þessum böndum hefur farið úr bænum um verslunarmannahelgi, þetta eru allt soddan innipúka-bönd," segir Þormóður að lokum.

sara@frettabladid.is


SÝNINGARTÍMAR GILDA ALLA VERSLUNAR MANNAHELGINA FRÁ 31. JÚLÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PROPOSAL | kl. 1:30 - 3:40D - 5:50D - 8D - 10:30D | L |
| THE PROPOSAL | kl. 3:15 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| G-FORCE-3D m/ísl tal | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) forsýnd | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 1 - 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10:10 | 10 |
| BRUNO | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 | 10 |

SparBíó
KR. 550 Á SÝNINGAR MERKTAR APPELSÍNUGULU OG KR. 850 Á 3D MYNDIR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PROPOSAL | kl. 1D - 3:20D - 5:40D - 8D - 10:20D | L |
| G-FORCE-3D m/ísl tal | kl. 1:40(3D) - 3:40(3D) | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 12:30 - 3:30 - 5:30D - 8:30D | 10 |
| BRUNO | kl. 8:30 - 10:30 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 6:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| G-FORCE | kl. 6 (kl. 2 - 4 lau og sun) | L |
| PROPOSAL | kl. 8 - 10 (kl. 6 - 8 - 10 á lau og sun) | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 5 - 8 (2 -5 - 8 lau og sun) | 7 |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| EXTREME MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 | 14 |
| EXTREME MOVIE LÚXUS | kl. 4 - 6 | 14 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 10 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 8 | 16 |
| BALLS OUT | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 D | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 10.50 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 16 |
| B13 - ULTIMATUM | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.15 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.30 - 7 - 8.30 - 10 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.40 - 8 | 12 |
| THE HURT LOCKER | kl. 10.20 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 10.10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EXTREME MOVIE | kl. 6, 8 og 10 | 14 |
| FIGHTING | kl. 8 og 10.10 | 14 |
| HARRY POTTER | kl. 2(550 kr.), 4, 7 og 10 | 10 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 2(550 kr.), 4 og 6 | L |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 2(850 kr.) | L |




SÝNINGARTÍMAR - FORSÝNINGAR ALLA HELGINA

| ÁLFABAKKI SÝND Í 3D | KRINGLAN SÝND Í 3D | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKUREYRI |
|---|---|---|---|---|
| Föst Kl.2-4-6 | Föst. Kl.1:40 – 3:40 | Föst. Kl.6 | Föst. Kl.6 | Föst. Kl.6 |
| Laug. Kl.2-4-6 | Laug. Kl.1:40 – 3:40 | Laug. Kl.2-4 | Laug. Kl.2-4 | Laug. Kl.2-4 |
| Sun. Kl.2-4-6 | Sun. Kl.1:40 – 3:40 | Sun. Kl.2-4 | Sun. Kl.2-4 | Sun. Kl.2-4 |
| Mánu. Kl.2-4-6 | Mánu. Kl.1:40 – 3:40 | Mánu. Kl.2-4 | Mánu. Kl.2-4 | Mánu. Kl.2-4 |

# Nýtt barn á leiðinni

Talsmaður hjartaknúsarans Judes Law tilkynnti í vikunni að leikarinn ætti von á barni með fyrrverandi kærustu. „Jude Law á von á barni nú í haust. Hann átti í stuttu sambandi við barnsmóðurina á síðasta ári. Þó að hann og barnsmóðirin hafi slitið sambandi sínu ætlar hann að taka fullan þátt í uppeldi barnsins,“ var haft eftir talsmanni leikarans.

Law á fyrir þrjú börn með fyrrum eiginkonu sinni, Sadie Frost, og er þetta þar með hans fjórða barn.



**FAÐIR Á NÝ** Jude Law á von á barni með fyrrverandi kærustu.

# Sumarhátíð í bæ

Það verður nóg um að vera í Reykjavík um verslunarmannahelgina því auk Innipúkans verður Jack Live Summer Festival haldin hátíðleg í annað sinn nú í ár. Hátíðin fer fram í bjórgarðinum á bak við skemmtistaðinn Dillon á Laugavegi og munu hátt í tuttugu hljómsveitir stíga á svið um helgina. „Hátíðin tókst mjög vel í fyrra þannig að við ákváðum að gera þetta að árlegum viðburði. Tónleikarnir eru líka allir á sama stað þannig að menn þurfa ekki að eyða tíma í að hlaupa á milli staða, sem við teljum mikinn kost,“ segir Vilhjálmur Sanne, sem á Dillon Bar ásamt Markúsi Haukssyni.

Meðal þeirra hljómsveita sem munu stíga á stokk um helgina eru Dr. Spock, Brain Police, Agent Fresco og Dikta og kostar miði fyrir alla þrjá dagana 2.500 krónur.

Hátíðarhöldin hefjast klukkan 18.00 í dag. **- sm**



**LIFANDI SUMARHÁTÍÐ** Vilhjálmur og Markús standa fyrir tónleikahátíð á Dillon um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stuðið í garðinum

„Ég ætla aðeins að grípa í gítar og var jafnvel að spá í hvort það væri hægt að fá mannskapinn til að syngja svolítið saman, sem er nú alltaf þakklátt,“ segir Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður. Hann er kynnir hinnar geysivinsælu verslunarmannahelgar-hátíðar Stuðmanna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á sunnudaginn, en nýjasta lag sveitarinnar er einmitt eftir hann.

Hann segist reyna að ná upp útihátíðarstemningu í garðinum. „Ég geri það sem ég get svo engum drepleiðist.“ Hann kíkir svo á sviðið með Stuðmönnum í lok kvölds. „Mér þykir það svo hressandi.“

Í ár verða sett upp fleiri leiktæki í garðinum og gefinn helmings afsláttur í þau. Þá getur yngsta kynslóðin skemmt sér yfir Skoppu og Skrítlu, Lúsí og Bakara Svakara og Glanna Glæp sjálfum, Stefáni Karli, frá klukkan tvö.

Ljótu hálfvitarnir skemmta þeim eldri áður en stjörnur kvöldsins, Stuðmenn sjálfir, stíga á svið ásamt hinni bráðefnilegu Stefaníu Svavarsdóttur, en nýja söngkona sveitarinnar er aðeins sextán ára. Aðgangseyrir er 1.000 krónur. Forsala miða er í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.



**VALGEIR GUÐJÓNSSON**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 31. júlí 2009**

### → Tónleikar



**12.00 Björg Þórhallsdóttir** sópransöngkona og **Elísabet Waage** hörpuleikari flytja íslensk þjóðlög ásamt sönglögum eftir m.a. Árna Thorsteinsson og Sigvalda S. Kaldalóns á tónleikum í Ketilhúsinu við Kaupvangsstræti á Akureyri.

**20.00 Logn**, **Hark** og **Eðli Annarra** spila á tónleikum á Kaffi Hljómalind við Laugarveg 23. Aðgangur er ókeypis.

**21.30** Hljómsveitin **Hjálmar** heldur tónleika á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri.

### → Tónlistarhátíð

Tónlistarhátiðin „Innipúkinn“ hefst í dag. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.midi.is.



Jack Live Summer festival hefst í dag á Dillon Rokkbar að Laugavegi 30. Í kvöld koma fram hljómsveitirnar **Vintage**, **B.Sig**, **Dust**, **Our Lives**, **Dikta** og **Dr. Spock**. Nánari upplýsingar á www.dillon.is.

### → Sýningar

**Kim Linnet** sýnir ljósmyndir teknar í Reykjavík, á Snæfellsnesi og á Reyjanesi í Ráðhúsi Reykjavíkur við tjörnina. Opið kl. 8-19 virka daga og kl. 10-18 um helgar.

**Arnar Ásgeirsson** og **Arna Óttarsdóttir** opna sýningu í Gallerí Crymogæa við Laugaveg 41a milli kl. 20 og 22. Opið virka daga kl. 11-18 og um helgar kl. 12-18.

Sýning Handverks og hönnunar, „Einu sinni er..“ stendur nú yfir í Bryggjusal Edinborgarhússins við Aðalstræti 7 á Ísafirði. Sýningin er opin virka daga kl. 16-18 og kl. 15-18 um helgar. Aðgangur er ókeypis.

### → Síðustu Forvöð

Í Skaftfelli Menningarmiðstöð á Seyðisfirði, hafa listamennirnir **Þór Sigurþórsson**, **Þuríður Sigþórsdóttir** og **Ryan Sullivan** opnað vinnustofu í verkefnarýminu bókabúðinni. Opið verður til 2. ágúst, kl. 12-18.

### → Dansleikir

**Hvanndalsbræður** verða á Mælifelli við Aðalgötu 7 á Sauðárkróki.

**Bermuda** verða á Spot við Bæjarlind 6 í Kópavogi.

**Á móti Sól** verður á Útlaganum á Flúðum.

**Stuðmenn** verða á Players við Bæjarlind 4 í Kópavogi.

### → Fjölskylduhátíð



Fjölskylduhátíðin „Ein með öllu“ á Akureyri hefst í dag. Nánari upplýsingar á www.visitakureyri.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


Nýtt í Skífunni!

SKÍFAN
Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is




PLATA 1
1. Hafdís Huld
Kónguló 2:50
2. The Black Eyed Peas
Boom Boom Pow 3:42
3. Katy Perry
Waking Up In Vegas 3:19
4. Buff
Prinsessan mín 3:12
5. Ourlives og Toggi
Þúsund sinnum segðu já 4:08
6. Pet Shop Boys
Did You See Me Coming? 3:41
7. Hadise
Dum Tek Tek 3:01
8. Kleerup feat. Titiyo
Longing For Lullabies 3:49
9. Stuðmenn
Ruglið 3:53
10. Simmi og Jói
Ferðalagið 3:04
11. Calvin Harris
I'm Not Alone 3:32
12. Maskinen
Alla som inte dansar 3:50
13. GusGus
Add This Song 4:45
14. Nickelback
If Today Was Your Last Day 4:08
15. Hjálmar
Manstu 3:50
16. Daniel Merriweather
Red 3:53
17. Lára
Surprise 3:39
18. Empire Of The Sun
We Are The People 4:27
19. Agnes
Release Me 4:13
20. Waldo's People
Lose Control 2:58

PLATA 2
1. P!nk
Please Don't Leave Me 3:51
2. Lily Allen
Not Fair 3:21
3. Sálin hans Jóns míns
Réttu mér hjálparhönd 4:13
4. Alexander Rybak
Fairytale 3:01
5. U2
Get On Your Boots 3:24
6. Sigríður Thorlacius og Heiðurspiltar
Í hjarta þér 3:51
7. Feldberg
You And Me… 3:51
8. The Pussycat Dolls & A R Rahman
Jai Ho (You Are My Destiny) 3:45
9. AySel & Arash
Always 2:56
10. Aqua
Back To The 80's 3:45
11. Flo Rida feat. Ke$ha
Right Around 3:22
12. Suzy Thunder
BIG 2:55
13. Britney Spears
If U Seek Amy 3:37
14. Ciara feat. Justin Timberlake
Love Sex Magic 3:41
15. Soulja Boy Tell Em feat. Sammie
Kiss Me Thru The Phone 3:13
16. Fallegir menn
Djásn hvað hyggstu? 4:04
17. Zúúber Grúppan
Sumarnótt 3:10
18. SSSól
Fullorðinn 3:43
19. Hrafna
Ég fer alla leið 3.25
20. Jamie Foxx
Blame It 4:50

TÓNLIST




DVD



## > Getur ekki valið Laufeyju í EM-hópinn

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, var meðal áhorfenda þegar Laufey Ólafsdóttir sneri aftur í boltann eftir tæplega fjögurra ára fjarveru og skoraði tvö mörk fyrir Val á aðeins 26 mínútum. „Laufey kemur ekki til greina í lokakeppnishópinn því við erum búin að skila inn 40 manna lista til UEFA. Ég má bara velja leikmenn sem eru á þeim lista,“ segir Sigurður en hann eins og fleiri vonast til þess að geta valið hana seinna í liðið haldi hún áfram að spila. „Mér fannst hún eiga mjög góða innkomu í þennan leik og hún er frábær leikmaður. Vonandi heldur hún áfram sem lengst í fótbolta,“ segir Sigurður Ragnar.



sport

sport@frettabladid.is

ÓLAFUR GUÐMUNDSSON OG FÉLAGAR Í 19 ÁRA LANDSLIÐINU: SPILA UM GULLIÐ Á HM Í TÚNIS Í KVÖLD

# Alveg kominn tími á að fá eitt gull til Íslands

Ólafur Guðmundsson og félagar í 19 ára landsliðinu í handbolta geta orðið heimsmeistarar í kvöld þegar þeir mæta Króatíu í úrslitaleik á HM í Túnis. Ólafur lét ekki veikindi stoppa sig í að eiga stórleik og skoraði 10 mörk í 33-31 sigri á heimamönnum í Túnis í undanúrslitaleiknum í fyrrakvöld.

„Ég held að það sé langt þangað til maður á eftir að upplifa eitthvað annað eins,“ sagði Ólafur en hann lék leikinn með 39 stiga hita. „Þetta var hrikalega mikilvægur leikur því það var úrslitaleikur á HM undir. Þá fer maður ekkert að væla yfir einhverjum smá hita eða hausverk,“ segir Ólafur en þetta leit ekki alltof vel út eftir 15 mínútna leik þegar Túnis var komið 8-3 yfir.

„Það var pínu sjokk hjá okkur í byrjun því það eru ekki margir hjá okkur sem hafa spilað svona stóra leiki. Það var allt klikkað í höllinni og við þurftum að læra inn á það að spila við svona aðstæður en þegar við vorum orðnir vanir þessu þá fór þetta að smella,“ segir Ólafur en það var ótrúlegur hávaði í troðfullri 7.000 manna höll. „Við heyrðum ekki í hver öðrum og heyrðum ekki einu sinni í dómaranum flauta. Ef dómarinn benti þá var hann líklega að dæma fríkast,“ segir Ólafur. „Við keyrum upp mikinn hraða og erum mjög skipulagðir í sóknarleiknum. Það er stígandi í vörninni okkar en við eigum enn þá inni þar. Það er fullt af góðum leikmönnum í liðinu og það geta allir átt stórleik,“ segir Ólafur.



Liðið hefur þurft að yfirvinna meiðsli margra lykilmanna en það hefur ekki stoppað strákana. „Þetta leit ekkert rosalega vel út þegar við fórum á æfingamót í Svíþjóð. Það mót var vægast sagt vonbrigði en það skiptir engu máli hver vinnur æfingamótin heldur hver vinnur HM,“ segir Ólafur og strákarnir ætla sér gullið í kvöld.

„Það er mikill metnaður hjá okkur að fara enn lengra, við ætlum að gíra okkur upp í brjálæðið og það kemur ekkert annað til greina en sigur. Ég hef heyrt að þeir séu rosalega sterkir varnarlega og líkamlega sterkir. Við finnum vafalaust einhverja veikleika hjá þeim sem við getum keyrt á og nýtt okkur. Það er alveg kominn tími á að fá eitt gull til Íslands. Það er komið nóg af þessu silfri, er það ekki?“ segir Ólafur að lokum.



**BARÁTTA** Theódór Óskarsson og Daði Guðmundsson berjast hér um boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fram komið í undanúrslitin:

## Framarar komu fram hefndum

**FÓTBOLTI** Fram er komið í undanúrslit VISA bikars karla í knattspyrnu eftir 2-0 sigur á Fylki á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Framarar náðu þar með að hefna fyrir 2-1 tapið gegn Fylki í deildinni fyrr í vikunni.

Á 84. mínútu fengu Framarar ódýra vítaspyrnu, þá einum leikmanni færri, þegar Pape Mamadou Faye braut á Samuel Tillen sem tók spyrnuna sjálfur og skoraði af öryggi.

Varamaðurinn, Jón Guðni Fjóluson , innsiglaði svo sigur Fram með góðu marki eftir horn og 2-0 sigur Fram var staðreynd. Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis var ekki sáttur við að hans menn skyldu ekki færa sér liðsmuninn í nyt og sagði vítaspyrnudóminn dellu. „Vítaspyrnudómurinn skipti öllu máli í leiknum, hann var rangur, ég fer ekki ofan af því, þetta var ekki víti,“ sagði Ólafur. **- göj**



**FYRIRLIÐINN** Aron Pálmarsson stjórnar leik íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ísland spilar um gullið á HM:

## Besta sóknin og besta vörnin

**HANDBOLTI** Íslenska 19 ára liðið spilar í kvöld um gullið á HM í Túnis en strákarnir mæta Króatíu í úrslitaleiknum. Leikurinn hefst klukkan 18.30 að íslenskum tíma.

„Króatar eru með frábært lið. Við liggjum yfir vídeó-upptökum núna og erum að skoða þá,“ sagði Einar Andri Einarsson, annar þjálfari íslenska landsliðsins, þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Þetta er klassískt króatískt landslið sem spilar massíva 3:2:1-vörn. Þeir berjast eins og skepnur og eru síðan vélrænir fram á við. Þeir eru fyrst og fremst að fara þetta á frábærri vörn,“ segir Einar Andri. Íslenska liðið spilar frábæran sóknarleik en fær alvöru próf í kvöld.

„Það má segja að besta sóknin sé að fara að spila við bestu vörnina,“ sagði Einar að lokum. **- óój**

# Dýrkeypt mistök kostuðu KR

### KR-ingar geta verið ósáttir við að hafa aðeins náð 2-2 jafntefli gegn Basel, sem lék í Meistaradeildnni á síðustu leiktíð, eftir að hafa komist í 2-0 snemma leiks.

**FÓTBOLTI** KR gerði, 2-2, jafntefli við svissneska félagið Basel í blíðunni í Vesturbænum í gær í fyrri leik liðanna í þriðju umferð forkeppni Evrópudeildarinnar.

KR fékk sannkallaða óskabyrjun í leiknum í gær þegar liðið skoraði tvö mörk á átta fyrstu mínútum leiksins. Bæði mörkin komu eftir föst leikatriði sem sköpuðust eftir skyndisóknir en KR lét Basel eftir að leika boltanum á eigin vallarhelmingi en freistaði þess að vinna boltann á miðjunni og sækja hratt.

Leikaðferð KR gekk fullkomlega upp í fyrri hálfleik þó liðið hefði mátt nýta sér betur þann skjálfta sem kom í varnarmenn Basel við óvænta mótspyrnu íslenska liðsins.

Svissneska liðið skapaði sér engin færi í fyrri hálfleik en liðið átti betra með að koma boltanum inn fyrir vörn KR eftir hlé og þó færin hafi eftir verið mörg voru þau nógu góð til að Basel skoraði tvívegis eftir hlé. KR náði að sama skapi ekki að ógna marki Basel mikið í hálfleiknum ef undan eru skilin nokkur skot utan af velli.

„Fyrri hálfleikurinn var mjög góður en við vorum engu að síður nokkuð frá því að spila okkar besta leik. Okkur gekk illa að nýta okkur möguleikana fram á við eftir að við unnum boltann. Að öðru leyti var þetta vel spilaður leikur af okkar hálfu,“ sagði Logi Ólafsson þjálfari KR eftir leikinn.

„Það voru dýrkeypt mistök sem gáfu þeim mörkin. Svona lið eins og Basel þarf ekki mörg tækifæri til að þess að skora og þeir fengu þrjú til fjögur marktækifæri og skora úr tveimur þeirra og við erum höfundarnir í bæði skiptin.“

„Þetta er svekkjandi miðað við það hvernig þetta þróaðist, að við komumst í 2-0. Engu að síður tel ég að þetta séu góð úrslit miðað við að við vorum að leika gegn Basel sem eru fullgildir atvinnumenn sem voru í riðlakeppni Meistaradeildarinnar á síðustu leiktíð og að því sögðu erum við ánægðir.“

„Við hefðum getað nýtt okkur betur þær stöður þegar við unnum boltann og þeir sækja á mörgum mönnum. Við vorum á köflum of bráðir í aðgerðum okkar og þar hefðum við getað gert betur. Það er þetta margfræga þriðja mark sem breytir leikjunum.“

„Það er ekki öll nótt úti. Við förum til Basel til að reyna hafa varnarleikinn þéttan. Á því byggist þessi árangur okkar í þessari keppni. Það er að hafa þéttan varnarleik og það verðum við að gera því ég veit að við munum fá færi,“ sagði beittur Logi að lokum. **-gmi**



**EKKERT GEFIÐ EFTIR** KR-ingar létu Svisslendingana finna vel fyrir því á KR-vellinum í gær og það að vera svekktir eftir jafntefli á móti liði á borð við Basel segir allt sem segja þarf um það. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**VONBRIGÐI** Gunnleifur Gunnleifsson varð að sætta sig við tap í endurkomuleik sínum með HK. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Blikar komnir í undanúrslitin:

## Breiðablik vann bæjarslaginn

**FÓTBOLTI** Breiðablik sigraði HK 1:0 á í sannkölluðum nágrannaslag á Kópavogsvelli í 8-liða úrslitum Visabikarsins í gærkvöldi. Það var Guðmundur Pétursson sem skoraði mark Blika í fyrri hálfleik með góðum skalla.

„Ég er mjög ánægður enda var þetta góður sigur. Þetta var svolítið þungt í restina og þeir pressuðu á okkur en mér fannst við verjast því vel. Við vorum við það að refsa þeim með skyndisóknum en mönnum voru aðeins mislagðir fætur,“ sagði Ólafur Kristjánsson þjálfari Breiðabliks að leik loknum.

Ólafur var hrifinn af leik HK-inga sem voru síst slakari aðilinn heilt yfir. „Þeir hafa verið að spila vel í deildinni í sumar og eru vel spilandi, vel skipulagðir og komu mér ekkert á óvart. Þetta er flott lið.“ **- bl**

## ÚRSLITN Í GÆR

### Evrópudeild UEFA

| | |
|---|---|
| KR-Basel | 2-2 |
| 1-0 Guðmundur Benediktsson (6.), 2-0 Grétar Sigfinnur Sigurðsson (9.), 2-1 Scott Chipperfield (58.), 2-2 Federico Almerales (83.). | |

### VISA-bikar karla

| | |
|---|---|
| Keflavík-FH | 3-1 |
| 1-0 Sjálfsm. (20.), 2-0 Símun Samuelsen (48.), 3-0 Símun (58.), 3-1 Atli Guðnason (71.). | |
| HK-Breiðablik | 0-1 |
| 0-1 Guðmundur Pétursson (36.). | |
| Fram-Fylkir | 2-0 |
| 1-0 Sam Tillen (82.), 2-0 Jón G. Fjóluson (90.). | |

Færeyingurinn Símun Samuelsen átti stórleik þegar Keflavík sló FH út úr bikarnum annað árið í röð:

# Keflavíkurgrýla FH tók góðan vaxtakipp

**FÓTBOLTI** Keflavíkurgrýlan í herbúðum FH-inga tók góðan vaxtarkipp eftir 3-1 sigur Keflavíkur á FH í átta liða úrslitum VISA-bikarsins í gær. Keflavík er eina liðið sem hefur tekið stig af FH í Pepsi-deildinni og bætti því nú við að slá þá út úr bikarnum annað árið í röð.

Færeyingurinn Símun Samuelsen átti sannkallaðan stórleik í gær og réðu FH-ingar hreinlega ekkert við hann. Símun átti stóran þátt í fyrsta marki leiksins sem var sjálfsmark Tommy Nielsen og skoraði síðan tvö mörk á fyrstu þrettán mínútunum í seinni hálfleik. Á sama tíma vantaði FH-liðið nauðsynlega mann til að koma boltanum í netið.



**SJÓÐANDI HEITUR** Símun Samuelsen átti frábæran leik fyrir Keflvíkinga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta snýst um að klára færin og þeir gera það betur en við í dag og því fór sem fór. Það var skelfilegt að fá á sig þetta annað mark. Við byrjum seinni hálfleikinn af bullandi krafti og fáum færi eftir færi en svo skora þeir annað markið gegn gangi leiksins. Það var fúlt,“ sagði FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson eftir leik og bætti síðan við: „Þeir eru mjög góðir í skyndisóknunum með Símun fremstan í flokki. Við héldum áfram og fengum aragrúa af færum en inn vildi boltinn ekki í dag,“ sagði Tryggvi.

Skömmu eftir að Keflvíkingar komust 3-0 yfir misstu þeir mann af velli þegar Garðar Örn Hinriksson gaf Jóhanni Birni Guðmundssyni sitt annað gula spjald. FH-ingar tóku í kjölfarið algjörlega öll völd á vellinum einum manni fleiri og Atli Guðnason minnkaði muninn í 3-1 á 71. mínútu. FH-ingar skoruðu fljótlega tvö mörk til viðbótar en þau voru bæði dæmd af vegna rangstöðu. Síðustu mínútur leiksins voru ein samfelld stórsókn FH-liðsins sem tókst hreinlega ekki að koma boltanum framhjá frábærum markverði Keflavíkur, Lasse Jörgensen.

„Þeir henta okkur bara vel því þeim þykir ekki gaman þegar lið sækja hratt á þá. Við erum með marga fljóta menn og getum sótt hratt á þá og þeir ráða ekkert við það. Við lögðum upp með það að finna fljótu mennina okkar,“ sagði Símun Samuelsen eftir leikinn og hann fékk boltann á réttu stöðunum í gærkvöldi. „Við sönnuðum að við erum með betri liðum í deildinni en vonbrigðin hafa verið öll þessi jafntefli. Við vorum óheppnir að missa marga í byrjun móts og vorum ekki með breiðan hóp. ,“ sagði Símun sem skoraði langþráð mörk í gær en þetta voru fyrstu mörk hans í sumar. „Ég er búinn að vera á uppleið í síðustu leikjum en það eina sem hefur vantað var að koma boltanum í netið. Það kom í dag og ég er mjög ánægður,“ sagði besti maður vallarins í gær. **- óój**

# TÖLVULEIKJA MARKAÐUR

**PC - PS2 - PS3 - XBOX - Wii**



## Nýir leikir á frábæru verði!

Takmarkað magn – fyrstir koma fyrstir fá



**PC** - Sims 3 ............................**7.899**



**PS3** - X-Men Wolverine .........**9.499**



**PS3** - Fuel ...............................**9.499**



**PS3** - Guitar Hero Metallica ..**8.999**



**PS3** - Shellshock 2 .................**7.899**



**PS3** - Singstar Queen ............**5.299**

Fjöldi annarra titla í boði

**Einnig úrval eldri titla á lækkuðu verði***

**PS3** - Euro 2008 .......................... **799**

**PC** - X-Men 3 .............................. **799**

**PC** - Doom 3 .............................. **1.299**

*aðeins í Hagkaup Smáralind

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 6. ágúst eða á meðan birgðir endast.
Fáanlegt í Hagkaup Smáralind og Hagkaup Skeifu
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## > Matt Damon

„Einn daginn hætti ég að vera frægur og þegar að því kemur vona ég að ég geti litið til baka og verið sáttur við þær ákvarðanir sem ég hef tekið.“

***Damon fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Glatað minni (The Bourne Identity) sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 22.10.***



# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ: SÖRU MCMAHON FINNST SEM SUMARIÐ SÉ NÚ ÞEGAR LIÐIÐ

## *Árstíðin sem leið of hratt*

Mér finnst alltaf eins og sumarið á Íslandi sé rétt búið að reka nefið inn þegar það er farið aftur. Norðanáttin síðustu daga hefur gert það að verkum að mér finnst sem sumrinu sé lokið og haustið gengið í garð. Samt þráast maður við og situr lopaklæddur úti á kvöldin, meira af skyldurækni, og úti í kuldanum læðist að manni sú hugsun að maður geti bráðum með góðri samvisku hringað sig upp í sófa og horft á imbann eða nýtt kvöldin við að sinna ýmsum heimilisstörfum á meðan maður hlustar á gömlu gufuna.

Í vetur fór mikill tími hjá mér í ritgerðaskrif og voru morgnarnir heilög stund. Ég vandaði mig við að hella upp á góðan kaffibolla, smurði mér morgunverðarbollu með rjómaosti og sultu og kveikti á Rás 1. Þarna sat ég inni í hlýju og notalegu eldhúsinu með svart vetrarmyrkrið fyrir utan gluggann og hlustaði á morgunleikfimina, andaði djúpt inn og sleppti svo. Að þessari stundu lokinni var ég loks tilbúin til að takast á við verkefni dagsins. Kvöldin voru engu minna hátíðleg þennan vetur sem leið. Eftir erfiðan dag á „skrifstofunni“ fannst mér ósköp gott að setjast upp í sófa með góðan tebolla og kexköku með. Kveikt var á kertum og lömpum, farið í ullarhosur og undir teppi. Þar lá ég og horfði á það efni sem sjónvarpið bauð upp á á meðan vindar blésu fyrir utan gluggann.



Sumarið er ekki liðið enn, en samt virðist það á einhvern undarlegan hátt vera búið og farið. Sjónvarpsstöðvarnar eru farnar að auglýsa dagskrá haustsins og bráðum verður verslunarmannahelgin liðin og þar með er síðasta vígi sumarsins fallið og haustið hefur inngöngu sína hægt og bítandi.

## FÖSTUDAGUR



▶ **17.40 The Sopranos**
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.35 Popppunktur**
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00 Roxanne** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.55 Stelpurnar** STÖÐ 2



▶ **21.50 Dr. Steve-O**
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Leiðarljós** (e)

**16.15 Leiðarljós** (e)

**17.00 Táknmálsfréttir**

**17.10 Bjargvætturinn** (2:26)

**17.35 Snillingarnir**

**18.00 Helgarsportið** Íþróttaþáttur þar sem stiklað er á stóru um atburði síðustu viku og hitað upp fyrir atburði helgarinnar.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

▶**19.35 Popppunktur** Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita.

**20.40 Skautadrottningin** (Go Figure) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2005. Unga skautadrottingu langar til að komast í læri hjá rússneskum listdanskennara og fær námsstyrk út á að spila með íshokkíliði skólans þar sem sú rússneska er þjálfari. Aðalhlutverk: Jordan Hinson, Whitney Sloan og Cristine Rose.

**22.10 Glatað minni** (The Bourne Identity) Bandarísk spennumynd frá 2002. Ungum manni skolar á land illa til reika og minnislausum. Hann reynir hvað hann getur að hressa upp á minnið og er með morðingja á hælunum. Aðalhlutverk: Matt Damon, Franka Potente og Clive Owen. (e)

**00.10 Sjávarlífið** (The Life Aquatic with Steve Zissou) Bandarísk bíómynd frá 2004. Haffræðingurinn Steve Zissou fer í leiðangur til að hefna sín á hákarli sem drap vin hans. Aðalhlutverk: Bill Murray, Owen Wilson, Anjelica Huston og Willem Dafoe. (e)

**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Erin Brockovich**

**10.10 Jimmy Neutron. Boy Genius**

**12.00 Roxanne**

**14.00 Bowfinger**

**16.00 Erin Brockovich**

**18.10 Jimmy Neutron. Boy Genius**

▶**20.00 Roxanne** Nútímaútgáfa af leikritinu um Cyrano de Bergerac með Daryl Hannah og Steve Martin í aðalhlutverkum.

**22.00 We Don't Live Here Anymore**

**00.00 Cursed**

**02.00 Hot Fuzz**

**04.00 We Don't Live Here Anymore**

**06.00 Poseidon**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Dynkur smáeðla, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli Kanína og vinir.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (25:26)

**10.00 Doctors** (26:26)

**10.30 Jamie At Home** (4:13)

**11.00 Hæðin** (9:9)

**11.50 Gossip Girl** (17:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (245:260)

**13.25 Wings of Love** (114:120)

**14.10 Wings of Love** (115:120)

**14.55 Wings of Love** (116:120)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Saddle Club og Kalli litli Kanína og vinir.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (10:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (6:22) Þegar Hómer slær í gegn sem yfirmaður öryggismála í skólanum, hvetur Lísa hann til að bjóða sig fram sem bæjarstjóra.

**19.45 Two and a Half Men** (18:19) Charlie Harper lifði í vellystingum þar til bróðir hans Alan, flutti inn á hann slyppur og snauður, nýfráskilin, með son sinn Jack.

**20.10 Beauty and the Geek** (1:10) Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri kænsku- og krúttkeppni.

▶**20.55 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi.

**21.20 Picture Perfect** Rómantísk gamanmynd með Jennifer Aniston, Kevin Bacon og Jay Mohr í aðalhlutverkum.

**23.00 Phat Girlz**

**00.35 Die Hard II**

**02.35 Damien. Omen II**

**04.20 Friends** (10:24)

**04.45 Stelpurnar**

**05.10 Beauty and the Geek** (1:10)

**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.50 Timeless** Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt.

**18.15 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**19.15 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**19.40 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**20.10 Rey-Cup mótið** Sýnt frá Rey-Cup mótinu en þangað mætti til leiks fjöldi drengja og stúlkna á öllum aldri. Aldrei hafa fleiri erlend lið tekið þátt.

**20.50 Orlando - LA Lakers** Útsending frá leik Orlando og Lakers í úrslitarimmunni í NBA.

**22.40 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

**23.25 Poker After Dark**

**00.10 Ultimate Fighter - Season 9** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Audi Cup: Úrslit** Útsending frá úrslitaleiknum á Audi Cup.

**19.00 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**19.30 Season Highlights, 2004 - 2005** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**20.25 Audi Cup: 3ja sætið** Útsending frá leiknum um 3. sætið á Audi Cup.

**22.05 Audi Cup: Úrslit** Útsending frá úrslitaleiknum á Audi Cup.

**23.45 PL Classic Matches** Man. City - Man. United, 1993. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**00.15 PL Classic Matches** Arsenal - Manchester Utd, 2001. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**18.05 Rachael Ray**

**18.50 What I Like About You** (e)

**19.15 Monitor** (6:8) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (7:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Greatest American Dog** (8:10) Eftir víðtæka leit um Bandaríkin hafa tólf hundar og eigendur þeirra verið valdir til að taka þátt í skemmtilegri keppni. Þau búa öll saman á meðan á keppninni stendur og þurfa að sýna hvað í þau er spunnið.

**21.00 Battlestar Galactica** (16:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst er með klassískri baráttu góðs og ills.

▶**21.50 Dr. Steve-O** (4:7) Steve-O tekur að sér að „lækna“ skræfur, lúða og letingja og reynir að bjarga þeim frá glötun. Hann ferðast á milli með hjúkku sér til aðstoðar og skelfir skræfurnar úr skelinni með því að láta viðkomandi taka þátt í bráðfyndnum áhættuatriðum.

**22.20 The Dudesons** (4:8) Finnskir ofurhugar sem framkvæma ótrúlegustu hluti. Þeir hræðast ekki neitt og leggja líf sitt og limi í hættu til að skemmta sjálfum sér og áhorfendum.

**22.50 World Cup of Pool 2008** (10:31) Bestu pool-spilarar heims sýna snilldartaka.

**23.40 CSI** (12:24) (e)

**00.20 The Dead Zone** (7:13) (e)

**01.10 Home James** (4:10) (e)

**01.40 Online Nation** (1:4)

**02.10 Penn & Teller. Bullshit** (e)

**03.10 Penn & Teller. Bullshit** (e)

**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Reykjavík – Vestmannaeyjar – Reykjavík** Opinber heimsókn ÍNN til Vestmannaeyja. Umsjón Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson. (e)

**21.30 Græðlingur** (e)

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Beauty and the Geek



Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku- og krúttkeppni. Markmiðið er sem fyrr að kanna hversu djúpt er á töffaranum og samkvæmisljóninu hjá gáfnaljósinu og hversu fegurðardísin á auðvelt með að skyggnast undir yfirborðið og nota heilann í stað þokkans sér til framdráttar. Leikurinn eru auðvitað gerður til þess að þátttakendur víkki sjóndeildarhringinn og uppgötvi á sér nýjar hliðar en skemmtunin er líka fólgin í því hversu spaugilegt það getur verið að sjá fólk þurfa að gera og vera eitthvað annað en það er eða telur sig vera.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Picture Perfect
### Stöð 2 kl. 21.20

Kate er einhleyp kona sem vinnur á auglýsingastofu. Hún hrífst af einum samstarfsmanna sinna en þorir ekki að láta það í ljós. Þess í stað ræður hún leikara til að leika unnusta sinn til að vekja afbrýðisemi samstarfsmannsins. Aðalhlutverk: Jennifer Aniston, Jay Mohr og Kevin Bacon.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Borgarsögur
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.23** Án ábyrgðar
**15.50** Umferðarútvarp
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Djassveisla í 20 ár
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Umferðarútvarp
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**21.10** Húslestrar á Listahátíð 2009
**22.12** Umferðarútvarp
**22.14** Orð kvöldsins
**22.17** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (244:260)
**17.15 Hollyoaks** (245:260)
▶ **17.40 The Sopranos** (23:26) Fjölskyldumaðurinn og mafíuforinginn Tony Soprano hefur átt mikilli velgengni að fagna í starfi og á góða fjölskyldu. Þrátt fyrir það er hann þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
**18.25 Big Day** (9:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegan hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir brúðkaupsdaginn.
**18.45 Hollyoaks** (244:260)
**19.15 Hollyoaks** (245:260)
**19.40 The Sopranos** (23:26)
**20.25 Big Day** (9:13)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
**21.40 Love You to Death** (2:13) Í hverjum þætti er sögð dagsönn saga af hreint lygilegum sakamálum sem öll eiga það sameiginlegt að tengjast hjónum og ástríðuglæpum.
**22.05 NCIS** (23:24) Spennuþáttaröð sem fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**22.50 Eleventh Hour** (3:18) Dr. Jacob Hood eðlisfræðingur aðstoðar FBI við að rannsaka sakamál sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru talin vera af yfirnáttúrulegum toga. Það er jafnan allra síðasta úrræði að kalla Hood til enda er hann hrokagikkur og erfiður í samstarfi.
**23.35 Love You to Death** (2:13)
**00.00 Fréttir Stöðvar 2**
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Only Fools and Horses **10.35** Absolutely Fabulous **11.05** Only Fools and Horses **11.35** Absolutely Fabulous **12.05** My Hero **12.35** After You've Gone **13.05** Only Fools and Horses **13.35** Absolutely Fabulous **14.05** My Hero **14.35** My Hero **15.05** After You've Gone **15.35** After You've Gone **16.05** Only Fools and Horses **16.35** Any Dream Will Do **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Coupling **19.30** Little Britain **20.00** Friday Night with Jonathan Ross **20.50** Coupling **21.20** Little Britain **21.50** Any Dream Will Do

## DR 1

**11.30** Kender du typen? **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.20** Sylvesters serenade **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.35** Fredagsbio **15.40** Den lille prinsesse **15.50** Manda **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA! - 1985 **19.00** TV Avisen **19.30** SommerVejret **19.40** Post Danmark Rundt 2009 **20.05** National Security **21.30** En særlig sag

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.50** Ein midsommarnattsdraum **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Eddy og bjornen **16.10** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Tofferud **16.35** Herr Hikke **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lollipop **17.55** Skishow med smell **19.15** Taggart **20.25** Friidrett **21.15** Kveldsnytt **21.30** Tudors **22.20** Brian Wilson med hoy solfaktor **23.15** 20 sporsmål **23.40** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Friidrottskväll **10.35** Människor vid Bräkneån **13.20** 1800-talet ut-och-in **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Packat & klart sommar **15.25** Mitt i naturen **15.55** Anslagstavlan **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Simning **16.40** DN-Galan **17.00** Guld och gröna skogar **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** DN-Galan **20.00** Den perfekta stormen **22.05** Fritt fall **22.35** Alla kungens män **00.20** Sändningar från SVT24


Fiskikóngurinn



VIÐ ERUM Í BANASTUÐI Í DAG

Kristján & Viktor

LAXA & LÚÐUSTEIKUR Á GRILLIÐ

Laxaflök glæný beinlaus ........ 1.790
Laxasteik m/Lemmon og Kóríander ........ 1.790
Laxasteik m/Hunang og kryddjurtum ........ 1.790
Lúðusteik í smjörkryddsmarineringu ........ 2.390
Lúðusteik glæný ........ 2.390
Lúðusteik í Kryddlegi að frönskum hætti ........ 2.390
Glænýr silungur úr Apavatni ........ 690

Humar 2.000 kr.kg

EIGUM ALLAR STÆRÐIR AF HUMRI

ÝSA OG STEINBÍTUR

ÓBARINN HARÐFISKUR

Makríll og Síld

Gott í beituna fyrir veiðimennina. Silungurinn og sjóbirtingur verður alveg brjálaður í þessa beitu.

*Getum vacumpakkað fyrir þá sem eru á leið í útileguna Sjáumst eldhress á eftir. Eigið góða slysalausa ferðahelgi.*

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Vegamót og Austur-Indía fjelagið. Á Vegamótum fæ ég mér oftast Louisiana kjúklingastrimla og á Austur-Indía fjelaginu fæ ég mér tikka-masala kjúkling.“*

Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, formaður Q-félags, hinsegin stúdenta.

# Varnarmálastofnun brýtur fánalög

„Ég sendi þeim erindi og benti á að samkvæmt fánalögum er óleyfilegt að nota íslenska fánann eins og gert er. Þau svara mér ekki. Næsta skref er að kæra til lögreglu – en ég hef nú sent ábendingu um þetta þangað,“ segir Bergur Ólafsson, skátaforingi í Hafnarfirði með meiru. Hann segir þetta ef til vill ekkert stórmál, nánast nöldur, en það sé óþolandi þegar „fyrirmyndarstofnanir“ á borð við Varnarmálastofnun afbaki íslenska fánann líkt og gert er á forsíðu vefjar stofnunarinnar. „Þótt þetta megi ef til vill heita smávægilegt brot hljóta stofnanir ríkisins að virða landslög,“ segir Bergur, forviða á þeim veggjum sem hann hefur rekist á í þessu. Hann útskýrir að samkvæmt lögum sé óheimilt að nota hvers konar skírskotun eða eftirlíkingu af fánanum. En þau lög ná jafnframt, eftir því sem við á, til hvers konar skírskotana til eða eftirlíkingu af þjóðfánanum, svo sem áprentana og myndvarpana. „Lögreglan skal hafa eftirlit með þessu og brot gegn lögum þessum varða allt að eins árs fangelsi.“ Bergur segir það hljóti að vera tilviljun að í vikunni voru menn að hnýta í Varnarmálastofnun fyrir að vilja ríghalda í loftvarnagæslu – gagnrýni sem forstjórinn tók óstinnt upp. Á stofnuninni eru 46 fastráðnir starfsmenn en þrátt fyrir það fór Fréttablaðið erindisleysu með eftirgrennslan sína.

Þegar leitað var eftir viðbrögðum við þessum umkvörtunum Bergs var ekki fræðilegur möguleiki að fá samband við forstjóra stofnunarinnar, Ellisif Tinnu Víðisdóttur, né nokkurn annan sem gat verið til svara. Stúlka á símanum sagði að allt væri brjálað að gera vegna komu Bandaríkjamanna. „Fréttamönnum er bent á yfirlýsingu á vefnum og verða að kíkja á það í bili. Það næst ekki í neinn eins og er.“ - jbg



**VEFUR VARNARMÁLASTOFNUNAR** Ef landslögum er fylgt út í hörgul gæti Ellisif Tinna, forstjóri stofnunarinnar, átt yfir höfði sér fangelsisvist allt að ári fyrir brot á fánalögum.



**ELLISIF TINNA**



**LÁRÉTT**
**2.** hróss, **6.** skammstöfun, **8.** kverk, **9.** klastur, **11.** slá, **12.** háspil, **14.** flottur, **16.** tveir eins, **17.** sólunda, **18.** forsögn, **20.** skóli, **21.** hnappur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** klæðaleysi, **3.** klafi, **4.** undirbúningspróf, **5.** skjön, **7.** sjampó, **10.** bar að garði, **13.** raus, **15.** tegund, **16.** kærleikur, **19.** fisk.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lofs, **6.** eh, **8.** kók, **9.** kák, **11.** rá, **12.** tromp, **14.** smart, **16.** áá, **17.** sóa, **18.** spá, **20.** fg, **21.** tala.

**LÓÐRÉTT: 1.** nekt, **3.** ok, **4.** forpróf, **5.** ská, **7.** hársápa, **10.** kom, **13.** mas, **15.** tagi, **16.** ást, **19.** ál.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Hrafns Gunnlaugssonar.
2. Basel frá Sviss.
3. Guðbjartur Hannesson.

**Gefðu vatn**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

JÓHANN G. JÓHANNSSON: NIÐURLÆGÐUR AF HLUSTENDARÁÐI

# Dýrasta lag Jóa G. kemst ekki í spilun á Bylgjunni

„Mér þætti gaman að vita hvernig þeir komast að þessari niðurstöðu miðað við allt ruslið sem maður heyrir á þessari stöð,“ segir hinn virti tónlistarmaður Jóhann G. Jóhannsson. Hann segir farir sínar ekki sléttar í samskiptum við útvarpsstöðina Bylgjuna.

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að Jóhann G. Jóhannsson væri að vinna að sólóplötu sinni og hefur hann þegar sent frá sér eitt lag af henni – Taktu þér tíma - dýrasta lag nánast hálfrar aldar ferils tónlistarmannsins en við sögu kemur rándýr Stradivaríus. Jóhann leitaði eftir því við Bylgjuna að hún tæki lagið til spilunar en segist ekki hafa haft erindi sem erfiði. Hann setti lagið í hendur Rúnari Róbertssyni sem þá tjáði honum að lagið færi ekki í spilun að svo stöddu. Var það eftir að hlustendaráð hafði fjallað um lagið. „Þetta er náttúrulega algjör brandari en samt alvarlegt mál. Þetta gerir mönnum eins og mér erfitt að koma dagskrárefni á framfæri. Við erum að vinna efni sem þeir fá svo að moða úr sér að kostnaðarlausu. Svo fær maður svona kaldar kveðjur.“ Jóhann G. gengur jafnvel svo langt að fullyrða að hann sé með þessu niðurlægður. „Hvað er þetta hlustendaráð? Þetta er auðvitað niðurlæging af verstu tegund. Fyrir tónlistarmenn sem telja sig komna á ákveðinn stall. En ég verð kannski að endurskoða þá afstöðu til sjálfs mín,“ segir Jóhann.

Fréttablaðið leitaði skýringa hjá Bylgjunni. Fyrir svörum varð Ágúst Héðinsson útvarpsstjóri – sem veit vart hvaðan á hann stendur veðrið. Hann vill snúa þessu við og talar um kaldar kveðjur frá Jóhanni. „Ég bara veit ekki hvað maðurinn er að fara. Hann var í viðtali hjá Rúnari, þar sem hann var að kynna plötuna og lagið var spilað. Svo heldur hann þessu fram, nánast nýkominn úr viðtalinu.“ Ágúst útskýrir að í hlustendaráði sitji fimm starfsmenn Bylgjunnar sem hafa með tónlistarstefnuna að gera. „Við tökum lagið fyrir á músíkfundi. Það hefur ekki verið tekin nein endanleg ákvörðun um það, heldur var það sett á „hold“ – og „so what“? Að sjálfsögðu vilja allir koma sínu efni að, hvort sem það er hjá okkur eða öðrum útvarpsstöðum. Sumt hentar okkur – annað ekki. Okkur berst daglega mikið efni sem við förum yfir. Það er ákveðið hlutfall nýrrar tónlistar sem kemst að. Og ef eitt er sett inn dettur annað út. Og þetta þurfa menn bara að meta,“ segir Ágúst Héðinsson. Og telur það fyrirliggjandi og eðli málsins samkvæmt að menn séu ekki alltaf sáttir við þær ákvarðanir sem þarf að taka í þessum efnum.

jakob@frettabladid.is




**ÁGÚST HÉÐINSSON ÚTVARPSSTJÓRI** Veit vart hvaðan á sig stendur veðrið og talar um kaldar kveðjur tónlistarmannsins - nánast nýkomnum úr viðtali.



**JÓHANN G. JÓHANNSSON** Furðar sig mjög á ákvörðun tónlistarráðs Bylgjunnar að setja nýtt lag sitt á salt - og talar um niðurlægingu í því sambandi.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Fréttablaðið sagði frá innbroti hjá kvikmyndaleikstjóranum **Hrafni Gunnlaugssyni** og höfðu þjófarnir með sér á brott ómetanleg verðmæti í formi hugverka sem engum koma að gagni nema Hrafni. Ýmsir munir hurfu auk Olískorts og Hrafn sér kómískan flöt á þessu annars leiðindamáli. Hann segir svo frá að Olísmenn hafi sett sig í samband við hann í kjölfar innbrotsins og spurt hverju skyndileg og ótæpileg bensínnotkun hans sætti … Hvort hann væri farinn að reka sendibílastöð? Þá höfðu þjófarnir straujað af korti Hrafns á annað hundrað þúsund krónur. Hrafn sá sér leik á borði og spurði hvort þessir bensínmenn hefðu nokkuð náðst á öryggismyndavélar. Og á eftir að heyra frá olíufélaginu hvað varðar þá spurn.



Icelandair kynnti áætlunarflug til Seattle með látum á dögunum og fór flokkur manna, fjölmiðlamenn og snillingurinn **Mugison**, til að skoða sig um á nýjum slóðum á vegum flugfélagsins. Öðru vísi mönnum áður brá því rokkstjörnunni og stuðpinnanum Mugison þótti nóg um gleðina sem ríkti meðal nokkurra fjölmiðlamanna á leiðinni og kvartaði undan því að fá ekki sinn svefn í flugvélinni. - jbg

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
GLÆNÝ LÚÐA
VILLTUR LAX
STÓR HUMAR
opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00

# Víkingur leitar út í náttúruna

„Þetta er mjög einföld saga. Maður heldur út í náttúruna að leita að einhverju sem hann heldur að hann þurfi,“ segir Hákon Pálsson um stuttmynd sem hann tekur upp í vikunni. Í aðalhlutverki er Víkingur Kristjánsson, en með aukahlutverk fara Ævar Þór Benediktsson og Laufey Elíasdóttir. Stefnt er að frumsýningu í september.

„Hugmyndin kemur frá verkamanninum sem hljóp upp á Esjuna en fannst daginn eftir gegnfreðinn. En við breytum sögunni, staðfærum og lögum til fyrir þessa mynd. Við bjuggum til nýjan karakter. Mig langaði ekkert að gera félagslega ádeilumynd. Mér fannst hugmyndin nógu geggjuð til að geta staðið sjálf. Víkingur er bara búinn að gera þennan karakter að sínum.“

Myndin er búin til fyrir nær enga fjármuni. „Þetta er pínulítil indí-mynd sem kostar ekki neitt. Við erum bara að hóa saman vinum sem eru að hjálpa okkur og vorum í gær að reka kindur, þetta er bara eins einfalt og það verður.“ Kindurnar voru þó ekki reknar í fjáröflunarskyni heldur reynir persóna Víkings að veiða eina í myndinni. „Ég vona að ég hafi ekki gert bóndanum mikinn óleik,“ segir Hákon.

Hákon hefur starfað að kvikmyndagerð um skeið, aðallega fyrir True North og Pegasus. Þar áður var hann ljósmyndari fyrir Reykjavík Mag og gaf út bókina (M)orð og myndir. Áhugasamir geta séð dansmynd eftir Hákon, Rósu Ómarsdóttur og Köru Hergilsdóttur á Bakkusi 14. ágúst. -kbs



**LEIKSTÝRIR OG SKRIFAR** Hákon gerir stuttmynd með Víkingi Kristjáns.



*Góðir landsmenn!*

# Hljómsveitin Buff kemur úr sumarfríi

*Alla verslunarmannahelgina!*

| | |
|---|---|
| *31. júlí* | **Síldarævintýri á Siglufirði** |
| *01. ágúst* | **Players Kópavogi** |
| *02. ágúst* | **Neistaflug á Neskaupstað** |
| *06. ágúst* | **Rósenberg Reykjavík** |
| *07. ágúst* | **Rósenberg Reykjavík** |

Hljómsveitin Buff heldur inn í veturinn af miklum krafti eftir að hafa legið undir sæng í mánuð. Sveitin þeysist landshluta á milli alla verslunarmannahelgina og lætur fátt stoppa sig.

Þar á meðal á Siglufirði í fyrsta sinn í sögu hljómsveitarinnar!

Dagana 6. og 7. ágúst mun hljómsveitin Buff halda í fyrsta sinn í Reykjavík, órafmagnaða tónleika á veitingahúsinu Rósenberg á Klapparstíg.

Þetta er viðburður sem fæstir ættu að láta sig vanta á. Buff mun leika mikið af sínu eigin efni í bland við uppáhaldslög sveitarinnar í gegnum tíðina.

**MIÐAVERÐ AÐEINS 1000 ISK!**

www.myspace.com/buffid
www.facebook.com/buffid

*Hlökkum til að sjá ykkur í allan vetur!*

prime
UMBOÐSSKRIFSTOFA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**


Spurning helgarinnar!
**Ert þú Hermikráka í Hermikrákuheiminum!?**



**BAKÞANKAR**
Brynhildar Björnsdóttur

## *Hvar er tjaldið?*

Verslunarmannahelgin er sambland af uppskeruhátíð og karnivali.

**SUMARIÐ** er búið að sýna hvað það hafði fram að færa og fjólubláu draumarnir frá því í vor hafa ýmist ræst eða eru orðnir að grábrúnum vonbrigðum. Kannski eru síðustu forvöð að láta eitthvað gerast? Um verslunarmannahelgina finnst sumum að allt sé leyfilegt; heilu bæjarfélögin og eyþjóðirnar eru lagðar undir gesti og gangandi sem koma til að skemmta sér, eyða peningum og sleppa fram af sér beislinu.

**HEIMAMENN** taka á móti þeim af festu og æðruleysi, selja þeim pylsur, ljóssprota, kanínueyru, derhúfur sem klappa með dósir á kollinum og boli sem stendur á „Þú ert hér 2009“. Hér eru nokkur heilræði:

**DREKKTU** eins og þú þurfir að gera eitthvað mjög þýðingarmikið daginn eftir. Sem er satt. Það er ekkert varið í að fara yfir hálft landið til að skemmta sér eitt kvöld og vera síðan ónýtur það sem eftir lifir helgar.

**SYNGDU** eins og þér liggi allur heimurinn á hjarta. Söngur veitir gríðarlega útrás, stuðlar bæði að samkennd og sálarró og yfirleitt er boðið upp á skipulagðan söng í samfélagi við aðra.

**KEYRÐU** eins og þú og þínir nánustu séu í öllum hinum bílunum.

**GERÐU** það sem þú vilt svo framarlega sem það bitnar ekki á neinum öðrum. Það er ekkert mál að njóta lífsins án þess að troða á rétti annarra og það getur verið mjög orkufrekt að standa í ófriði við umhverfið. Þá orku er miklu betra að nota til að skemmta sér.

**VERTU** í stuði. Það kostar ekki neitt, gleður fólkið í kringum þig og gerir helgina miklu, miklu skemmtilegri. Munurinn á því að láta orð og gjörðir annarra eða óviðráðanlega þætti eins og veðrið fara í taugarnar á sér eða að leiða það hjá sér og halda áfram í sínum góða fíling er það sem helgin stendur eða fellur með.

**MUNDU** að þetta er verslunarmannahelgin og að mánudagurinn er frídagur verslunarmanna. Það er verslunarmönnum að þakka að þú átt frí og getur farið hvert á land sem er að skemmta þér. Það er auðvitað dálítið fáránlegt að verslunarmenn skuli vera þeir sem hvað helst þurfa að vinna þessa helgi en einmitt þess vegna er skylda nú, sem aldrei fyrr, að koma fram við þá af virðingu.

**ÓSKAÐU** verslunarmönnum til hamingju með daginn á mánudaginn.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 31. júlí 2009, 212. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.32 | 13.34 | 22.34 |
| Akureyri | 3.59 | 13.19 | 22.36 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


